

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2016/1628

2020/EES/29/17

frá 14. september 2016

um kröfur varðandi losunarmörk mengandi lofttegunda og efnisagna og gerðarviðurkenningu brunahreyfla fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega, um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1024/2012 og (ESB) nr. 167/2013 og um breytingu og niðurfellingu tilskipunar 97/68/EB (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins (1),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð (2),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Innri markaðurinn myndar svæði án innri landamæra þar sem tryggja verður frjálsa vöruflutninga, frjálsa för fólks, frjálsa þjónustustarfsemi og frjálsa fjármagnsflutninga. Í því skyni var, með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/68/EB (3), komið upp ráðstöfunum til að draga úr loftmengun frá hreyflum sem eru ætlaðir til uppsetningar í færanlegum vélbúnaði til nota utan vega. Rétt er að leggja rækt við þróun og starfsemi innri markaðar Sambandsins.
- 2) Innri markaðurinn ætti að byggjast á gagnsæjum, einföldum og samræmdum reglum sem veita réttarvissu og skýrleika sem geta gagnast bæði fyrirtækjum og neytendum.
- 3) Ný stjórnsýslunálgun hefur verið innleidd að því er varðar löggjöf Sambandsins um gerðarviðurkenningu hreyfla í þeim tilgangi að einfalda og hraða samþykkt slíkrar löggjafar. Samkvæmt þessari nálgun setur löggjafinn fram grundvallar- og meginreglur og veitir framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir og framkvæmdargerðir varðandi nánari tæknileg atriði. Að því er varðar efnislegar kröfur ætti því í þessari reglugerð einungis að mæla fyrir um grundvallarákvæði um losun mengandi lofttegunda og efnisagna og gerðarviðurkenningu fyrir brunahreyfla fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega og ætti að heimila framkvæmdastjórninni að mæla fyrir um tækniforskriftirnar í framseldum gerðum og framkvæmdargerðum.
- 4) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 (4) var komið á regluramma um viðurkenningu á og markaðseftirliti með ökutækjum fyrir landbúnað og skógrækt. Í ljósi líkinda milli sviðanna og að reynslan af beitingu reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 er jákvæð ætti að taka tillit til margra af þeim réttindum og skyldum sem komið var á með þeirri reglugerð að því er varðar færanlegan vélbúnað til nota utan vega. Mikilvægt er þó að aðskilinn bálkur reglna sé samþykktur til að taka fullt tillit til sértækra þarfa sem tengjast hreyflum fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 252, 16.9.2016, bls. 53. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/2020 frá 20. mars 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Álit efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins frá 18. febrúar 2015 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 5. júlí 2016 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 18. júlí 2016.

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/68/EB frá 16. desember 1997 um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum (Stjtið. EB L 59, 27.2.1998, bls. 1).

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 frá 5. febrúar 2013 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með ökutækjum fyrir landbúnað eða skógrækt (Stjtið. ESB L 60, 2.3.2013, bls. 1).

- 5) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/42/EB ⁽¹⁾ eru settar fram grunnkröfur um heilsu og öryggi í tengslum við hönnun og framleiðslu í því skyni að bæta öryggi véla sem settar eru á markað. Í þeirri tilskipun eru þó ekki settar fram kröfur um losun mengandi lofttegunda og efnisagna frá hreyflum fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega. Þess vegna ætti að mæla fyrir um tiltekna sértækar skuldbindingar fyrir framleiðendur færanlegs vélbúnaðar til nota utan vega til að tryggja að uppsetning hreyfla í slíkum vélbúnaði sé framkvæmd þannig að það hafi ekki slæm áhrif á hreyfilafköst að því er varðar losun mengandi lofttegunda og efnisagna. Tiltekna skuldbindingar sem varða ákveðna þætti losunarmarkna fyrir mengandi lofttegundir og efnisagnir úr hreyflum fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega eru einnig nauðsynlegar til að tryggja markvirkni losunarmarkna fyrir hreyfla sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
- 6) Þessi reglugerð ætti að innihalda efnislegar kröfur sem varða losunarmörk og ESB-gerðarviðurkenningaráðferðir fyrir hreyfla fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega. Helstu þættir viðeigandi krafna í þessari reglugerð eru byggðir á niðurstöðum áhrifamats frá 20. nóvember 2013 sem framkvæmdastjórnin annaðist, þar sem hinir mismunandi valkostir voru greindir með því að telja upp hugsanlega kosti og galla út frá efnahagslegum, umhverfislegum, öryggis- og félagslegum þáttum og með tilliti til áhrifa á heilbrigði. Bæði eigindlegir og megingdlegir þættir voru teknir með í þeirri greiningu.
- 7) Í því skyni að tryggja starfsemi innri markaðarins ætti í þessari reglugerð að mæla fyrir um samræmdar reglur fyrir ESB-gerðarviðurkenningu á hreyflum fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega. Því ætti að koma á nýjum losunarmörkum og beita þeim að því er varðar hreyfla fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega, sem og vélbúnað til nota í landbúnaði og skógrækt, til að endurspeglar tæknilegar framfarir og til að tryggja samleitni við stefnur Sambandsins er varða umferð á vegum. Koma ætti á nýju losunarmörkunum með það fyrir augum að ná fram markmiðum Sambandsins um loftgæði og að minnka losun frá færanlegum vélbúnaði til nota utan vega og frá landbúnaðar- og skógræktarökutækjum, sem þannig minnkar hlutfall losunar frá færanlegum vélbúnaði til nota utan vega samanborið við losun frá ökutækjum á vegum. Breikka ætti gildissvið löggjafar Sambandsins á þessu sviði til samræmis við þetta með það fyrir augum að bæta samhæfingu markaðarins á vettvangi Sambandsins og á alþjóðavettvangi og að lágmarka áhættuna á röskunum á markaði og skaðlegum áhrifum á heilbrigði.
- 8) Til viðbótar við að breikka gildissvið löggjafar Sambandsins á sviði samhæfingar markaðarins samhliða því að lágmarka hættuna á röskunum á markaði miðar þessi reglugerð að því að einfalda núverandi lagaramma, þ.m.t. með ráðstöfunum til að einfalda stjórnsýslumeðferð, ásamt því að bæta almennu skilyrðin fyrir framfylgd slíkrar löggjafar, einkum með því að efla reglur um markaðseftirlit.
- 9) Í hvítbók framkvæmdastjórnarinnar frá 28. mars 2011 „Vegvísir að samevrópsku flutningasvæði — í átt að samkeppnishæfu og auðlindanýtnu flutningakerfi“ er lögð áhersla á það tiltekna hlutverk sem járnbrautir og skipengar vatnaleiðir munu gegna til að loftlagsmarkmiðum verði náð. Þar sem samanburður á árangri þessara flutningsmáta við önnur svið er óhagstæður með tilliti til bættra loftgæða ættu framkvæmdastjórnin og yfirvöld aðildarríkja, innan viðkomandi valdsviða þeirra, að bjóða upp á mismunandi leiðir til að styðja við nýsköpun í losunartækni til að sú viðvarandi aukning í magni farms sem fluttur er með járnbrautum eða eftir skipgengum vatnaleiðum fari saman við bætt loftgæði í Evrópu.
- 10) Kröfurnar að því er varða hreyfla fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega ættu að fylgja meginreglunum sem mælt er fyrir um í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 5. júní 2002 sem ber yfirskriftina „aðgerðaráætlunin „Einföldun og umbætur á lagaumhverfinu““.
- 11) Í sjöundu almennu aðgerðaáætlun Sambandsins á sviði umhverfismála eins og hún var samþykkt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1386/2013/ESB ⁽²⁾ er minnt á að Sambandið hefur samþykkt að ná fram loftgæðum sem valda hvorki umtalsverðum neikvæðum áhrifum né áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið. Sett hafa verið fram í löggjöf Sambandsins viðeigandi losunarmörk fyrir gæði andrúmslofts til heilsuverndar manna, þá einkum viðkvæmra

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/42/EB frá 17. maí 2006 um vélarbúnað og um breytingu á tilskipun 95/16/EB (Stjtið. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 24)

⁽²⁾ Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1386/2013/ESB frá 20. nóvember 2013 um að koma á fót almennri aðgerðaáætlun Sambandsins á sviði umhverfismála til ársins 2020 „Gott líf innan marka plánetunnar okkar“ (Stjtið. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 171).

einstaklinga, og einnig fyrir landsbundin efri mörk losunar⁽¹⁾. Í kjölfar orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar frá 4. maí 2001, þar sem komið var á fót áætluninni Hreint loft í Evrópu (CAFE), samþykkti framkvæmdastjórnin aðra orðsendingu hinn 21. september 2005 sem ber titilinn „Þemaáætlun um loftmengun“. Ein niðurstaða þeirrar þemaáætlunar er sú að draga þurfi enn frekar úr losun í flutningageiranum (flutningar í lofti, á sjó og á landi), frá heimilum og orkugeiranum, landbúnaði og iðnaði til að ná markmiðum Sambandsins um loftgæði. Í því sambandi ætti að líta á minnkun losunar frá hreyflum fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega sem hluta af heildaráætlun. Nýju losunarmörkin, sem nefnast „V. áfangi“, eru ein af þeim ráðstöfunum sem hannaðar eru til að draga úr núverandi losun á loftmengunarefnum við notkun, svo sem mengandi efnisögnum, ásamt forefnum ósons, s.s. köfnunarefnisoxíðum (NO_x) og vetniskolefnum.

- 12) Hinn 12. júní 2012 endurflokkaði Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, gegnum Alþjóðakrabbameinsrannsóknastofnun sína, losun með útblæstri úr dísilhreyflum í „hefur krabbameinsvaldandi áhrif á menn“ (flokkur 1), byggt á nægum vísendingum um að váhrifin tengist aukinni hættu á lungnakrabbameini.
- 13) Til að ná fram úrbótum á loftgæðum í Sambandinu og ná markmiðum þess varðandi verndun andrúmslofts með sjálfbærum hætti héðan í frá og fram til 2020 og lengur er þörf á viðvarandi viðleitni til að draga úr losun frá mismunandi tegundum hreyfla. Því ætti fyrirfram að veita framleiðendum skýrar og ítarlegar upplýsingar um framtíðarviðmiðunarmörk fyrir losun og ættu þeir að fá viðeigandi tíma til að hlíta þeim og stefna að nauðsynlegri tækniþróun.
- 14) Þegar sett eru losunarmörk er mikilvægt að hafa í huga áhrif þeirra á samkeppnishæfni markaða og framleiðenda, beinan og óbeinan kostnað sem fyrirtæki verða fyrir og ávinninginn að því er varðar örvun nýsköpunar, bætt loftgæði, minnkandi heilbrigðiskostnað og lengri lífslíkur.
- 15) Minnkun losunar frá hreyflum með sjálfbærum hætti krefst stöðugrar aukningar beins samstarfs milli framleiðenda og tengdra fyrirtækja annars vegar og viðurkenndra rannsóknarstofnana á sviði vísinda hins vegar. Slíkt samstarf gegnir mikilvægu hlutverki í þróun nýrra framleiðsluvara og tækniáferða sem stuðla á jákvæðan hátt að því að bæta loftgæði.
- 16) Losun frá hreyflum færanlegs vélbúnaðar til nota utan vega er verulegur hluti af allri manngerðri losun tiltekinnna skaðlegra loftmengunarefna. Hreyflar sem skapa verulegt hlutfall loftmengunar af völdum köfnunarefnisoxíða og efnisagna ættu að falla undir nýju losunarmörkin.
- 17) Nota ætti tiltæka tækni til að lágmarka losun til þess að tryggja besta verndarstig fyrir einstaklinga sem starfa nálægt vélbúnaði og til að halda í lágmarki þeim uppsöfnuðu váhrifum sem einstaklingar sem starfa nálægt mörgum mismunandi tækjum og færanlegum vélbúnaði verða fyrir.
- 18) Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með losun sem enn hafa ekki verið settar reglur um og sem stafa af útbreiddari notkun nýrra tegunda eldsneytis, nýrrar hreyfiltækni og nýrra mengunarvarnarkerfa. Ef nauðsyn krefur ætti framkvæmdastjórnin að leggja tillögu fyrir Evrópuþingið og ráðið með það fyrir augum að setja reglur um slíka losun.
- 19) Nauðsynlegt er að hvetja til innleiðingar hreyfla fyrir óhefðbundið eldsneyti sem geta losað lítið magn af köfnunarefnisoxíði og mengandi efnisögnum. Því ætti að aðlaga viðmiðunarmörk fyrir heildarvetniskolefni til að taka tillit til losunar vetniskolefna, annara en metans, og losunar metans.
- 20) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á réttindi aðildarríkja til að mæla fyrir um, í samræmi við sáttmálana, þær kröfur sem þau telja nauðsynlegar til að tryggja að almenningur og launafólk njóti verndar þegar færanlegur vélbúnaður til nota utan vega, sem um getur í þessari reglugerð, er í notkun, að því tilskildu að slíkar kröfur hafi ekki áhrif á að settir séu á markað hreyflar fyrir slíkan vélbúnað.

(1) Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1600/2002/EB frá 22. júlí 2002 um sjöttu aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði umhverfismála (Stjút. EB L 242 10.9.2002, bls. 1) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/50/EB frá 21. maí 2008 um gæði andrúmslofts og hreina loft í Evrópu (Stjút. EB L 152, 11.6.2008, bls. 1)

- 21) Til að tryggja að losun á mjög fíngræðum mengandi efnisögnum (0,1 µm og minni) sé takmörkuð ætti framkvæmdastjórnin að hafa vald til að samþykkja aðferð sem miðast við fjölda mengandi efnisagna, til viðbótar aðferðinni sem nú er notuð og miðast við massa þeirra. Aðferðin sem miðast við fjöldann ætti að vera byggð á niðurstöðum agnamælingakerfis efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (UNECE) og vera í samræmi við metnaðarfullu umhverfismarkmiðin sem í gildi eru.
- 22) Til að ná þessum almennu umhverfismarkmiðum þykir rétt að takmarkanirnar á fjölda agna sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð séu líklegar til að endurspeglar hæstu stig frammistöðu sem agnasúr ná nú með notkun bestu fánlegrar tækni.
- 23) Með hliðsjón af löngum endingartíma færanlegs vélbúnaðar til nota utan vega þykir rétt að fhuga að setja endurbótarhluti í hreyfla sem þegar eru í notkun. Slík ísetning endurbótarhluta ætti einkum að beinast að mjög þéttbýlum þéttbýlissvæðum sem leið til að aðstoða aðildarríki við að hlíta löggjöf Sambandsins um loftgæði. Til að tryggja sambærilegt og metnaðarfullt stig ísetningar endurbótaíhluta ættu aðildarríki að taka tillit til meginreglnanna í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 132.
- 24) Eftir því sem við á og þegar tækni er samvinnuð ætti að leitast eftir samlegðaráhrifum milli minnkunar á losun mengandi lofttegunda og efnisagna frá hreyflum fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega og losunarmarkna sem eiga við um þung ökutæki. Slík aðgerð getur hjálpað til við að bæta stærðarhagkvæmni og bæta loftgæði.
- 25) Framkvæmdastjórnin ætti að samþykkja prófunarlotur sem eru samræmdar á heimsvísu í þeim prófunaraðferðum sem mynda grunninn að reglugerðum ESB um gerðarviðurkenningar með tilliti til losunar. Einnig skal huga að notkun færanlegra mælikerfa fyrir losun til að vakta raunverulega losun við notkun.
- 26) Til að fjalla um raunverulega losun við notkun og til að undirbúa prófun samræmis ökutækja í notkun ætti, innan viðeigandi tímaramma, að samþykkja aðferðafræði við prófun til að fylgjast með að farið sé að kröfum um mengunarvarnargetu vegna losunar sem byggja á notkun færanlegra mælikerfa fyrir losun.
- 27) Eðlileg starfsemi eftirmeðferðarkerfisins fyrir útblástursloft, einkum þegar um er að ræða köfnunarefnisoxíð, er nauðsynleg til að farið sé að settum mörkum fyrir losun mengandi efna. Í þessu samhengi ætti að kynna ráðstafanir sem miða að því að tryggja eðlilega virkni eftirlitsmeðferðarkerfa fyrir útblástursloft sem eru háð notkun hvers konar sjálfbrotandi eða óendurnýtanlegra hvarfmiðla.
- 28) Færanlegar slökkvidælar eru nauðsynlegar í tilteknum tegundum neyðarástands þar sem ekki er aðgangur að vatnsveitum í gegnum leiðslur. Uppsetning eftirmeðferðarkerfis fyrir útblástursloft í hreyflum fyrir slíkan vélbúnað myndi hins vegar auka þyngd hans og ganghita að því marki að það mundi skapa notandanum hættu og gera það að verkum að ómögulegt yrði að halda á honum. Færanlegar slökkvidælar ættu því að falla utan gildissviðs þessarar reglugerðar.
- 29) Breytingar á hreyfli, eins og að gera eftirmeðferðarkerfið fyrir útblástursloft óvirkt, eða auka kraft þess, gætu haft alvarlegar afleiðingar fyrir mengunarvarnargetu og endingu hreyfilsins. Lögáðilar sem framkvæma slíkar breytingar ættu þess vegna að bera ábyrgð á því að tryggja að viðeigandi losunarmörk séu virt.
- 30) Leyfilegt ætti að vera að setja á markað í aðildarríkjum hreyfla sem falla undir og uppfylla nýju reglurnar um losunarmörk og ESB-gerðarviðurkenningaraðferðir sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Slíkir hreyflar ættu ekki að vera háðir neinum öðrum landsbundnum kröfum um losun að því er varðar að setja þá á markað. Þetta ætti ekki að hafa áhrif á þann rétt aðildarríkja að hvetja til eða takmarka notkun á hreyflum sem þegar hafa verið settir á markað, að því tilskildu að viðmiðanirnar sem gilda hafi ekki mismunur í för með sér og séu rökstuddar á hlutlægan hátt. Aðildarríki sem veita ESB-gerðarviðurkenningar ættu að gera sannprófunarráðstafanir til að tryggja að hægt sé að sanngreina hreyfla sem framleiddir eru samkvæmt ESB-gerðarviðurkenningaraðferðum.
- 31) Hreyflar ætlaðir til útflutnings og til notkunar á vegum heraflla ættu ekki að vera háðir þeim losunarmörkum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Þó ætti í tilteknum tilvikum að krefjast merkinga til að aðgreina slíka hreyfla frá hreyflum sem eru háðir slíkum losunarmörkum.

- 32) Til að taka tillit til skipulagslegra takmarkana á framboði og gera ráð fyrir tímastilltu framleiðsluflæði og til að forðast óþarfa kostnað og stjórnsýsluálag ætti að heimila framleiðanda, með samþykki framleiðanda upprunalegs búnaðar, að afhenda hreyfil og eftirmeðferðarkerfi hans sitt í hvoru lagi.
- 33) Færanlegur vélbúnaður til nota utan vega er stundum notaður við jaðarskilyrði sem fela í sér áhættur gagnvart lífi eða heilsu, eða að gerðar eru til hans mjög strangar tæknilegar kröfur. Í ljósi þessara tilteknu aðstæðna og þar sem hreyflar fyrir slíkan færanlegan vélbúnað til nota utan vega eru hlutfallslega fáir, ætti að veita tilteknar undanþágur frá kröfunum um losunarmörk sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, að því er varðar hreyfla sem hugsaðir eru til nota í hugsanlega sprengifimur lofti og í sjósetningarökutækjum fyrir björgunarbáta.
- 34) Til þess að gera framleiðendum kleift að framkvæma vettvangsprófanir, sem eru fastur hluti af þróunarferli hreyfla, ætti að leyfa að setja tímabundið á markað hreyfla sem hafa ekki hlotið ESB-gerðarviðurkenningu. Einnig ætti að vera leyfilegt að veita undanþágur fyrir því að setja tímabundið á markað hreyfla í þeim tilgangi að vettvangsprófa frumgerðir.
- 35) Með tilliti til langtímaverkefna í járnbrautargeiranum sem krefjast mikilla fjárfestinga ætti að veita undanþágu, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/57/EB ⁽¹⁾, fyrir hreyfla sem eru hluti af verkefnum sem hófust fyrir þann dag sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda og sem eru langt komin í þróunarferlinu.
- 36) Nauðsynlegt er að hindra ekki tækniþróun að því er varðar mengunarvarnagetu hreyfla fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega með kröfum sem ekki er nú þegar kveðið á um í fyrirbyggjandi stjórnsýslumeðferðum fyrir gerðarviðurkenningar. Þess vegna er nauðsynlegt að gera ráð fyrir tilteknum undantekningum og reglum sem varða hreyfla sem fela í sér nýja tækni eða hugmyndir.
- 37) Framleiðendur upprunalegs búnaðar sem framleiða takmarkaðan fjölda eininga á ári standa frammi fyrir miklum áskorunum þegar endurhanna á flota þeirra innan staðlaða umbreytingartímabilsins. Þessir framleiðendur eru yfirleitt lítil og meðalstór fyrirtæki sem hafa takmarkaða verkfræðilega afkastagetu og fá oft upplýsingar varðandi framtíðarskref er varða hreyfla seinna en aðrir framleiðendur upprunalegs búnaðar. Þetta á sérstaklega við um framleiðendur landbúnaðarvéla, sem framleiða takmarkaðan fjölda eininga á hverju ári, sem myndu standa frammi fyrir verulegri skipulagslegri áskorun við umskiptin yfir í V. áfanga losunarmarkna. Því er nauðsynlegt að kveða á um sértækar reglur að því er varðar slík tilvik.
- 38) Leyfilegt ætti að vera að setja hreyfla á markað til þess að koma í stað hreyfla sem þegar eru uppsettir í færanlegum vélbúnaði til nota utan vega og sem uppfylla vægari losunarmörk en þau sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð til þess að gera framleiðendum kleift að uppfylla ábyrgðarskuldbindingar sínar og tryggja nægilegt aðgengi að slíkum vélum á mörkuðum.
- 39) Samkvæmt núgildandi mati þarf að skipta út fjölda breiðspora eimreiða milli 2016 og 2025. Eimreiðar með öflugra hreyfla sem henta fyrir 1520 mm járnbrautarnet eru ekki í boði á markaði Sambandsins. Sérsmíðaðar lausnir myndu verulega auka verð nýrrar eimreiðar og mundu aftra rekstraraðilum járnbrauta frá því að endurnýja flota sína. Taka ætti tillit til tæknilegra og efnahagslegra takmarkana 1520 mm járnbrautarnetsins í ESB-gerðarviðurkenningaraðferðum. Til að auðvelda og flýta fyrir að gera járnbrautargeirann grænni í aðildarríkjum sem verða fyrir áhrifum af þessu og til að stuðla að notkun þeirrar bestu tækni sem nú er fánleg á markaðnum ætti að veita tímabundnar undanþágur frá tilteknum kröfum að því er varðar slíkar eimreiðar í járnbrautarnetinu. Slík undanþága gæti leitt til þess að dregið yrði úr áhrifum umferðar járnbrauta á umhverfið.
- 40) Baðmullarframleiðsla innan Sambandsins takmarkast við mjög fá aðildarríki. Sökum mikils kostnaðar vegna nýrra uppskeruvéla fyrir baðmull og til að forðast að leggja aukna fjárhagslega byrði á baðmullarframleiðslugeirann sem myndi frekar ógna fjárhagslegri hagkvæmni hans ætti að veita rekstraraðilum aðgang að breiðu úrvali notaðra uppskeruvéla fyrir baðmull. Því ættu aðildarríki að eiga þann möguleika að setja, til takmarkaðs tíma, landslög um hreyfla sem eru uppsettir í slíkum vélum.

(1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/57/EB frá 17. júní 2008 um rekstrarsamhæfi járnbrautakerfisins í Bandalaginu (Stjtið ESB L 191, 18.7.2008, bls. 1).

- 41) Í tengslum við markaðseftirlit ætti í þessari reglugerð að leggja skyldur á innlend yfirvöld sem eru sértækari en samsvarandi skyldur sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 ⁽¹⁾.
- 42) Til að tryggja að aðferðinni við eftirlit með samræmi framleiðslu, sem er einn af hornsteinum gerðarviðurkenningarkerfis Sambandsins, sé beitt á réttan hátt og að hún uppfylli hlutverk sitt ætti tilnefnt lögbært yfirvald eða tæknipjónusta með tilskilin réttindi, sem tilnefnd er í þeim tilgangi, að hafa reglulegt eftirlit með framleiðendum.
- 43) Sambandið er aðili að samningi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um samþykkt samræmdra tækniforskrifta fyrir ökutæki á hjólum, búnað og hluti sem heimilt er að festa og/eða nota í ökutæki á hjólum og gekk að skilyrðunum fyrir gagnkvæmri viðurkenningu viðurkenninga sem eru veittar á grundvelli þessara forskrifta („endurskoðaður samningur frá 1958“). Af þeim sökum ætti að viðurkenna þær viðurkenningar sem veittar eru samkvæmt reglugerðum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu, ásamt breytingum á þeim, sem Sambandið hefur samþykkt eða gerst aðili að í tengslum við beitingu ákvörðunar ráðsins 97/836/EB ⁽²⁾, sem jafngildar ESB-gerðarviðurkenningum sem veittar eru samkvæmt þessari reglugerð. Til að tryggja samkvæmni og samhæfingu milli löggjafar Sambandsins og löggjafar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu ætti framkvæmdastjórnin því að hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir til að ákvarða hvaða reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu eigi að gilda um ESB-gerðarviðurkenningar.
- 44) Til að bæta frekari tæknilegum upplýsingum við þessa reglugerð ætti framkvæmdastjórnin að hafa vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar vöktun á mengunarvarnargetu í notkun, tæknilegum prófunum og mæliaðferðum, samræmi framleiðslu, aðskilda afhendingu eftirmeðferðarkerfa fyrir útblástursloft hreyfla, hreyfla ætlaða til vettvangsprófana, hreyfla til nota í sprengifimu lofti, jafngildi ESB-gerðarviðurkenninga fyrir hreyfla, upplýsingar handa framleiðendum upprunalegs búnaðar og endanlegum notendum, og á stöðlum og mati á tæknipjónustum. Einkar mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana frá 13. apríl 2016 um betri lagasetningu ⁽³⁾. Til að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða skulu Evrópuþingið og ráðið taka við öllum gögnum um leið og sérfræðingar aðildarríkjanna, og sérfræðingar þeirra skulu fá kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.
- 45) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar skal framkvæmdastjórninni falið framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽⁴⁾.
- 46) Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum á þessari reglugerð og tryggja að þeim sé framfylgt. Þessi viðurlög ættu að vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif.
- 47) Með það í huga að tekið sé tillit til áframhaldandi tækniframfara og nýjustu niðurstaðna á sviðum rannsókna og nýsköpunar ætti að greina frekari möguleika til að skerða losun mengandi efna frá hreyflum sem þegar eru uppsettir í færanlegum vélbúnaði til nota utan vega. Áhersla slíks mats ætti að beinast að þeim flokkum hreyfla sem falla í fyrsta sinn innan gildissviðs þessarar reglugerðar og að þeim flokkum þar sem viðmiðunarmörk fyrir losun haldast óbreytt samkvæmt þessari reglugerð.

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 339/93 (Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30).

(2) Ákvörðun ráðsins 97/836/EB frá 27. nóvember 1997 með hliðsjón af aðild Evrópubandalagsins að samningi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um samþykkt samræmdra tækniforskrifta fyrir ökutæki á hjólum, búnað og hluta sem heimilt er að festa og/eða nota í ökutæki á hjólum og með hliðsjón af aðild að samningnum og skilyrðunum um gagnkvæma viðurkenningu á viðurkenningum sem eru veittar á grundvelli þessara forskrifta („endurskoðaður samningur frá 1958“) (Stjtið. EB L 346, 17.22.1997, bls. 78).

(3) Stjtið. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

- 48) Sértæk viðmiðunarmörk, prófunaraðferðir og kröfur um losun mengandi efna sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð ættu einnig að gilda um hreyfla fyrir dráttarvélar fyrir landbúnað og skógrækt sem falla undir reglugerð (ESB) nr. 167/2013. Með tilliti til þeirra sameiginlegu áhrifa sem hljóta af frestun IV. áfangans fyrir landbúnaðardráttarvélar í flokkum T2, T4.1 og C2 og gildistöku daga V. áfanga mundi IV. áfangi, að því er varðar aflsviðið 56-130 kW, hafa mjög stuttan gildistíma. Til þess að forðast óskilvirkni og óþarfa álag ætti að fresta skyldubundnum gildistöku daga IV. áfanga ESB-gerðarviðurkenningarinnar um eitt ár og auka sveigjanleikann á viðeigandi hátt. Umbreytingarákvæðin í þessari reglugerð sem varða kröfur um beitingu V. áfanga ættu enn fremur að gilda um hreyfla í III. áfanga B. Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 167/2013 og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/96 ⁽¹⁾ til samræmis við það.
- 49) Í þágu skýrleika, fyrirsjáanleika, skynsemi og einföldunar og til að draga úr álagi á framleiðendur hreyfla og færanlegs vélbúnaðar til nota utan vega ætti þessi reglugerð aðeins að innihalda takmarkaðan fjölda framkvæmdaráfanga til innleiðingar nýrra losunarmarka og ESB-gerðarviðurkenningaraðferða. Skilgreining krafna með tímanlegum hætti er nauðsynleg til að tryggja nægilegan frest fyrir framleiðendur til að þróa, prófa og koma í notkun tæknilausnum fyrir hreyfla sem framleiddir eru í framleiðsluröðum og fyrir framleiðendur og viðurkenningaryfirvöld til að koma upp nauðsynlegum stjórnunarkerfum.
- 50) Tilskipun 97/68/EB hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum. Til að tryggja skýrleika, fyrirsjáanleika, skynsemi og einföldun ætti að fella þá tilskipun úr gildi og í hennar stað koma reglugerð og takmarkaður fjöldi framseldra gerða og framkvæmdargerða. Samþykkt reglugerðar tryggir að ákvæði hennar gilda beint, einkum um framleiðendur, viðurkenningaryfirvöld og tæknipjónustur, ásamt því að þeim má breyta mun skjótar og skilvirkar til að taka betur tillit til tækniframfara.
- 51) Því ætti að fella úr gildi tilskipun 97/68/EB frá og með dagsetningu sem myndi gefa atvinnugreininni nægan tíma til aðlögunar að þessari reglugerð og að tækniforskriftunum og stjórnáskrákvæðunum sem mælt verður fyrir um í framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem eru samþykktar samkvæmt henni.
- 52) Tilskipun 97/68/EB veitir ekki undanþágu fyrir hreyfla fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega sem ætlaðir eru til nota í hugsanlega sprengifimu lofti. Til að hafa hliðsjón af þeim ströngu tæknilegu kröfum sem nauðsynlegar eru fyrir notkunaryrðyggis slíkra hreyfla ætti að breyta tilskipun 97/68/EB til að leyfa undanþágur fyrir slíka hreyfla sem beita ætti þar til sú tilskipun er felld úr gildi.
- 53) Bæta þarf þau gagna- og upplýsingaskipti sem tengjast ESB-gerðarviðurkenningum til að beita megi þessari reglugerð með skilvirkum og skjótum hætti. Þess vegna ætti að krefjast þess að innlend yfirvöld eigi skilvirka samvinnu hvort með öðru og með framkvæmdastjórninni og hafi gagna- og upplýsingaskipti sem varða ESB-gerðarviðurkenningar og noti til þess upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn („IMI“) sem komið var á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012 ⁽²⁾. Til að auðvelda framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að koma upp forritseiningu í upplýsingakerfinu fyrir innri markaðinn, sem er sérsniðin fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega. Einnig ætti framleiðendum og tæknipjónustum að vera kleift að nota upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn til gagna- og upplýsingaskipta um hreyfla fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega.
- 54) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að mæla fyrir um samræmdar reglur um stjórnáskrákröfur og tæknilegar kröfur fyrir losunarmörk og ESB-gerðarviðurkenningaraðferðir fyrir hreyfla fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs og áhrifa aðgerðanna, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.

⁽¹⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/96 frá 1. október 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 að því er varðar kröfur um vistvænleika og afköst knúningseiningar ökutækja fyrir landbúnað og skógrækt (Stjtíð. ESB L 16, 23.1.2015, bls. 1).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012 frá 25. október 2012 um samvinnu á sviði stjórnáskrá fyrir tilstilli upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn og niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/49/EB („reglugerðin um IM-upplýsingakerfið“) (Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Viðfangsefni

1. Með reglugerð þessari eru sett losunarmörk fyrir mengandi lofttegundir og efnisagnir fyrir alla hreyfla sem um getur í 1. mgr. 2. gr. ásamt stjórnsýslukröfum og tæknilegum kröfum sem varða ESB-gerðarviðurkenningu.

Í þessari reglugerð er einnig mælt fyrir um tilteknar skuldbindingar með tilliti til færanlegs vélbúnaðar til nota utan vega þegar verið er að setja í hann hreyfil sem um getur í 1. mgr. 2. gr., eða hann hefur verið settur í, að því er varðar losunarmörkin fyrir mengandi lofttegundir og efnisagnir frá slíkum hreyflum.

2. Með þessari reglugerð eru einnig settar kröfur varðandi markaðseftirlit með hreyflum sem um getur í 1. mgr. 2. gr. sem eru uppsettir eða sem ætlaðir eru til uppsetningar í færanlegum vélbúnaði til nota utan vega og sem falla undir ESB-gerðarviðurkenningu.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um alla hreyfla sem falla undir flokkana sem settir eru fram í 1. mgr. 4. gr. sem eru uppsettir eða sem ætlaðir eru til uppsetningar í færanlegum vélbúnaði til nota utan vega, ásamt því að gilda um slíkan færanlegan vélbúnað til nota utan vega að því er varðar losunarmörk mengandi lofttegunda og efnisagna frá hreyflum þeirra.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um hreyfla:

- a) til að knýja ökutæki sem um getur í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB ⁽¹⁾,
- b) til að knýja dráttarvélar fyrir landbúnað og skógrækt eins og er skilgreint í 8. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013,
- c) til að knýja ökutæki sem um getur í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2013 ⁽²⁾,
- d) fyrir kyrrstæðan vélbúnað,
- e) fyrir hafskip sem þurfa gilt siglingaleyfi eða öryggisskríteini,
- f) fyrir för sem skilgreind eru í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1629 ⁽³⁾ og sem falla utan gildissviðs hennar,
- g) með minna nettóafli en 19 kW sem ætlaðir eru til að knýja áfram skip sem eru í siglingum á skipgengum vatnaleiðum eða í öðrum tilgangi um borð í þeim,
- h) fyrir för á sjó eins og skilgreint er í 1. lið 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/53/ESB ⁽⁴⁾,

(1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á þeim kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) (Stjttíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1).

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2013 frá 15. janúar 2013 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjólum (Stjttíð. ESB L 60, 2.3.2013, bls. 52).

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1629 frá 14. september 2016 um tæknilegar kröfur vegna skipa í siglingum á skipgengum vatnaleiðum, um breytingu á tilskipun 2009/100/EB og niðurfellingu á tilskipun 2006/87/EB (Stjttíð. ESB L 252, 16.9.2016, bls. 118).

(4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/53/ESB frá 20. nóvember 2013 um skemmtibáta og einmenningsför á sjó og um niðurfellingu á tilskipun 94/25/EB (Stjttíð. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 90).

- i) fyrir loftför sem skilgreind eru í a-lið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1321/2014 ⁽¹⁾,
- j) fyrir afþreyingarökutæki, nema vélsleða, torfæruökutæki og ökutæki með samhliða sætum,
- k) fyrir ökutæki og vélbúnað sem eru einungis notuð í keppni eða ætluð einungis til nota í keppni,
- l) fyrir færanlegar slökkvidælar eins og skilgreint er í og fellur undir Evrópustaðal um færanlegar slökkvidælar ⁽²⁾,
- m) fyrir smækkuð líkön eða smækkaðar eftirlíkingar af ökutækjum eða vélbúnaði sem framleiddur er til tómsundanotkunar í smærri stærð en fyrirmyndin og hefur minna nettóafli en 19 kW.

3. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka eins og hér segir:

- 1) „færanlegur vélbúnaður til nota utan vega“: færanlegur vélbúnaður, færanlegur búnaður eða ökutæki, með eða án yfirbyggingar eða hjóla, sem er ekki ætlað til farþega- eða vöruflutninga á vegum, þ.m.t. vélbúnaður sem er uppsettur á undirvagni ökutækja sem ætluð eru til farþega- og vöruflutninga á vegum,
- 2) „ESB-gerðarviðurkenning“: aðferð aðildarríkis til að votta að gerð hreyfils eða hreyflahópur uppfylli viðeigandi stjórnsýsluákvæði og tæknilegar kröfur þessarar reglugerðar,
- 3) „mengandi lofttegund“: eftirfarandi mengunarvaldar í loftkenndu formi sem hreyfill losar frá sér: kolsýringur (CO), heildarvetniskolefni (HC) og köfnunarefnisoxíð (NO_x), þar sem NO_x er köfnunarefniseinoxíð (NO) og köfnunarefnistvíoxíð (NO₂), gefin upp sem jafngildi NO₂,
- 4) „efnisagnir“ eða „PM“: massi hvers konar efnis í gasi sem hreyfill losar frá sér sem er safnað saman á tilgreint síuefni eftir að gasið er þynnt út með hreinu, síuðu lofti þannig að hitastigið fari ekki yfir 325 K (52 °C),
- 5) „fjöldi agna“ eða „PN“: fjöldi fastra agna sem hreyfill losar frá sér, sem eru meira en 23 nm í þvermál,
- 6) „mengandi efnisagnir“: allt efni sem hreyfill losar frá sér sem mælt er sem efnisagnir eða fjöldi agna,
- 7) „brunahreyfill“ eða „hreyfill“: orkubreytir, annar en gashverfill, hannaður til að breyta efnaorku (ílag) í vélræna orku (frálag) með innra brennsluferli, þ.m.t. mengunarvarnarkerfi og samskiptaskilflötur (vélbúnaður og skilaboð), þar sem slíkt hefur verið uppsett, milli rafstýrieiningar eða -eininga hreyfilsins og allra annarra afrása eða stýrieininga færanlegs vélbúnaðar til nota utan vega, sem nauðsynlegt er til að fara að ákvæðum II. og III. kafla,
- 8) „gerð hreyfils“: flokkur hreyfla sem eru eins að því er varðar grundvallareinkenni hreyfla,
- 9) „hreyflahópur“: flokkun framleiðanda á gerðum hreyfla sem, með tilliti til hönnunar þeirra, hafa svipuð einkenni hvað varðar losun með útblæstri og sem uppfylla viðmiðunarmörkin fyrir losun,
- 10) „stofnhreyfill“: gerð hreyfils sem er valinn úr hreyflahópi þannig að einkenni hans hvað varðar losun séu dæmigerð fyrir þann hreyflahóp,
- 11) „varahreyfill“: hreyfill sem:
 - a) einungis er ætlað að koma í stað hreyfils sem þegar hefur verið settur á markað og er uppsettur í færanlegum vélbúnaði til nota utan vega og
 - b) uppfyllir losunaráfanga sem er lægri en sá sem er gildandi á þeirri dagsetningu sem hreyflinum er skipt út,

⁽¹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 frá 26. nóvember 2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjtið. ESB L 362, 17.12.2014, bls. 1).

⁽²⁾ Evrópustaðall EN 14466+A1: 2009 (Slökkvidælar — færanlegar dælar — öryggis- og nothæfiskröfur, prófanir).

- 12) „hreyfill í notkun“: hreyfill sem er notaður í færanlegum vélbúnaði til nota utan vega við venjulegar notkunaraðstæður, skilyrði og farmþunga, og er notaður til að framkvæma prófanir á vöktun á losun eins og um getur í 19. gr.,
- 13) „þjöppukveikjuhreyfill“: hreyfill sem virkar samkvæmt meginreglunni um þjöppukveikju („CI“),
- 14) „neistakveikjuhreyfill“: hreyfill sem virkar samkvæmt meginreglunni um neistakveikju („SI“),
- 15) „neistakveikjuhreyfill í handverkfæri“: neistakveikjuhreyfill með minna viðmiðunarafl en 19 kW, sem er notaður í búnaði sem uppfyllir a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum:
 - a) notandinn heldur á handverkfærinu allan þann tíma sem fyrirhuguð notkun þess fer fram,
 - b) verkfærið er notað í fleiri en einni stöðu, s.s. á hvolfi eða á hlið, til að sinna fyrirhugaðri notkun þess,
 - c) þurrvignt verkfærisins, þ.m.t. hreyfillinn, er undir 20 kg og það uppfyllir minnst eitt af eftirfarandi skilyrðum:
 - i. notandinn styður líkamlega við búnaðinn eða heldur á honum allan þann tíma sem fyrirhuguð notkun hans fer fram,
 - ii. notandinn styður líkamlega við búnaðinn eða heldur honum í rétttri stöðu allan þann tíma sem fyrirhuguð notkun hans fer fram,
 - iii. búnaðurinn er notaður í rafal eða dælu,
- 16) „fljótandi eldsneyti“: eldsneyti sem er í fljótandi ástandi við stöðluð umhverfisskilyrði (298 K, algildur umhverfisþrýstingur 101,3 kPa),
- 17) „loftkennt eldsneyti“: eldsneyti sem er í algerlega loftkenndu ástandi við stöðluð umhverfisskilyrði (298 K, algildur umhverfisþrýstingur 101,3 kPa),
- 18) „tvíbrennihreyfill“: hreyfill sem er hannaður til að ganga samtímis fyrir fljótandi eldsneyti og loftkenndu eldsneyti, sem er skammtað með aðskildum hætti, þar sem magnið sem notað er af öðru eldsneytinu samanborið við hitt getur verið misjafnt eftir notkun,
- 19) „einbrennihreyfill“: hreyfill sem er ekki tvíbrennihreyfill,
- 20) „gasorkuhlutfall“ (GER): hlutfall orkuinnihalds loftkennda eldsneytisins á móti orkuinnihaldi beggja eldsneyta ef um er að ræða tvíbrennihreyfil; ef um einbrennihreyfil er að ræða er gasorkuhlutfall skilgreint sem annað hvort 1 eða 0, allt eftir gerð eldsneytisins,
- 21) „jafnhraðahreyfill“: ESB-gerðarviðurkenning þess konar hreyfils takmarkast við jafnhraðanotkun, að undanskildum þeim hreyflum þar sem jafnhraðagangráðurinn hefur verið fjarlægður eða gerður óvirkur; útbúa má hreyfilinn með lausagangi sem nýtist við gangsetningu eða stöðvun og hann getur verið útbúinn gangráði sem hægt er að stilla á annan hraða þegar hreyfillinn er stöðvaður,
- 22) „hreyfill með breytilegum hraða“: hreyfill sem er ekki jafnhraðahreyfill,
- 23) „jafnhraðanotkun“: notkun hreyfils með gangráði sem stýrir sjálfvirkt kröfu notandans um að viðhalda jöfnum snúningshraða, jafnvel við breytilegt álag,
- 24) „aukahreyfill“: hreyfill sem er uppsettur eða sem ætlaður er til uppsetningar í færanlegum vélbúnaði til nota utan vega og sem veitir ekki knúningsafl með beinum eða óbeinum hætti,
- 25) „nettóafli“: hreyfilafli í kW sem næst á prófunarbekk á enda sveifarássins, eða jafngildi hans, mælt er í samræmi við mæliaðferðina fyrir vélarafli brunahreyfla sem tilgreint er í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 120 með notkun viðmiðunareldsneytis eða samsetts eldsneytis sem er talið upp í 2. mgr. 25. gr.,
- 26) „viðmiðunarafl“: það nettóafli sem er notað til að ákvarða viðeigandi viðmiðunarmörk fyrir losun fyrir hreyfilinn,

- 27) „nettónafnafl“: nettóafli hreyfils við nafnsnúningshraða í kW eins og það er tilgreint af framleiðanda,
- 28) „hámarksnettóafli“: hæsta gildi nettóafils á nafnaflferli við fullt álag fyrir gerð hreyfilsins,
- 29) „nafnhraði“: hámarkshraði við fullt álag sem gangráður hreyfils, eins og hann er hannaður af framleiðanda, leyfir, eða ef gangráður er ekki til staðar, sá hraði sem hámarksnettóafli hreyfilsins næst við, eins og tilgreint er af framleiðanda,
- 30) „framleiðsludagur hreyfils“: sú dagsetning, gefin upp sem mánuður og ár, þegar hreyfillinn stenst lokaskoðun eftir að hann kemur af framleiðslulínunni og er tilbúinn til afhendingar eða til að vera settur í vörugeymslu,
- 31) „umbreytingartímabil“: fyrstu 24 mánuðir eftir dagsetningarnar sem settar eru fram í III. viðauka fyrir setningu hreyfla í V. áfanga á markað,
- 32) „umbreytingarhreyfill“: hreyfill með framleiðsludag hreyfils fyrir þá dagsetningu sem sett er fram í III. viðauka fyrir setningu hreyfla í V. áfanga á markað og sem:
- uppfyllir nýjstu gildandi losunarmörk sem skilgreind eru í viðeigandi löggjöf sem er í gildi 5. október 2016 eða
 - liggur á aflsviði eða er notaður eða ætlaður til notkunar sem fellur ekki undir losunarmörk mengandi efna og gerðarviðurkenningu á vettvangi Sambandsins 5. október 2016,
- 33) „framleiðsludagur færanlegs vélbúnaðar til nota utan vega“: sá mánuður og það ár sem tilgreint er með lögboðinni áletrun á vélbúnaðinum eða, ef lögboðin áletrun er ekki fyrir hendi, sá mánuður og það ár þegar vélbúnaðurinn stóðst lokaskoðun eftir að hann kom af framleiðslulínunni,
- 34) „skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum“: far sem fellur undir gildissvið tilskipunar (ESB) nr. 2016/1629,
- 35) „rafalasalastæða“: sjálfstæður færanlegur vélbúnaður til nota utan vega sem er ekki hluti af aflrás og einkum er ætlaður til að framleiða raforku,
- 36) „kyrrstæður vélbúnaður“: vélbúnaður sem ætlað er að vera varanlega uppsettur á einum stað við fyrstu notkun hans og ekki er ætlað að vera fluttur, á vegum eða með öðrum leiðum, nema með sendingu frá framleiðslustað til staðar fyrstu uppsetningar,
- 37) „varanlega uppsettur“: festur með skrúfboltum eða öðrum áhrifaríkum aðferðum, þannig að ekki sé hægt að fjarlægja hann nema með verkfærum eða búnaði, á undirstöðu eða annars konar skorðu sem ætlað er að valda því að hreyfillinn sé notaður á einni staðsetningu í byggingu, burðarvirki, starfsstöð eða mannvirki,
- 38) „vélsleði“: sjálfknúinn vélbúnaður sem ætlaður er til aksturs utan vega, einkum á snjó, og er ekið á belti í snertingu við snjó og stýrt með skíði eða skíðum í snertingu við snjóinn og hefur að hámarki 454 kg massa án hleðslu, tilbúinn til aksturs (þ.m.t. staðalbúnaður, kælivökvi, smurólía, eldsneyti og verkfæri en að undanskildum mögulegum aukabúnaði og ökumanninum),
- 39) „torfæruökutæki“: vélknúð ökutæki, knúð með hreyfli, einkum ætlað til aksturs á fjórum eða fleiri hjólum með hjólbörðum með lágum þrýstingi, á yfirborði sem ekki er með bundnu slitlagi, með sæti sem hannað er fyrir einungis ökumanninn til að sitja klovvega á eða sæti sem hannað er fyrir ökumanninn til að sitja klovvega á og sæti fyrir einungis einn farþega og stýrishandfang til að stýra með,
- 40) „ökutæki með samhliða sætum“: sjálfknúð ökutæki sem ekki er liðskipt, stjórnað af notanda, einkum ætlað til aksturs á fjórum eða fleiri hjólum á yfirborði sem ekki er með bundnu slitlagi, með að lágmarki 300 kg massa án hleðslu, tilbúð til aksturs (þ.m.t. staðalbúnaður, kælivökvi, smurólía, eldsneyti og verkfæri en að undanskildum mögulegum aukabúnaði og ökumanninum) og 25 km/klst. eða hærri hámarkshönnunarhraða; slíkt ökutæki er einnig hannað til að flytja einstaklinga og/eða vörur og/eða til að draga og ýta búnaði og er stýrt með öðru stjórnþæki en stýrishandfangi og er hannað fyrir tómsundanotkun eða sem atvinnutæki og flytur ekki fleiri en sex farþega, að ökumanninum metöldum, sem sitja hlið við hlið á einu eða fleirum sætum sem ekki er setið klovvega á,
- 41) „járnbrautarvagn“: færanlegur vélbúnaður til nota utan vega sem einungis er notaður á járnbrautarteinum,

- 42) „eimreið“: járnbrautarvagn hannaður til að veita, annað hvort beint með eigin hjólum eða óbeint með hjólum annarra járnbrautarvagna, hreyfiafl til að knýja sjálfan sig áfram og til að knýja aðra járnbrautarvagna sem eru hannaðir til að flytja vörur, farþega og annan búnað, og er sjálfur hannaður eða ætlaður til að bera ekki vörur eða farþega, aðra en þá sem stýra vagninum,
- 43) „sporreid“: járnbrautarvagn hannaður til að veita, annað hvort beint með eigin hjólum eða óbeint með hjólum annarra járnbrautarvagna, hreyfiafl til að knýja sjálfan sig áfram og er sérstaklega hannaður til að flytja vörur eða farþega, eða bæði vörur og farþega og er ekki eimreið,
- 44) „viðbótarárnbrautarvagn“: járnbrautarvagn sem er ekki sporreið eða eimreið, þ.m.t. en ekki takmarkað við járnbrautarvagn sem er sérstaklega hannaður til að sinna viðhaldi eða byggingarframkvæmdum eða lyftistarfsemi sem tengist teinum eða öðrum grunnvirkjum járnbrautarinnar,
- 45) „færanlegur krani“: sjálfknúinn bómukrani sem getur farið eftir vegi eða utan vegar eða bæði, og nýtir þyngdaraflið fyrir stöðugleika og er færður úr stað á hjólbörðum, beltum eða annars konar hreyfibúnaði,
- 46) „snjóblásari“: sjálfknúinn vélbúnaður sem er sérstaklega hannaður til snjóruðnings ofan af yfirborði með bundnu slitlagi með því að safna magni af snjó og sprauta honum af afli gegnum losunarrennu,
- 47) „að bjóða fram á markaði“: öll afhending hreyfils eða færanlegs vélbúnaðar til nota utan vega til dreifingar eða notkunar á markaði Sambandsins á meðan á viðskiptastarfsemi stendur, hvort sem það er gegn greiðslu eða án endurgjalds,
- 48) „setning á markaði“: þegar hreyfill eða færanlegur vélbúnaður til nota utan vega er boðinn fram í fyrsta sinn á markaði Sambandsins,
- 49) „framleiðandi“: einstaklingur eða lögaðili sem er ábyrgur gagnvart viðurkenningaryfirvaldinu fyrir öllum þáttum ESB-gerðarviðurkenningar- eða heimildarferlisins fyrir hreyfla og fyrir að tryggja samræmi framleiðslunnar á hreyflum, ásamt því að bera ábyrgð á málefnum varðandi markaðseftirlit með þeim hreyflum sem framleiddir eru, hvort sem hann kemur með beinum hætti að öllum þrepum hönnunar og smíði hreyfils, sem háður er ESB-gerðarviðurkenningarferli, eða ekki,
- 50) „fulltrúi framleiðanda“ eða „fulltrúi“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu í Sambandinu sem framleiðandi útnefni á viðeigandi hátt með skriflegu umboði sem fulltrúa sinn í málum er varða viðurkenningaryfirvaldið eða markaðseftirlits-yfirvaldið og kemur fram fyrir hans hönd í málum sem þessi reglugerð tekur til,
- 51) „innflytjandi“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu í Sambandinu sem setur á markað hreyfil frá þriðja landi, hvort sem hreyfillinn er þegar uppsettur í færanlegum vélbúnaði til nota utan vega eða ekki,
- 52) „dreifingaraðili“: einstaklingur eða lögaðili í aðfangakeðjunni, annar en framleiðandi eða innflytjandi, sem býður hreyfil fram á markaði,
- 53) „rekstraraðili“: framleiðandi, fulltrúi framleiðanda, innflytjandi eða dreifingaraðili,
- 54) „framleiðandi upprunalegs búnaðar“: einstaklingur eða lögaðili sem framleiðir færanlegan vélbúnað til nota utan vega,
- 55) „viðurkenningaryfirvald“: yfirvald í aðildarríki sem aðildarríkið hefur komið á eða skipað og tilkynnt framkvæmdastjórninni um og sem hefur valdsvið sem nær til:
- allra þátta ESB-gerðarviðurkenningar á gerð hreyfils eða á hreyflahópi,
 - heimildarferlisins,
 - veitingar og, eftir því sem við á, afturköllunar eða synjunar ESB-gerðarviðurkenningar, og útgáfu ESB-gerðarviðurkenningarvottorða,
 - að vera tengiliður við viðurkenningaryfirvöld í hinum aðildarríkjum,

- e) tilnefningar tækniþjónustu, og
- f) að tryggja að framleiðandinn uppfylli skyldur sínar varðandi samræmi framleiðslunnar.
- 56) „tækniþjónusta“: stofnun eða aðili sem er tilnefndur af viðurkenningaryfirvaldi sem prófunarstofa til að annast prófanir eða sem samræmismatsstofa til að framkvæma frummat og aðrar prófanir eða skoðanir fyrir hönd viðurkenningaryfirvaldsins, eða yfirvaldið sjálft þegar það sinnir þessum verkefnum,
- 57) „markaðseftirlit“: sú starfsemi sem landsyfirvöld annast og þær ráðstafanir sem þau gera til að tryggja að hreyflar sem boðnir eru fram á markaði uppfylli viðeigandi kröfur sem settar eru fram í samhæfingarlöggjöf Sambandsins,
- 58) „markaðseftirlitsyfirvald“: yfirvald aðildarríkis sem ber ábyrgð á markaðseftirliti á yfirráðasvæði sínu,
- 59) „landsyfirvald“: viðurkenningaryfirvald eða annað yfirvald sem kemur að og ber ábyrgð á markaðseftirliti, eftirliti á landamærum eða setningu á markað í aðildarríki að því er varðar hreyfla sem ætlaðir eru til uppsetningar í færanlegum vélbúnaði til nota utan vega eða færanlegan vélbúnað til nota utan vega sem hreyflar eru þegar uppsettir í,
- 60) „endanlegur notandi“: einstaklingur eða lögaðili, annar en framleiðandinn, framleiðandi upprunalegs búnaðar, innflytjandi eða dreifingaradili, sem ber ábyrgð á notkun hreyfils sem er uppsettur í færanlegum vélbúnaði til nota utan vega,
- 61) „mengunarvarnaraðferð“: smíðaeining eða safn smíðaeininga sem felldar eru inn í heildarhönnun hreyfils, eða inn í færanlegan vélbúnað til nota utan vega sem hreyfill er þegar uppsettur í, til að stjórna losun,
- 62) „mengunarvarnarkerfi“: allur búnaður, kerfi eða hönnunarþættir sem stjórna eða minnka losun,
- 63) „temprunaraðferð“: mengunarvarnaraðferð sem dregur úr virkni mengunarvarnarkerfis við umhverfisskilyrði eða notkunarskilyrði hreyfils sem koma upp annað hvort við eðlilegan gang vélar eða utan við aðferðir ESB-gerðarviðurkenningarprófana,
- 64) „rafstýrieining“: raftæknilegur búnaður hreyfils sem er hluti af mengunarvarnarkerfinu og notar gögn frá skynjurum hreyfilsins til að stjórna starfrækslumörkum hreyfilsins,
- 65) „útblasturshringrás“: tæknibúnaður sem er hluti af mengunarvarnarkerfinu og minnkar losun með því að beina aftur inn í hreyfilinn útblásturslofttegundum sem brunahólfið eða brunahólfin hafa þrýst út svo þær blandist við loft sem kemur inn, fyrir eða meðan á bruna stendur, fyrir utan notkun á tímastillingu ventla til að auka magnið af leifum útblásturslofttegunda í brunahólfinu eða brunahólfunum sem blandast við loft sem kemur inn fyrir eða meðan á bruna stendur,
- 66) „eftirmeðferðarkerfi fyrir útblástursloft“: hvarfakútur, agnasía, afoxunarkerfi fyrir köfnunarefnisoxíð, samsetning afoxunarkerfis og agnasíu fyrir köfnunarefnisoxíð eða annar búnaður sem dregur úr losun, að undantekinni útblásturs-hringrás og hverfiþjöppum, sem er hluti af mengunarvarnarkerfi en er uppsett fyrir aftan útblástursgöng hreyfilsins,
- 67) „óheimil breyting“: óvirkjun, aðlögun eða breyting á mengunarvarnarkerfinu, þ.m.t. á öllum hugbúnaði eða öðrum rökstýrieiningum slíks kerfis, sem verður til þess, hvort sem ætlunin er sú eða ekki, að mengunarvarnageta hreyfilsins versnar,
- 68) „prófunarlota“: röð prófunarpunkta þar sem hreyfillinn gengur á tilteknum hraða með tiltekið snúningsvægi á hverjum punkti þegar prófað er við stöðugar aðstæður eða við svipul vinnsluskilyrði,
- 69) „prófunarlota með stöðugu ástandi“: prófunarlota þar sem snúningshraða og snúningsvægi hreyfils er haldið á takmörkuðu mengi stöðugs nafngildis; prófanir með stöðugu ástandi eru annað hvort gerðar í stakstæðum eða fjölvirkum prófunarham,
- 70) „svipul prófunarlota“: prófunarlota með röð staðlaðra gilda fyrir snúningshraða og snúningsvægi, sem með tímanum breytist á einnar sekúndu grundvelli,
- 71) „sveifarhús“: lokað rými í eða fyrir utan hreyfil, sem tengist olúpönnunni með innri eða ytri rás, sem nota má til að losa lofttegundir og gufur,

- 72) „endurnýjun“: atvik þar sem losunargildin breytast á meðan afkastageta eftirmeðferðarkerfis fyrir útblástursloft er endurnýjuð samkvæmt hönnun og sem flokka má sem stöðuga endurnýjun eða fátíða (reglubundna) endurnýjun,
- 73) „endingartími innan losunarmarka“: fjöldi klukkustunda eða, eftir atvikum, vegalengdin sem er notuð til að ákvarða spillistuðlana,
- 74) „spillistuðlar“: þeir þættir sem gefa til kynna sambandið milli losana við byrjun og enda endingartímans innan losunarmarka,
- 75) „sýndarprófun“: tölvuhermun, þ.m.t. útreikningar, til að sýna fram á afköst hreyfils sem lið í ákvarðanatöku án þess að krefjast notkunar á raunverulegum hreyfli.

4. gr.

Hreyfilflokkar

1. Í þessari reglugerð eru notaðir eftirfarandi hreyfilflokkar, sem skipt er í undirflokkar sem settir eru fram í I. viðauka:
 - 1) „flokkur NRE“:
 - a) hreyflar fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega sem er ætlaður fyrir og hentar til að hreyfast, eða vera fluttur, á vegum eða utan þeirra, sem eru ekki undanskildir ákvæðum 2. mgr. 2. gr. og eru ekki skráðir í neina aðra flokka sem lýst er í liðum 2. til 10. í þessari málsgrein,
 - b) hreyflar með minna viðmiðunarafl en 560 kW sem notaðir eru í staðinn fyrir hreyfla í V. áfanga í flokkum IWP, IWA, RLL eða RLR,
 - 2) „flokkur NRG“: hreyflar með meira viðmiðunarafl en 560 kW, eingöngu til nota í rafalásamstæðum, en hreyflar fyrir rafalásamstæður sem ekki hafa slíka eiginleika eru skráðir í flokk NRE eða NRS, allt eftir eiginleikum þeirra,
 - 3) „flokkur NRSh“: neistakveikjuhreyflar í handverkfærum, með minna viðmiðunarafl en 19 kW, eingöngu til nota í handverkfærum,
 - 4) „flokkur NRS“: neistakveikjuhreyflar með minna viðmiðunarafl en 56 kW sem eru ekki skráðir í flokki NRSh,
 - 5) „flokkur IWP“:
 - a) hreyflar með 19 kW viðmiðunarafl eða meira sem eru eingöngu ætlaðir til nota í skipum í siglingum á skipgengum vatnaleiðum, til að knýja þau á beinan eða óbeinan hátt,
 - b) hreyflar sem notaðir eru í stað hreyfla í flokki IWA að því tilskildu að þeir uppfylli ákvæði 8. mgr. 24. gr.,
 - 6) „flokkur IWA“: aukahreyflar einungis til nota fyrir skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum, með 19 kW viðmiðunarafl eða meira,
 - 7) „flokkur RLL“: hreyflar sem eru einungis til nota í eimreiðum, til að knýja þær áfram eða ætlaðir til þess að knýja þær áfram,
 - 8) „flokkur RLR“:
 - a) hreyflar einungis til nota fyrir sporreiðar, til að knýja þær áfram eða ætlaðir til þess að knýja þær áfram,
 - b) hreyflar notaðir í stað hreyfla í V. áfanga í flokki RLL,
 - 9) „flokkur SMB“: neistakveikjuhreyflar einungis til nota fyrir vélsleða; hreyflar fyrir vélsleða aðrir en neistakveikjuhreyflar eru skráðir í flokki NRE,
 - 10) „flokkur ATS“: neistakveikjuhreyflar einungis til nota fyrir torfæruökutæki og ökutæki með samhliða sætum; hreyflar fyrir torfæruökutæki og ökutæki með samhliða sætum, aðrir en neistakveikjuhreyflar, eru skráðir í flokki NRE.

- Nota má hreyfil með breytilegum hraða í tilteknum flokki í stað jafnhraðahreyfils í sama flokki.

Hreyflar með breytilegum hraða í flokki IWP sem notaðir eru í jafnhraða notkun skulu auk þess uppfylla ákvæði 7. mgr. 24. gr. eða 8. mgr. 24. gr., eftir því sem við á.

- Hreyflar fyrir viðbótarjárnbrautarvagna og aukahreyflar fyrir sporreiðar og eimreiðar eru skráðir í flokkum NRE eða NRS, allt eftir eiginleikum þeirra.

II. KAFLI

ALMENNAR SKULDBINDINGAR

5. gr.

Skyldur aðildarríkjanna

- Aðildarríki skulu koma á fót eða skipa viðurkenningaryfirvöld og markaðseftirlitsyfirvöld í samræmi við þessa reglugerð.
- Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það þegar viðurkenningaryfirvöldum og markaðseftirlitsyfirvöldum sem um getur í 1. mgr. er komið á fót eða þau skipuð, þ.m.t. heiti þeirra, pósthöfundur og tölvupósthöfundur og ábyrgðarsvið. Framkvæmdastjórnin skal birta skrá yfir viðurkenningaryfirvöld og upplýsingar um þau á vefsetri sínu.
- Aðildarríki skulu einungis heimila að setja á markað:
 - hreyfla sem falla undir lögmæta ESB-gerðarviðurkenningu sem veitt er í samræmi við þessa reglugerð, án tillits til þess hvort þeir eru þegar uppsettir í færanlegum vélbúnaði til nota utan vega og
 - færanlegan vélbúnað til nota utan vega sem þeir hreyflar sem um getur í a-lið eru uppsettir í.
- Aðildarríkin skulu ekki banna, takmarka eða koma í veg fyrir setningu á markað á:
 - hreyflum, af ástæðum sem varða þætti í smíði þeirra og virkni sem þessi reglugerð tekur til, ef þeir uppfylla kröfurnar í henni,
 - færanlegum vélbúnaði til nota utan vega, af ástæðum sem varða losun mengandi lofttegunda og efnisagna úr hreyflum sem uppsettir eru í slíkum vélbúnaði, ef þeir falla undir gildissvið þessarar reglugerðar og kröfurnar í henni.
- Aðildarríki skulu skipuleggja og framkvæma markaðseftirlit og eftirlit með hreyflum sem settir eru á markað í samræmi við III. kafla reglugerðar (EB) nr. 765/2008.

6. gr.

Skyldur viðurkenningaryfirvalda

- Viðurkenningaryfirvöld skulu tryggja að framleiðendur sem sækja um ESB-gerðarviðurkenningu hlíti þessari reglugerð.
- Viðurkenningaryfirvöld skulu einungis veita ESB-gerðarviðurkenningu fyrir gerðir hreyfla og hreyflahópa sem uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar.
- Viðurkenningaryfirvöld skulu nota upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn til að gera opinbera skrá yfir allar gerðir hreyfla og hreyflahópa sem ESB-gerðarviðurkenningar hafa verið veittar fyrir, þær rýmkaðar eða afturkallaðar, eða umsókn um ESB-gerðarviðurkenningu fyrir þau hefur verið hafnað.

Í skránni skulu koma fram a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

- a) heiti og heimilisfang framleiðandans og heiti fyrirtækisins, ef það er annað,
- b) viðskiptaheiti eða vörumerki, eins og við á, sem tilheyra framleiðandanum,
- c) tilgreining á gerðum hreyfla sem falla undir ESB-gerðarviðurkenningu fyrir gerð hreyfilsins eða, eftir atvikum, ESB-gerðarviðurkenningu fyrir hreyflahópinn,
- d) hreyfilflokkur,
- e) númer ESB-gerðarviðurkenningarinnar, þ.m.t. númer rýmkana hennar,
- f) dagsetning veitingar, rýmkunar, synjunar eða afturköllunar á ESB-gerðarviðurkenningu og
- g) innihald liðanna „almennar upplýsingar um hreyfil“ og „endanleg losunarmiðurstaða“ í prófunarskýrslunni sem um getur í 12. mgr. 24. gr.

7. gr.

Skyldur markaðseftirlitsyfirvalda

1. Markaðseftirlitsyfirvöld skulu framkvæma sannprófun skjala og, eftir því sem við á, skoðanir á ástandi hreyfla og skoðanir á hreyflum á rannsóknarstofum, með fullnægjandi umfangi og á grundvelli fullnægjandi sýna. Þegar það er gert skulu þau taka til greina meginreglur sem hafa verið settar um áhættumat, allar kvartanir og aðrar viðeigandi upplýsingar.
2. Markaðseftirlitsyfirvöld geta krafist þess að rekstraraðilar geri slík gögn og upplýsingar aðgengileg að því marki sem nauðsynlegt telst til að yfirvöldin geti sinnt starfsemi sinni.

8. gr.

Almennar skyldur framleiðenda

1. Framleiðendur skulu tryggja að þegar hreyflar þeirra eru settir á markað hafi þeir verið þeir framleiddir og viðurkenndir í samræmi við þessa reglugerð.
2. Þegar framleiðendur breyta hreyfli, sem fellur undir ESB-gerðarviðurkenningu, þannig að eftir það geti hann tilheyrð öðrum flokki eða undirflokki skulu þeir bera ábyrgð á að tryggja að hreyfillinn uppfylli þær kröfur sem gilda um þann flokk eða undirflokk.

Þegar lögaðili breytir hreyfli þannig að hann uppfyllir ekki lengur þau losunarmörk sem gilda um hann samkvæmt flokki hans eða undirflokki skal sá lögaðili teljast bera ábyrgð á að koma aftur á reglufylgni við þau losunarmörk.

3. Framleiðendur skulu ábyrgir fyrir öllum þáttum ESB-gerðarviðurkenningarferlisins gagnvart viðurkenningaryfirvaldinu, svo og fyrir samræmi framleiðslunnar, óháð því hvort þeir tengjast með beinum hætti öllum þrepum í smíði hreyfils.
4. Framleiðendur skulu tryggja að málsmeðferðarreglur séu til staðar til að raðframleiðsla haldist áfram í samræmi við viðurkenndu gerðina og til að vakta losun frá hreyflum sem eru í notkun í samræmi við 19. gr.

Í samræmi við IV. kafla skal taka tillit til breytinga á hönnun eða eiginleikum gerðar hreyfils og breytinga á þeim kröfum sem lýst er yfir að gerð hreyfils sé í samræmi við.

5. Til viðbótar við lögboðna áletrun sem um getur í 32. gr. skulu framleiðendur tilgreina á hreyflum sem þeir hafa framleitt og sett á markað eða, ef það reynist ekki mögulegt, í skjali sem fylgir hreyflinum, heiti þeirra, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang sitt í Sambandinu þar sem hafa má samband við þá.

6. Framleiðendurnir skulu veita framleiðanda upprunalegs búnaðar eftirrit af lögboðnu áletruninni sem um getur í 4. mgr. 15. gr., berist þeim rökstudd beiðni þess efnis.
7. Framleiðendur skulu tryggja að á meðan hreyfill er á þeirra ábyrgð tefli geymslu- eða flutningsskilyrði ekki í tvísýnu samræmi hans við þennan kafla og III. kafla.
8. Framleiðendur skulu varðveita ESB-gerðarviðurkenningarvottorðið með fylgiskjölum þess sem um getur í 1. mgr. 23. gr. og, eftir atvikum, afrit af samræmisýfirlýsingunni sem um getur í 31. gr. þannig þau séu tiltæk fyrir viðurkenningaryfirvöld í 10 ár eftir að hreyfillinn er settur á markað.
9. Framleiðendur skulu veita landsyfirvöldum afrit af ESB-gerðarviðurkenningarvottorði hreyfils, berist þeim rökstudd beiðni þess efnis fyrir milligöngu viðurkenningaryfirvalds. Það afrit skal vera á tungumáli sem er auðskiljanlegt landsyfirvaldinu sem óskar eftir því.
10. Að því er varðar ESB-gerðarviðurkenningu fyrir hreyfla skulu framleiðendur með staðfestu utan Sambandsins tilnefna einn fulltrúa með staðfestu í Sambandinu sem fulltrúa sinn í samskiptum sínum við viðurkenningaryfirvaldið.
11. Að því er varðar markaðseftirlit skulu framleiðendur með staðfestu utan Sambandsins tilnefna einn fulltrúa með staðfestu innan Sambandsins sem getur verið fulltrúinn sem um getur í 10. mgr.

9. gr.

Skyldur framleiðenda varðandi hreyfla sem eru ekki í samræmi

1. Ef framleiðandi hefur ástæðu til að ætla eða telur að einn af hreyflum sínum sem settur er á markað sé ekki í samræmi við þessa reglugerð skal hann án tafar gera rannsókn á eðli grunaða ósamræmisins og líklegri útbreiðslu þess.

Framleiðandinn skal, á grunni niðurstöðu rannsóknarinnar, gera ráðstafanir til úrbóta til að tryggja að hreyflar sem eru í framleiðslu séu færðir til samræmis við viðurkennda gerð hreyfilsins eða viðurkennda hreyflahópinn án tafar.

Framleiðandinn skal tafarlaust senda tilkynningu til viðurkenningaryfirvaldsins, sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna, um rannsóknina þar sem fram koma upplýsingar, einkum um ósamræmið og um allar ráðstafanir sem gerðar hafa verið til úrbóta.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal framleiðandi ekki krafinn um að gera ráðstafanir til úrbóta að því er varðar hreyfil sem er ekki í samræmi við þessa reglugerð vegna breytinga sem gerðar eru eftir að hann hefur verið settur á markað og sem framleiðandinn heimilaði ekki.

10. gr.

Skyldur fulltrúa framleiðenda vegna markaðseftirlits

Að lágmarki skal fulltrúi framleiðanda vegna markaðseftirlits inna af hendi þau eftirfarandi verkefni sem tilgreind skulu vera í skriflega umboðinu frá framleiðandanum:

- a) tryggja að ESB-gerðarviðurkenningarvottorðið með fylgiskjölum þess sem um getur í 1. mgr. 23. gr. og, eftir atvikum, afrit af samræmisýfirlýsingunni sem um getur í 31. gr., geti verið tiltæk fyrir viðurkenningaryfirvöld í tíu ár eftir að hreyfill er settur á markað,
- b) veita viðurkenningaryfirvaldinu allar upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru til að sýna fram á framleiðslusamræmi hreyfils, berist honum rökstudd beiðni þess efnis,
- c) eiga samstarf við viðurkenningar- og markaðseftirlitsyfirvöld, að beiðni þeirra, að því er varðar allar aðgerðir sem gripið er til samkvæmt umboðinu.

*11. gr.***Almennar skyldur innflytjenda**

1. Innflytjendur skulu aðeins setja á markað hreyfla sem uppfylla kröfur og hafa fengið ESB-gerðarviðurkenningu.
2. Áður en hreyfill sem fengið hefur ESB-gerðarviðurkenningu er settur á markað skulu innflytjendur tryggja að:
 - a) ESB-gerðarviðurkenningarvottorðið með fylgiskjölum þess, sem um getur í 1. mgr. 23. gr., liggi fyrir,
 - b) lögboðin áletrun, sem um getur í 32. gr., sé á hreyflinum,
 - c) hreyfillinn samræmist ákvæðum 5. mgr. 8. gr.,
3. Í tíu ár eftir að hreyfillinn er settur á markað skulu innflytjendur varðveita, eftir atvikum, afrit af samræmislýsingunni sem um getur í 31. gr. þannig þau séu tiltæk viðurkenningar- og markaðseftirlitsyfirvöldum og þeir skulu tryggja að ESB-gerðarviðurkenningarvottorðið með fylgiskjölum þess sem um getur í 1. mgr. 23. gr. geti verið tiltæk þeim yfirvöldum, sé þess óskað.
4. Innflytjendur skulu tilgreina á hreyflinum eða, ef það er ekki mögulegt, í skjali sem fylgir hreyflinum, heiti sitt, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang sitt þar sem hafa má samband við þá.
5. Innflytjendur skulu tryggja að hreyflinum fylgi þær upplýsingar og fyrirmæli sem um getur í 43. gr.
6. Innflytjendur skulu tryggja að á meðan hreyfill er á þeirra ábyrgð tefli geymslu- og flutningsskilyrði ekki í tvísýnu samræmi hans við þennan kafla eða III. kafla.
7. Innflytjendur skulu afhenda, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá landsyfirvaldi, allar upplýsingar og skjöl sem nauðsynleg eru til að sýna fram á samræmi hreyfils. Þær upplýsingar og þau gögn skulu vera á tungumáli sem er auðskiljanlegt landsyfirvaldinu sem óskar eftir því.

*12. gr.***Skyldur innflytjenda varðandi hreyfla sem eru ekki í samræmi**

1. Innflytjandi sem hefur ástæðu til að ætla eða telur að hreyfill sé ekki í samræmi við þessa reglugerð, og einkum að hann samræmist ekki ESB-gerðarviðurkenninguna fyrir hann, skal ekki setja hreyfillinn á markað fyrir en samræmi við kröfur hefur verið tryggt.

Innflytjandinn skal upplýsa framleiðandann og markaðseftirlitsyfirvöld, sem og viðurkenningaryfirvaldið sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna, um slíkt án ástæðulausrar tafar.

2. Innflytjandi sem hefur ástæðu til að ætla eða telur að hreyfill sem hann hefur sett á markað sé ekki í samræmi við þessa reglugerð skal án tafar gera rannsókn á eðli grunaða ósamræmisins og líklegri útbreiðslu þess.

Innflytjandinn skal, á grunni niðurstöðu rannsóknarinnar, gera ráðstafanir til úrbóta og upplýsa framleiðandann um þær til að tryggja að hreyflar sem eru í framleiðslu séu færðir til samræmis við viðurkennda gerð hreyfilsins eða viðurkennda hreyflahópinn án tafar.

*13. gr.***Almennar skyldur dreifingaraðila**

1. Þegar dreifingaraðilar bjóða hreyfla fram á markaði skulu þeir gæta þess vandlega að það sé í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar.

2. Áður en dreifingaraðilar bjóða hreyfil fram á markaði skulu þeir ganga úr skugga um:
 - a) að framleiðandinn hafi hlítt 5. mgr. 8. gr.,
 - b) að innflytjandinn hafi, eftir atvikum, hlítt 2. mgr. og 4. mgr. 11. gr.,
 - c) að lögboðin áletrun, sem um getur í 32. gr., sé á hreyflinum,
 - d) að upplýsingarnar og fyrirmælin sem um getur í 43. gr. séu aðgengileg á tungumáli sem er auðskiljanlegt framleiðanda upprunalega búnaðarins.
3. Dreifingaraðilar skulu tryggja að á meðan hreyfill er á þeirra ábyrgð tefli geymslu- og flutningsskilyrði ekki í tvísýnu samræmi hans við þennan kafla eða III. kafla.
4. Í kjölfar rökstuddrar beiðni frá landsbundnu yfirvaldi skulu dreifingaraðilar tryggja að framleiðandi afhendi yfirvaldinu þau gögn sem tilgreind eru í 8. mgr. 8. gr. eða að innflytjandinn veiti yfirvaldinu upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 3. mgr. 11. gr.

14. gr.

Skyldur dreifingaraðila varðandi hreyfla sem eru ekki í samræmi

1. Ef dreifingaraðili telur eða hefur ástæðu til að ætla að hreyfill sé ekki í samræmi við þessa reglugerð skal hann ekki bjóða hreyfilinn fram á markaði fyrr en hann hefur verið færður til samræmis við kröfur.
2. Ef dreifingaraðili hefur ástæðu til að ætla eða telur að hreyfill sem hann hefur boðið fram á markaði sé ekki í samræmi við þessa reglugerð skal hann tilkynna framleiðandanum eða fulltrúa framleiðandans um það, til að tryggja að gerðar séu nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta til að færa hreyfla sem eru í framleiðslu til samræmis við viðurkennda gerð hreyfilsins eða viðurkennda hreyflahópinn, í samræmi við 9. eða 12. gr.,

15. gr.

Skyldur framleiðenda upprunalegs búnaðar varðandi uppsetningu hreyfla

1. Framleiðendur upprunalegs búnaðar skulu setja ESB-gerðarviðurkennda hreyfla í færanlegan vélbúnað til nota utan vega í samræmi við þau fyrirmæli sem framleiðandinn veitir skv. 2. mgr. 43. gr. og það þannig að það hafi ekki slæm áhrif á hreyfilafköst að því er varðar losun mengandi lofttegunda og efnisagna.
2. Ef framleiðandi upprunalegs búnaðar fer ekki að fyrirmælunum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, eða breytir hreyfli við uppsetningu hans í færanlegan vélbúnað til nota utan vega þannig að það hafi slæm áhrif á hreyfilafköst að því er varðar losun mengandi lofttegunda og efnisagna, skal sá framleiðandi upprunalegs búnaðar teljast vera framleiðandi að því er varðar þessa reglugerð og skal, einkum, falla undir þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í 8. og 9. gr.
3. Framleiðendur upprunalegs búnaðar skulu einungis setja ESB-gerðarviðurkennda hreyfla í færanlegan vélbúnað til nota utan vega til þeirrar sérstöku notkunar sem kveðið er á um í 4. gr.
4. Ef lögboðna áletrunin á hreyflinum sem um getur í 32. gr. er ekki sýnileg án þess að hlutar hans séu fjarlægðir skal framleiðandi upprunalegs búnaðar á sýnilegan hátt festa eftirrit, sem framleiðandinn útvegar, á færanlega vélbúnaðinn til nota utan vega, eins og um getur í þeirri grein og í viðeigandi framkvæmdargerð.
5. Ef færanlegur vélbúnaður til nota utan vega með uppsettum umbreytingarhreyfli er settur á markað í samræmi við 5. mgr. 58. gr. skulu framleiðendur upprunalegs búnaðar tilgreina framleiðsludag færanlegs vélbúnaðar til nota utan vega sem hluta af áletruninni á vélbúnaðinum.
6. Ef framleiðandi afhendir hreyfil og eftirmeðferðarkerfi hans fyrir útblástursloft sitt í hvoru lagi til framleiðanda upprunalegs búnaðar í samræmi við 3. mgr. 34. gr. skal framleiðandi upprunalegs búnaðarins, eftir atvikum, veita framleiðandanum upplýsingar sem varða samsetningu hreyfilsins og eftirmeðferðarkerfis hans fyrir útblástursloft.

*16. gr.***Hvenær skyldur framleiðenda gilda um innflytjendur og dreifingaraðila**

Innflytjandi eða dreifingaraðili, sem býður hreyfil fram á markaði undir heiti sínu eða vörumerki eða sem breytir slíkum hreyfli þannig að breytingarnar gætu haft áhrif á það hvort hann uppfyllir viðeigandi kröfur, skal teljast vera framleiðandi að því er varðar þessa reglugerð og skal einkum falla undir þær skuldbindingar sem um getur í 8. og 9. gr.

*17. gr.***Tilkynningarskylda rekstraraðila og framleiðenda upprunalegs búnaðar**

Rekstraraðilar og framleiðendur upprunalegs búnaðar skulu, að fenginni beiðni, tilkynna viðurkenningaryfirvöldum og markaðseftirlitsyfirvöldum um eftirfarandi til fimm ára frá þeim degi þegar hreyfill er settur á markað:

- a) alla rekstraraðila sem hafa afhent þeim hreyfil,
- b) alla rekstraraðila eða, ef þeir eru persónugreinanlegir, framleiðendur upprunalegs búnaðar sem þeir hafa afhent hreyfla.

III. KAFLI

EFNISLEGAR KRÖFUR*18. gr.***Kröfur um losun með útblæstri vegna ESB-gerðarviðurkenningar**

1. Framleiðendur skulu tryggja að hönnun, smíði og samsetning hreyfla og hreyflahópa sé þannig að þeir uppfylli þær kröfur sem mælt er fyrir um í II. kafla og þessum kafla.

2. Frá og með þeirri dagsetningu sem hreyflarnir eru settir á markað, sem sett er fram í III. viðauka, skulu gerðir hreyfla og hreyflahópar ekki fara yfir viðmiðunarmörkin fyrir losun með útblæstri sem nefnist V. áfangi og sem sett eru fram í II. viðauka.

Þegar einn hreyflahópur nær yfir meira en eitt aflsvið í samræmi við þá mæliþætti sem skilgreina hreyflahópinn og mælt er fyrir um í viðeigandi framkvæmdargerð skulu stofnhreyfillinn (að því er varðar ESB-gerðarviðurkenningu) og allar gerðir hreyfla innan sama hóps (að því er varðar samræmi framleiðslu), að því er tekur til viðeigandi aflsviðs:

- a) uppfylla ströngustu viðmiðunarmörkin fyrir losun,
 - b) prófaðir í þeim prófunarlotum sem samsvara ströngustu viðmiðunarmörkum fyrir losun,
 - c) falla undir fyrstu gildandi dagsetningar ESB-gerðarviðurkenningar og setningar á markað sem settar eru fram í III. viðauka.
3. Losun með útblæstri frá gerðum hreyfla og hreyflahópum skal mæld á grundvelli þeirra prófunarlotna sem um getur í 24. gr. og í samræmi við ákvæði 25. gr.
4. Gerðir hreyfla og hreyflahópar skulu vera hannaðir með og útbúnir mengunarvarnaraðferðum þannig að komið sé í veg fyrir óheimila breytingu að því marki sem unnt er. Notkun temprunaraðferða skal vera bönnuð.

5. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um nákvæm atriði þeirra mæliþátta sem nota á fyrir skilgreiningu á gerðum hreyfla og hreyflahópum, þ.m.t. notkunarhami þeirra, ásamt tæknilegum upplýsingum um hvernig komið er í veg fyrir óheimila breytingu eins og um getur í 4. mgr. þessarar greinar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar eigi síðar en 31. desember 2016, í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 56. gr.

*19. gr.***Vöktun losunar frá hreyflum sem eru í notkun**

1. Losun mengandi lofttegunda frá hreyflum sem tilheyra gerðum hreyfla eða hreyflahópum í V. losunaráfanga sem hafa verið gerðarviðurkenndir í samræmi við þessa reglugerð skulu vaktaðir með því að prófa hreyfla sem eru í notkun sem eru uppsettir í færanlegum vélbúnaði til nota utan vega og eru starfræktir í venjulegri rekstrarlotu þeirra. Slík prófun skal framkvæmd á ábyrgð framleiðandans og í samræmi við kröfur viðurkenningaryfirvaldsins, á hreyflum sem hefur verið viðhaldið með réttum hætti, í samræmi við ákvæði um val á hreyflum, prófunaraðferðir og greinargerðir um niðurstöður fyrir mismunandi hreyfilflokka.

Framkvæmdastjórnin skal framkvæma tilraunaverkefni með það fyrir augum að þróa viðeigandi prófunaraðferðir fyrir þá hreyfilflokka og undirflokka hreyfla sem slíkar prófunaraðferðir eru ekki til staðar fyrir.

Framkvæmdastjórnin skal framkvæma vöktunaráætlanir fyrir hvern hreyfilflokk til að ákvarða að hversu miklu leyti sú losun sem mælist í prófunarlotunni samsvarar þeirri losun sem mælist við raunverulega notkun. Þessar áætlanir og niðurstöður þeirra skulu árlega vera viðfangsefni kynningar fyrir aðildarríkin og í kjölfarið viðfangsefni orðsendingar til almennings.

2. Framkvæmdastjórnin hefur vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 55. gr. í þeim tilgangi að auka við þessa reglugerð með ítarlegum tilhögunum að því er varðar val á hreyflum, prófunaraðferðum og skýrslugjöf um niðurstöður sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar. Samþykkja skal þessar framseldu gerðir fyrir 31. desember 2016.

IV. KAFLI

ESB-GERÐARVIÐURKENNINGARAÐFERÐIR*20. gr.***Umsókn um ESB-gerðarviðurkenningu**

1. Framleiðendur skulu leggja fram sérstaka umsókn fyrir hverja ESB-gerðarviðurkenningu fyrir gerð hreyfils eða fyrir hreyflahóp til viðurkenningaryfirvalds aðildarríkis og upplýsingamappan sem um getur í 21. gr. skal fylgja hverri umsókn. Aðeins skal leggja fram eina umsókn fyrir tiltekna gerð hreyfils eða, eftir atvikum, tiltekinn hreyflahóp og hana skal aðeins leggja fram til eins viðurkenningaryfirvalds.

2. Framleiðendur skulu veita þeirri tækniþjónustu sem ber ábyrgð á framkvæmd ESB-gerðarviðurkenningarprófuninnar aðgang að hreyfli sem samræmist gerð hreyfils eða, ef um er að ræða hreyflahóp, sem samræmist þeim einkennum stofn-hreyfilsins sem lýst er í upplýsingamöppunni sem um getur í 21. gr.

3. Þegar um er að ræða umsókn um ESB-gerðarviðurkenningu fyrir hreyflahóp skal, ef viðurkenningaryfirvald telur að umsóknin sem lögð hefur verið fram eigi, að því er varðar stofnhreyfilinn sem valinn hefur verið og sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, ekki fyllilega við um þann hóp hreyfla sem lýst er í upplýsingamöppunni sem um getur í 21. gr., skulu framleiðendur veita aðgang að annars konar stofnhreyfli og, ef þörf krefur, viðbótarstofnhreyfli sem viðurkenningaryfirvaldið telur að sé dæmigerður fyrir hreyflahópinn.

4. Innan eins mánaðar frá upphafi framleiðslu á viðurkenndri gerð hreyfils eða viðurkenndum hreyflahópi skulu framleiðendur leggja fram frumáætlun um vöktun hreyfla sem eru í notkun til viðurkenningaryfirvaldsins sem veitti ESB-gerðarviðurkenningu fyrir þá gerð hreyfils eða, eftir atvikum, fyrir þann hreyflahóp.

*21. gr.***Upplýsingamappa**

1. Umsækjandi skal afhenda viðurkenningaryfirvaldi upplýsingamöppu sem inniheldur m.a. eftirfarandi gögn:

a) upplýsingaskjal, þ.m.t. lista yfir viðmiðunareldsneyti og, ef framleiðandinn óskar eftir því, öll önnur tilgreind eldsneyti, eldsneytisblöndur eða ýrueldsneyti sem um getur í 2. mgr. 25. gr. og sem lýst er í samræmi við framseldu gerðirnar sem um getur í 4. mgr. 25. gr. („upplýsingaskjalið“),

- b) öll viðeigandi gögn, teikningar, ljósmyndir og aðrar upplýsingar sem eiga við um gerð hreyfilsins eða, eftir atvikum, stofnhreyfilinn,
 - c) allar viðbótarupplýsingar sem viðurkenningaryfirvaldið fer fram á með skírskotun til málsmeðferðar við umsókn um ESB-gerðarviðurkenningu.
2. Leggja má fram upplýsingamöppu á pappírformi eða á rafrænu formi sem tækniþjónustan og viðurkenningaryfirvaldið viðurkenna.
 3. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um sniðmát fyrir upplýsingaskjalið og upplýsingamöppuna. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar eigi síðar en 31. desember 2016, í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 56. gr.

V. KAFLI

ESB-GERÐARVIÐURKENNINGAR Í FRAMKVÆMD

22. gr.

Almenn ákvæði

1. Viðurkenningaryfirvaldið sem tekur við umsókninni skal veita ESB-gerðarviðurkenningu fyrir allar gerðir hreyfla eða alla hreyflahópa sem eru í samræmi við öll eftirfarandi atriði:
 - a) öll einstök atriði í upplýsingamöppunni,
 - b) kröfurnar í þessari reglugerð, þá einkum fyrirkomulagið sem varðar samræmi framleiðslu sem um getur í 26. gr.
2. Ef hreyfill uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skulu viðurkenningaryfirvöld ekki leggja á neinar aðrar kröfur um ESB-gerðarviðurkenningu að því er varðar losun með útblæstri frá færanlegum vélbúnaði til nota utan vega sem slíkur hreyfill er uppsettur í.
3. Eftir þær dagsetningar fyrir ESB-gerðarviðurkenningu fyrir hreyfla sem mælt er fyrir um í III. viðauka fyrir hvern undirflokk hreyfils skulu viðurkenningaryfirvöld ekki veita ESB-gerðarviðurkenningu fyrir gerð hreyfils eða hreyflahóp sem uppfyllir ekki þær kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
4. ESB-gerðarviðurkenningarvottorð skulu vera númeruð í samræmi við samræmt kerfi sem framkvæmdastjórnin mun mæla fyrir um.
5. Viðurkenningaryfirvaldið skal nota upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn til að:
 - a) veita viðurkenningaryfirvöldum annarra aðildarríkja aðgang að skrá yfir ESB-gerðarviðurkenningar sem það hefur veitt eða, eftir atvikum, rýmkað, innan eins mánaðar frá útgáfu samsvarandi ESB-gerðarviðurkenningarvottorðs,
 - b) veita viðurkenningaryfirvöldum annarra aðildarríkja tafarlaust aðgang að skrá yfir ESB-gerðarviðurkenningar sem það hefur synjað um veitingu á eða hefur afturkallað, ásamt ástæðunum fyrir ákvörðun þess,
 - c) senda, innan eins mánaðar frá viðtöku beiðni frá viðurkenningaryfirvaldi annars aðildarríkis, viðkomandi viðurkenningaryfirvaldi afrit af ESB-gerðarviðurkenningunni fyrir gerð hreyfilsins eða hreyflahópinn, ef það er fyrir hendi, ásamt upplýsingasafninu sem um getur í 6. mgr. fyrir hverja gerð hreyfils eða hvern hreyflahóp sem það hefur samþykkt, synjað um viðurkenningu eða hefur afturkallað ESB-gerðarviðurkenningu fyrir.
6. Viðurkenningaryfirvaldið skal setja saman upplýsingasafn sem samanstendur af upplýsingamöppunni ásamt prófunarskýrslunni og öllum öðrum gögnum sem tækniþjónustan eða viðurkenningaryfirvaldið bæta inn í upplýsingamöppuna á meðan þau sinna starfsemi sinni („upplýsingasafnið“).

Upplýsingasafnið skal innihalda atriðaskrá yfir innihald þess, sem skal vera tölusett eða merkt á annan hentugan hátt til að auðkenna megi allar blaðsíður og snið skjalsins, þannig að fram komi skrá yfir röð áfanga í tengslum við umsjón með ESB-gerðarviðurkenningunni, einkum dagsetningar endurskoðana og uppfærslna.

Viðurkenningaryfirvaldið skal tryggja að upplýsingarnar í upplýsingasafninu séu aðgengilegar í a.m.k. 25 ár frá því að gildistíma viðkomandi ESB-gerðarviðurkenningar lýkur.

7. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um:

- a) aðferðina við að ákveða samræmda númerakerfið sem um getur í 4. mgr.,
- b) sniðmátin og gagnaskipunina fyrir gagnaskiptin sem um getur í 5. mgr.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar eigi síðar en 31. desember 2016, í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 56. gr.

23. gr.

Sértæk ákvæði varðandi ESB-gerðarviðurkenningavottorðið

1. ESB-gerðarviðurkenningavottorðið skal innihalda eftirfarandi fylgiskjöl:

- a) upplýsingasafnið,
- b) eftir atvikum, nöfn og sýnishorn af undirskrift þeirra einstaklinga sem hafa heimild til að skrifa undir samræmisýfirlýsingar eins og um getur í 31. gr. og upplýsingar um stöðu viðkomandi innan fyrirtækisins.

2. Framkvæmdastjórnin skal mæla fyrir um sniðmát fyrir ESB-gerðarviðurkenningavottorðið.

3. Að því er varðar hverja gerð hreyfils eða hvern hreyflahóp sem hefur verið viðurkenndur, skal viðurkenningaryfirvaldið:

- a) fylla út alla viðeigandi hluta ESB-gerðarviðurkenningavottorðsins, og láta prófunarskýrsluna fylgja með,
- b) safna saman atriðaskrá með upplýsingasafninu,
- c) gefa út útfyllt vottorð ásamt fylgiskjölum til handa umsækjanda án tafar.

4. Ef gildi ESB-gerðarviðurkenningar hefur verið takmarkað eða ef undanþága hefur verið veitt fyrir gerð hreyfils eða hreyflahóp frá tilteknum kröfum þessarar reglugerðar í samræmi við 35. gr. skulu þær takmarkanir eða undanþágur koma fram í ESB-gerðarviðurkenningavottorðinu.

5. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um sniðmát fyrir ESB-gerðarviðurkenningavottorðið sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar eigi síðar en 31. desember 2016, í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 56. gr.

24. gr.

Prófanir sem krafist er fyrir ESB-gerðarviðurkenningu

1. Sýna skal fram á með viðeigandi prófunum, sem tilnefnd tækniþjónusta annast, að farið sé að þeim tækniforskriftum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Aðferðir við mælingar og prófanir og sérstakur búnaður og verkfæri til að framkvæma þessar prófanir skulu vera þau sem mælt er fyrir um í 25. gr.

2. Framleiðandinn skal láta viðurkenningaryfirvaldinu í té eins marga hreyfla og krafist er samkvæmt viðeigandi framseldum gerðum til að unnt sé að framkvæma nauðsynlegar prófanir.

3. Til að öðlast viðurkenningu skal framkvæma þessar nauðsynlegu prófanir á hreyflum sem eru dæmigerðir fyrir þá gerð hreyfils eða, eftir atvikum, fyrir stofnhreyfil hreyflahópsins sem leitað er eftir viðurkenningu fyrir.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein getur framleiðandinn, í samráði við viðurkenningaryfirvaldið, valið hreyfil sem, þrátt fyrir að vera ekki dæmigerður fyrir þá gerð hreyfils eða, eftir atvikum, fyrir stofnhreyfil hreyflahópsins sem leitað er eftir viðurkenningu fyrir, sameinar nokkra óhagstæðustu eiginleikana að því er varðar þau afköst sem krafist er. Nota má sýndarprófunaraðferðir til að aðstoða við ákvarðanatöku meðan á valferlinu stendur.

4. Viðeigandi prófunarlotur að því er varðar framkvæmd ESB-gerðarviðurkenningarprófananna eru þær sem settar eru fram í IV. viðauka. Í upplýsingaskjalinu skal gerð grein fyrir þeim prófunarlotum sem eru viðeigandi fyrir hverja gerð hreyfils sem vísað er til í ESB-gerðarviðurkenningunni.
5. Prófa skal hreyfil sem er dæmigerður fyrir þá gerð hreyfils eða, eftir atvikum, fyrir stofnhreyfil hreyflahópsins, eða hreyfil sem er valinn í samræmi við aðra undirgrein 3. mgr., á aflmæli með viðeigandi prófunarlotu með stöðugu ástandi fyrir hreyfla búnaðar til nota utan vega sem er tilgreind í töflum IV-1 til IV-10 í IV. viðauka. Framleiðandinn getur valið hvort við framkvæmd prófunar sé notuð prófunaraðferð í stakstæðum eða fjölvirkum prófunarham. Hreyfil með breytilegum hraða í tilteknum flokki, sem er notaður í jafnhraða notkun í þeim sama flokki, þarf ekki að prófa með viðeigandi jafnhraða í prófunarlotu með stöðugu ástandi, nema í þeim tilvikum sem um getur í 7. og 8. mgr.
6. Ef um er að ræða jafnhraðahreyfil með gangráði sem hægt er að stilla á annan hraða skal kröfunum í 5. mgr. fullnægt fyrir hvern viðeigandi jafnhraða og í upplýsingaskjalinu skal tilgreina þá hraða sem gilda fyrir hverja gerð hreyfils.
7. Ef um er að ræða hreyfil í flokki IWP sem ætlaður er til notkunar á bæði breytilegum hraða og jafnhraða skal uppfylla kröfurnar í 5. mgr. aðskilið fyrir hverja viðeigandi prófunarlotu með stöðugu ástandi og í upplýsingaskjalinu skal tilgreina sérhverja prófunarlotu með stöðugu ástandi með tilliti til þess hvort þær kröfur hafi verið uppfylltar.
8. Ef um er að ræða hreyfil í flokki IWP sem ætlaður er til notkunar í stað hreyfils í flokki IWA í samræmi við 2. mgr. 4. gr., skal uppfylla kröfurnar í 5. mgr. þessarar greinar fyrir hverja viðeigandi prófunarlotu með stöðugu ástandi sem sett er fram í töflum IV-5 og IV-6 í IV. viðauka og í upplýsingaskjalinu skal tilgreina sérhverja prófunarlotu með stöðugu ástandi með tilliti til þess hvort þær kröfur hafi verið uppfylltar.
9. Hreyflar með breytilegum hraða í flokki NRE með 19 kW nettóafli eða meira en þó ekki meira en 560 kW skulu, ásamt því að uppfylla kröfurnar í 5. mgr. þessarar greinar, einnig prófaðir með aflmæli með svipulu prófunarlotunni sem tilgreind er í töflu IV-11 í IV. viðauka, að undanskildum hreyflum sem eru gerðarviðurkenndir skv. 5. og 6. mgr. 34. gr.
10. Hreyflar í undirflokkum NRS-v-2b og NRS-v-3 með 3400 snún./mín. hámarkshraða eða minni skulu, auk þess að uppfylla kröfurnar í 5. mgr., einnig prófaðir með aflmæli með svipulu prófunarlotunni sem tilgreind er í töflu IV-12 í IV. viðauka.
11. Framkvæmdastjórnin hefur vald til að samþykka framseldar gerðir í samræmi við 55. gr. í þeim tilgangi að auka við þessa reglugerð með því að mæla fyrir um nákvæmar tækniforskriftir og eiginleika prófunarlotunnar með stöðuga ástandinu og svipulu prófunarlotunnar sem um getur í þessari grein, þ.m.t. samsvarandi aðferð til að ákvarða stillingu hreyfilálags og hraða. Samþykka skal þessar framseldu gerðir fyrir 31. desember 2016.
12. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um eitt tiltekið snið á prófunarskýrslunni sem þarf vegna ESB-gerðarviðurkenningar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar eigi síðar en 31. desember 2016, í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 56. gr.

25. gr.

Framkvæmd mælinga og prófana fyrir ESB-gerðarviðurkenningu

1. Endanlegar niðurstöður prófunarinnar á losun með útblæstri fyrir hreyfla sem falla undir þessa reglugerð skal reikna út með því að nota allt eftirfarandi fyrir niðurstöður úr prófun á rannsóknarstofu:
 - a) losun lofttegunda frá sveifarhúsi þegar þess er krafist í 3. mgr. og þegar slíkt er ekki þegar hluti af mælingunum á rannsóknarstofunni,
 - b) alla nauðsynlega leiðréttingarstuðla þegar þess er krafist í 3. mgr. og þegar hreyfillinn er með eftirmeðferðarkerfi fyrir útblástursloft sem endurnýjast,
 - c) spillistuðla sem miðast við endingartíma innan losunarmarka sem tilgreindir eru í V. viðauka, fyrir alla hreyfla.

2. Prófun á gerð hreyfils eða á hreyflahópi til að ákvarða hvort hann uppfylli losunarmörkin sem sett eru fram í þessari reglugerð skal gerð með því að nota eftirfarandi viðmiðunareldsneyti eða samsetningu eldsneytis, eins og við á:

- a) dísilolíu,
- b) bensín,
- c) bensín-/olíublöndu fyrir tvígensneistakveikjuhreyfla,
- d) jarðgas/lífmétan,
- e) fljótandi jarðölfugas (LPG),
- f) etanól.

Gerð hreyfilsins eða hreyflahópurinn skal auk þess uppfylla þau mörk fyrir losun með útblæstri sem sett eru fram í þessari reglugerð að því er varðar öll önnur tilgreind eldsneyti, eldsneytisblöndur eða ýrueldsneyti sem framleiðandi tilgreinir í umsókn sinni um ESB-gerðarviðurkenningu og sem lýst er í upplýsingamöppunni.

3. Að því er varðar framkvæmd mælinga og prófana skal uppfylla tæknilegar kröfur að því er varðar:

- a) tæki og aðferðir fyrir framkvæmd prófananna,
- b) tæki og aðferðir fyrir mælingu á losun og sýnatöku úr losun,
- c) aðferðir við mat á gögnum og útreikning,
- d) aðferðir til að finna spillistuðla,
- e) með tilliti til hreyfla í flokkum NRE, NRG, IWP, IWA, RLL, NRS, NRSh, SMB og ATS sem eru í samræmi við losunarmörk V. áfanga sem sett eru fram í II. viðauka:
 - i. aðferðir með tilliti til losunar lofttegunda úr sveifarhúsi,
 - ii. aðferðir til að ákvarða og taka mið af stöðugri eða fátíðri endurnýjun í eftirmeðferðarkerfum fyrir útblástursloft,
- f) með tilliti til hreyfla með rafeindastýringu í flokkum NRE, NRG, IWP, IWA, RLL og RLR sem eru í samræmi við losunarmörk V. áfanga sem sett eru fram í II. viðauka og sem nota rafeindastýringu til að ákvarða bæði magn og tímastillingu eldsneytisinnspautunar eða nota rafeindastýringu til að virkja, slökkva á eða stilla mengunarvarnarkerfið sem notað er til að minnka köfnunarefnisoxíð:
 - i. mengunarvarnaraðferðir sem skulu einnig taka til þeirra upplýsinga sem krafist er til að sýna fram á þær aðferðir,
 - ii. varnarráðstafanir fyrir köfnunarefnisoxíð, sem skulu einnig taka til aðferðarinnar sem notuð er til að sýna fram á þær varnarráðstafanir,
 - iii. umsjón er með því svæði sem tengist viðeigandi prófunarlotu með stöðugu ástandi fyrir hreyfla búnaðar til nota utan vega, en innan þess er heimilt að losunin fari yfir þau losunarmörk sem sett eru fram í II. viðauka,
 - iv. val tækniþjónustunnar á viðbótarmælipunktum innan stjórnsvæðisins við losunarprófun á prófunarbekk.

4. Framkvæmdastjórnin hefur vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 55. gr. í þeim tilgangi að bæta við þessa reglugerð með því að setja fram:

- a) aðferðafræðina við að aðlaga niðurstöður úr losunarprófun á rannsóknarstofu svo að þær taki til þeirra spillistuðla sem um getur í c-lið í 1. mgr.,
- b) tæknilega eiginleika viðmiðunareldsneytisins sem um getur í 2. mgr. og, eftir atvikum, kröfurnar um lýsingu á öllu öðru tilgreindu eldsneyti, eldsneytisblöndum eða ýrueldsneyti sem lýst er í upplýsingamöppunni,
- c) nákvæmar tæknilegar kröfur og eiginleika fyrir framkvæmd mælinga og prófana sem um getur í 3. mgr.,

- d) aðferðina sem notuð er til að mæla fjölda agna með tilliti til þeirra nákvæmu skilgreininga sem gefnar eru upp í röð breytinga 06 á reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49,
- e) nákvæmar tæknilegar kröfur sem gilda um prófun á tvíbrennihreyflum eða einbrennihreyflum sem knúnir eru loftkenndu eldsneyti sem um getur í II. viðauka.

Samþykking skal þessar framseldu gerðir fyrir 31. desember 2016.

26. gr.

Fyrirkomulag vegna samræmis framleiðslu

1. Viðurkenningaryfirvald sem hefur veitt ESB-gerðarviðurkenningu skal gera nauðsynlegar ráðstafanir í tengslum við þá ESB-gerðarviðurkenningu til að sannreyna, í samvinnu við viðurkenningaryfirvöld hinna aðildarríkjanna ef þörf er á, að fullnægjandi fyrirkomulag sé fyrir hendi til að tryggja að þeir hreyflar sem eru í framleiðslu muni verða í samræmi við viðurkenndu gerðina að því er varðar kröfurnar í þessari reglugerð.
2. Viðurkenningaryfirvald sem hefur veitt ESB-gerðarviðurkenningu skal gera nauðsynlegar ráðstafanir í tengslum við þá ESB-gerðarviðurkenningu til að sannreyna að samræmisfirlýsingar sem framleiðandi gefur út uppfylli ákvæði 31. gr.
3. Viðurkenningaryfirvald sem hefur veitt ESB-gerðarviðurkenningu skal gera nauðsynlegar ráðstafanir í tengslum við þá ESB-gerðarviðurkenningu, ef nauðsyn krefur í samstarfi við viðurkenningaryfirvöld hinna aðildarríkjanna, til að ganga úr skugga um að fyrirkomulag sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar dugi áfram þannig að hreyflar í framleiðslu verði áfram í samræmi við viðurkenndu gerðina og að samræmisfirlýsingarnar, eftir atvikum, uppfylli áfram ákvæði 31. gr.
4. Til að ganga úr skugga um að hreyfill samræmist viðurkenndu gerðina getur viðurkenningaryfirvaldið sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna framkvæmt einhverja af þeim skoðunum eða prófunum sem krafist er vegna ESB-gerðarviðurkenningar, á sýnishornum sem tekin eru á athafnasvæði framleiðanda, þ.m.t. á framleiðslustöðvum framleiðandans.
5. Ef viðurkenningaryfirvald sem veitir ESB-gerðarviðurkenningu kemst að þeirri niðurstöðu að ekki sé farið að fyrirkomulaginu sem um getur í 1. mgr., að vikið sé verulega frá fyrirkomulaginu sem samkomulag var gert um eins og um getur í 1. mgr., að ekki sé lengur farið eftir fyrirkomulaginu eða að það dugi ekki lengur, jafnvel þó framleiðslu sé haldið áfram, skal viðurkenningaryfirvaldið annað hvort grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að verklagi vegna framleiðslusamræmis sé fylgt á réttan hátt, en annars skal það afturkalla ESB-gerðarviðurkenninguna.
6. Framkvæmdastjórnin hefur vald til að samþykka framseldar gerðir í samræmi við 55. gr. í þeim tilgangi að auka við þessa reglugerð með því að mæla fyrir um ítarlegar ráðstafanir sem viðurkenningaryfirvöld skulu gera og málsmeðferðarreglur sem þau skulu fylgja til að tryggja að þeir hreyflar sem eru í framleiðslu séu í samræmi við samþykktu gerðina. Samþykking skal þessar framseldu gerðir fyrir 31. desember 2016.

VI. KAFLI

BREYTINGAR OG GILDI ESB-GERÐARVIÐURKENNINGA

27. gr.

Almenn ákvæði

1. Framleiðandi skal án tafar tilkynna viðurkenningaryfirvaldinu sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna um allar breytingar sem eru gerðar á efnisatriðunum sem skráð eru í upplýsingasafninu.

Ef um er að ræða slíka breytingu skal viðurkenningaryfirvaldið ákveða hvaða verklagi, sem mælt er fyrir um í 28. gr., skuli fylgt.

Ef nauðsyn krefur má viðurkenningaryfirvaldið ákveða, að höfðu samráði við framleiðandann, að veita skuli nýja ESB-gerðarviðurkenningu.

2. Umsókn um breytingu á ESB-gerðarviðurkenningu er einungis heimilt að leggja fyrir viðurkenningaryfirvaldið sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna upphaflega.
3. Áliti viðurkenningaryfirvaldið að breyting kalli á að skoðanir eða prófanir verði endurteknar skal það tilkynna framleiðandanum þar um.

Verklagið sem mælt er fyrir um í 28. gr. á aðeins við ef viðurkenningaryfirvaldið telur, á grundvelli skoðana og prófana, að kröfur fyrir ESB-gerðarviðurkenningu séu áfram uppfylltar.

28. gr.

Endurskoðun og rýmkun ESB-gerðarviðurkenninga

1. Ef efnisatriðunum sem skráð eru í upplýsingasafnið hefur verið breytt án þess að farið hafi verið fram á að skoðanir eða prófanir séu endurteknar skal slík breyting vera kölluð „endurskoðun“.

Ef um er að ræða slíka endurskoðun skal viðurkenningaryfirvaldið án ótilhlýðilegra tafa endurskoða viðeigandi síður í upplýsingasafninu eftir þörfum og merkja hverja þeirra til að sýna greinilega eðli breytingarinnar, og það skal einnig tilgreina dagsetningu endurskoðunarinnar og leggja fram endurskoðaða atriðaskrá með upplýsingasafninu. Samsteypt, uppfærð útgáfa upplýsingasafnsins ásamt nákvæmri lýsingu á breytingunum skal teljast uppfylla skilyrði þessarar málsgreinar.

2. Breyting eins sú sem um getur í 1. mgr. skal kallast „rýmkun“ ef upplýsingunum sem skráðar eru í upplýsingasafninu hefur verið breytt og eitthvað af eftirtöldu átt sér stað:

- a) þörf er á frekari skoðunum eða prófunum,
- b) einhverjar upplýsingar í ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu, að undanskildum fylgiskjölunum, hafa breyst,
- c) ný krafa sem sett er fram í þessari reglugerð eða í framseldri gerð eða framkvæmdargerð sem er samþykkt samkvæmt þessari reglugerð öðlast gildi gagnvart viðurkenndri gerð hreyfils eða hreyflahópi.

Ef um er að ræða rýmkun skal viðurkenningaryfirvaldið útbúa uppfært ESB-gerðarviðurkenningarvottorð merkt með númeri rýmkunar sem skal hækka í samræmi við fjölda rýmkana sem áður hafa verið veittar. Ástæður rýmkunarinnar og dagsetning rýmkunarinnar skulu koma greinilega fram á ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu.

3. Þegar síðum upplýsingasafnsins er breytt eða útbúin er samsteypt, uppfærð útgáfa skal breyta atriðaskránni með upplýsingasafninu, sem fylgir ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu, þannig að gefin sé til kynna dagsetning nýjustu rýmkunar eða endurskoðunar eða dagsetning nýjustu samsteyptu útgáfu uppfærðu útgáfunnar.
4. Ekki er þörf á breytingu á ESB-gerðarviðurkenningu gerðar hreyfils eða hreyflahóps ef ný krafa, sem um getur í c-lið 2. mgr., skiptir ekki máli, út frá tæknilegu sjónarmiði, fyrir þessa gerð hreyfils eða þennan hreyflahóp með tilliti til mengunarvarnagetu.

29. gr.

Útgáfa og tilkynning um breytingar

1. Ef um er að ræða endurskoðun á ESB-gerðarviðurkenningu skal viðurkenningaryfirvaldið gefa út til handa umsækjandanum, án ótilhlýðilegra tafa, endurskoðuð skjöl eða samsteypta, uppfærða útgáfu, eftir því sem við á, þ.m.t. endurskoðaða atriðaskrá með upplýsingasafninu eins og um getur í annarri undirgrein í 1. mgr. 28. gr.
2. Ef um er að ræða rýmkun á ESB-gerðarviðurkenningu skal viðurkenningaryfirvaldið gefa út til handa umsækjandanum, án ótilhlýðilegra tafa, uppfærða ESB-gerðarviðurkenningu sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr. 28. gr., þ.m.t. fylgiskjöl hennar, ásamt atriðaskránni með upplýsingasafninu.

3. Viðurkenningaryfirvaldið skal, með upplýsingakerfinu fyrir innri markaðinn, tilkynna viðurkenningaryfirvöldum hinna aðildarríkjanna um allar breytingar sem gerðar eru á ESB-gerðarviðurkenningum, í samræmi við 5. mgr. 22. gr.

30. gr.

Gildi ESB-gerðarviðurkenningar

1. ESB-gerðarviðurkenningar skulu gefnar út með ótakmarkaðan gildistíma.
2. ESB-gerðarviðurkenning hreyfils skal falla úr gildi við eftirfarandi aðstæður:
 - a) ef nýjar kröfur sem öðlast gildi gagnvart viðurkenndri gerð hreyfils eða, eftir atvikum, gagnvart hreyflahópnum verða lögboðnar fyrir setningu hreyfilsins á markað og ekki er hægt að rýmka eða endurskoða ESB-gerðarviðurkenninguna til samræmis við það,
 - b) ef framleiðslu á viðurkenndri gerð hreyfils eða hreyflahópi er hætt endanlega og af frjálsum vilja,
 - c) ef ESB-gerðarviðurkenningin fellur úr gildi samkvæmt takmörkun í samræmi við 3. mgr. 35. gr.,
 - d) ef ESB-gerðarviðurkenningin hefur verið afturkölluð í samræmi við 26. gr. (5. mgr.), 39. gr. (1. mgr.) eða 40. gr. (3. mgr.).

3. Ef skilyrðin fyrir gildi ESB-gerðarviðurkenningar eru ekki lengur uppfyllt að því er varðar einungis eina gerð hreyfils innan hreyflahóps skal ESB-gerðarviðurkenning viðkomandi hreyflahóps falla úr gildi einungis að því marki sem varðar þá tilteknu gerð hreyfils.

4. Ef framleiðslu gerðar hreyfils eða, eftir atvikum, framleiðslu hreyflahóps er endanlega hætt skal framleiðandinn tilkynna viðurkenningaryfirvaldinu sem veitti samsvarandi ESB-gerðarviðurkenningu um að henni sé hætt.

Innan mánaðar frá móttöku þeirrar tilkynningar skal viðurkenningaryfirvaldið sem veitti ESB-gerðarviðurkenningu fyrir þá gerð hreyfils eða þann hreyflahóp upplýsa viðurkenningaryfirvöld hinna aðildarríkjanna um það.

5. Með fyrirvara um 4. mgr. skal framleiðandi, í tilvikum þar sem ljóst er að ESB-gerðarviðurkenning gerðar hreyfils eða, eftir atvikum, hreyflahóps fellur brátt úr gildi, tilkynna viðurkenningaryfirvaldinu sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna um það.

Í slíkum tilvikum skal viðurkenningaryfirvaldið sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna án tafar veita viðurkenningaryfirvöldum hinna aðildarríkjanna allar viðeigandi upplýsingar.

Í orðsendingunni skal einkum tilgreina framleiðsludag og kenninúmer síðasta hreyfilsins sem framleiddur var.

6. Líta skal svo á að tilkynningarskyldan sem um getur í 4. og 5. mgr. hafi verið uppfyllt ef viðeigandi upplýsingum hefur verið hlaðið inn í upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn.

VII. KAFLI

SAMRÆMISYFIRLÝSING OG MERKINGAR

31. gr.

Samræmisyfirlýsing

1. Í hlutverki sínu sem handhafi ESB-gerðarviðurkenningar á gerð hreyfils eða á hreyflahópi skal framleiðandinn skila samræmisyfirlýsingu („samræmisyfirlýsing“) sem skal fylgja hreyflum sem settir eru á markað á grundvelli:

- a) undanþágu sem um getur í 34. gr. (2., 4., 5., 6., 7. eða 8. mgr.), 35. gr. (4. mgr.) eða
- b) umbreytingarákvæðis sem um getur í 9., 10. eða 11. mgr. 58. gr.

Í samræmisfirlýsingunni skal tilgreina þau tilteknu einkenni og takmarkanir sem munu eiga að gilda um hreyfilinn, henni skal skilað án endurgjalds með hreyflinum og hún skal, eftir atvikum, fylgja færanlega vélbúnaðinum til nota utan vega sem hreyfillinn er uppsettur í. Afhending hennar skal ekki vera háð því að skýrt sé farið fram á hana eða að framleiðanda séu veittar frekari upplýsingar. Samræmisfirlýsinguna má einnig afhenda í formi öruggar rafrænnar skráar.

Í tíu ár frá framleiðsludegi hreyfilsins skal framleiðandinn, að beiðni endanlegs notanda, gefa út eftirrit af samræmisfirlýsingunni, gegn greiðslu sem ekki er hærri en kostnaðurinn sem fylgir útgáfu þess. Orðið „eftirrit“ skal koma greinilega fram á sérhverju slíku eftirriti af samræmisfirlýsingu.

2. Samræmisfirlýsingin skal vera á a.m.k. einu af opinberum tungumálum Sambandsins.

Aðildarríki geta óskað eftir við framleiðandann að samræmisfirlýsingin verði þýdd yfir á eitt eða fleiri opinber tungumál þeirra.

3. Einstaklingur eða einstaklingar sem hafa heimild til að undirrita samræmisfirlýsingar skulu tilheyra fyrirtæki framleiðanda og skulu hafa fullt umboð frá stjórnendum þess fyrirtækis til þess að bera lagalega ábyrgð framleiðanda að því er varðar hönnun og smíði eða að því er varðar framleiðslusamræmi hreyfilsins.

4. Samræmisfirlýsinguna skal fylla út í heild sinni og skal hún ekki innihalda neinar takmarkanir að því er varðar notkun hreyfilsins, aðrar en þær takmarkanir sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

5. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um sniðmátið fyrir samræmisfirlýsinguna, þ.m.t. einkennin sem miða að því að koma í veg fyrir fölsun og að því að leyfa sannprófun á öruggu rafrænu skránni. Í því skyni ætti í framkvæmdargerðum að kveða á um þá öryggisþætti sem notaðir eru til að vernda samræmisfirlýsinguna. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar eigi síðar en 31. desember 2016, í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 56. gr.

32. gr.

Lögboðin áletrun á hreyflum

1. Framleiðandinn skal setja áletrun á hvern hreyfil sem framleiddur er í samræmi við viðurkenndu gerðina („lögboðna áletrunin“)

2. Að því er varðar eftirfarandi hreyfla skal lögboðna áletrunin innihalda viðbótarupplýsingar þar sem tilgreint er að hreyfillinn falli undir viðeigandi undanþágu eða umbreytingarákvæði:

- a) hreyflar til útflutnings til þriðju landa sem um getur í 1. mgr. 34. gr. sem eru framleiddir annað hvort innan Sambandsins eða utan þess og síðan settir, innan Sambandsins, í færanlegan vélbúnað til nota utan vega
- b) hreyflar settir á markað í samræmi við 2., 5., 6. eða 8. mgr. 34. gr.,
- c) hreyflar sem eru tímabundið settir á markað í samræmi við 4. mgr. 34. gr.,
- d) umbreytingarhreyflar sem eru settir á markað í samræmi við 5. mgr. 58. gr.,
- e) varahreyflar sem eru settir á markað í samræmi við 7. mgr. 34. gr. eða 10. eða 11. mgr. 58. gr.

3. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um sniðmát fyrir lögboðna áletrunina, þ.m.t. skyldubundnar nauðsynlegar upplýsingar sem krafist er þegar hreyfillinn yfirgefur framleiðslulínuna, skyldubundnar nauðsynlegar upplýsingar sem krafist er áður en hreyfillinn er settur á markað og, eftir atvikum, þær viðbótarupplýsingar sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar eigi síðar en 31. desember 2016, í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 56. gr.

33. gr.

Tímabundin áletrun á hreyflum

1. Framleiðandinn skal setja tímabundna áletrun á hvern hreyfil sem framleiddur er í samræmi við viðurkenndu gerðina og sem settur er á markað á grundvelli 3. mgr. 34. gr.
2. Hreyfill sem er enn ekki í samræmi við viðurkenndu gerðina og sem verið er að afhenda framleiðanda hreyfilsins skal aðeins hafa tímabundna áletrun.
3. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um sniðmát fyrir tímabundnu áletranirnar sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, þ.m.t. þær lögboðnu nauðsynlegu upplýsingar sem skulu koma fram í þeim. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar eigi síðar en 31. desember 2016, í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 56. gr.

VIII. KAFLI

UNDANÞÁGUR

34. gr.

Almennar undanþágur

1. Hreyflar til útflutnings til þriðju landa skulu ekki falla undir þessa reglugerð nema að því er varðar a-lið 2. mgr. 32. gr.
2. Hreyflar til notkunar á vegum heraflla skulu ekki falla undir þessa reglugerð nema að því er varðar b-lið 2. mgr. 32. gr.

Slökkvilið, þjónusta tengd almannavörnum, liðsafla sem sér um að halda uppi allsherjarreglu og neyðarsjúkraflutningar skulu ekki teljast vera hluti af heraflla að því er varðar þessa málsgrein.

3. Framleiðandi getur, með fyrirvara um 32. gr. og með samþykki framleiðanda upprunalega búnaðarins, afhent honum hreyfil og eftirmeðferðarkerfi hans sitt í hvoru lagi.
4. Þrátt fyrir 3. mgr. 5. gr. skulu aðildarríki heimila tímabundna setningu hreyfla, sem hafa ekki hlotið ESB-gerðarviðurkenningu í samræmi við þessa reglugerð, á markað í þeim tilgangi að vettvangsprófa þá.
5. Þrátt fyrir 2. mgr. 18. gr. og 3. mgr. 22. gr. skulu aðildarríki veita ESB-gerðarviðurkenningu og heimila setningu á markað á hreyflum sem uppfylla viðmiðunarmörkin fyrir losun mengandi lofttegunda og efnisagna fyrir hreyfla með sérstakan tilgang sem sett eru fram í VI. viðauka, með því skilyrði að hreyflarnir séu ætlaðir til uppsetningar í færanlegum vélbúnaði til nota utan vega sem hugsaður er til nota í hugsanlega sprengifimu lofti, eins og það er skilgreint í 5. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/34/ESB (1).
6. Þrátt fyrir 2. mgr. 18. gr. og 3. mgr. 22. gr. geta aðildarríki, að fenginni beiðni, veitt ESB-gerðarviðurkenningu og heimilað setningu á markað á hreyflum sem uppfylla viðmiðunarmörkin fyrir losun mengandi lofttegunda og efnisagna fyrir hreyfla með sérstakan tilgang sem sett eru fram í VI. viðauka, með því skilyrði að hreyflarnir séu ætlaðir til uppsetningar í færanlegum vélbúnaði til nota utan vega sem er eingöngu notaður við sjósetningu og upptöku björgunarbáta sem landsbundnar björgunarsveitir nota.
7. Þrátt fyrir 3. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 18. gr. geta aðildarríki, í tengslum við hreyfla í flokki RLL eða RLR sem settir eru á markað Sambandsins 31. desember 2011 eða fyrir þann dag, heimilað setningu varahreyfla á markað ef viðurkenningaryfirvaldið, að lokinni skoðun, viðurkennir og hefur komist að þeirri niðurstöðu að uppsetning hreyfils sem uppfyllir gildandi losunarmörk sem sett eru fram í töflum II-7 og II-8 í II. viðauka feli í sér umtalsverð tæknileg vandkvæði. Í slíku tilviki skulu varahreyflarnir annað hvort uppfylla þau losunarmörk sem þeir hefðu þurft að uppfylla til þess að vera settir á markað Sambandsins 31. desember 2011, eða þeir skulu uppfylla strangari losunarmörk.

(1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/34/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi búnað og verndarkerfi sem eru ætluð til notkunar í hugsanlega sprengifimu lofti (Stjtið. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 309).

Að því er varðar hreyfla í flokkum RLL og RLR sem voru settir á markað Sambandsins eftir 31. desember 2011 geta aðildarríki heimilað setningu varahreyfla á markað sem uppfylla þau losunarmörk sem þeir hreyflar sem skipta á út þurftu að uppfylla þegar þeir voru upphaflega settir á markað Sambandsins.

8. Að því er varðar hreyfla í flokkum RLL eða RLR geta aðildarríki heimilað setningu hreyfla á markað sem uppfylla nýjustu gildandi losunarmörk sem skilgreind eru í viðeigandi löggjöf sem er í gildi 5. október 2016, að því tilskildu að:

- a) þeir hreyflar séu hluti af verkefni sem er á lokastigi þróunar 6. október 2016, eins og er skilgreint í tilskipun 2008/57/EB og
- b) notkun hreyfla sem uppfylla viðeigandi losunarmörk sem sett eru fram í töflu II-7 eða II-8 í II. viðauka muni leiða til óhóflegs kostnaðar.

Hvert aðildarríki skal senda framkvæmdastjórninni skrá yfir öll slík verkefni eigi síðar en 17. september 2017.

9. Framkvæmdastjórnin hefur vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 55. gr. í þeim tilgangi að auka við þessa reglugerð með nákvæmum tækniforskriftum og skilyrðum sem varða:

- a) afhendingu framleiðanda á hreyfli og eftir meðferðarkerfi hans fyrir útblástursloft sitt í hvoru lagi til framleiðanda upprunalegs búnaðar, eins og um getur í 3. mgr.,
- b) tímabundna setningu hreyfla, sem hafa ekki hlotið ESB-gerðarviðurkenningu í samræmi við þessa reglugerð, á markað í þeim tilgangi að vettvangsprófa þá, eins og um getur í 4. mgr.,
- c) veitingu ESB-gerðarviðurkenningar og veitingu heimildar fyrir setningu á markað á hreyflum sem uppfylla viðmiðunarmörkin fyrir losun mengandi lofttegunda og efnisagna fyrir hreyfla með sérstakan tilgang sem sett eru fram í VI. viðauka, eins og um getur í 5. og 6. mgr.

Samþykking skal þessar framseldu gerðir fyrir 31. desember 2016.

35. gr.

Undanþágur fyrir nýja tækni eða nýja hönnun

1. Framleiðandi getur sótt um ESB-gerðarviðurkenningu að því er varðar gerð hreyfils eða hreyflahóp sem felur í sér nýja tækni eða hönnun sem, sökum þeirrar nýju tækni eða hönnunar, er ósamrýmanlegur einni eða fleiri kröfum í þessari reglugerð.

2. Viðurkenningaryfirvald skal veita ESB-gerðarviðurkenninguna sem um getur í 1. mgr. ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) í umsókninni eru tilgreindar ástæður fyrir því að ný tækni eða ný hönnun geri gerð hreyfilsins eða hreyflahópinn ósamrýmanlegan einni eða fleiri kröfum í þessari reglugerð,
- b) í umsókninni er áhrifum nýju tækninnar eða nýju hönnunarinnar á umhverfi lýst, sem og aðgerðum sem gerðar eru til að tryggja megi a.m.k. jafn hátt stig umhverfisverndar og kveðið er á um í þeim kröfum í þessari reglugerð sem sótt er um undanþágu frá,
- c) lýsingar á prófunum og niðurstöðum þeirra eru kynntar þannig að þær sýni fram á að skilyrðin í b-lið séu uppfyllt.

3. Veiting á ESB-gerðarviðurkenningunni sem um getur í 1. mgr. skal vera með fyrirvara um heimild frá framkvæmdastjórninni.

Ef við á skal í heimildinni frá framkvæmdastjórninni tilgreina hvort hún sæti takmörkunum.

Heimildin skal veitt með framkvæmdargerð.

4. Á meðan ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar um heimild skv. 3. mgr. er beðið getur viðurkenningaryfirvald gefið út ESB-gerðarviðurkenningu til bráðabirgða, sem skal gilda:

- a) einungis á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis,
- b) einungis að því er varðar gerð hreyfils eða hreyflahóp sem fellur undir undanþáguna sem sótt er um og
- c) í minnst 36 mánuði.

Ef ESB-gerðarviðurkenning til bráðabirgða er veitt skal viðurkenningaryfirvaldið án tafar senda framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum tilkynningu um það með skrá sem inniheldur upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr.

Það skal koma fram í fyrirsögn ESB-gerðarviðurkenningavottorðs og samsvarandi samræmisýfirlýsingar að slíkt ESB-gerðarviðurkenningavottorð til bráðabirgða sé veitt til bráðabirgða og gildi aðeins á takmörkuðu svæði.

5. Ef viðurkenningaryfirvald ákveður að samþykkja til bráðabirgða ESB-gerðarviðurkenningu, sem um getur í 4. mgr., á yfirráðasvæði sínu skal það upplýsa viðeigandi viðurkenningaryfirvald og framkvæmdastjórnina um það skriflega.

6. Ef framkvæmdastjórnin ákveður að veita ekki heimildina sem um getur í 3. mgr. skal viðurkenningaryfirvaldið tafarlaust tilkynna handhafa ESB-gerðarviðurkenningarinnar til bráðabirgða, sem um getur í 4. mgr., að ESB-gerðarviðurkenningin til bráðabirgða verði afturkölluð að sex mánuðum liðnum frá synjun framkvæmdastjórnarinnar.

Í öllum aðildarríkjum þar sem viðurkenningaryfirvöld hafa samþykkt ESB-gerðarviðurkenninguna til bráðabirgða má setja á markað þá hreyfla sem framleiddir eru í samræmi við ESB-gerðarviðurkenninguna til bráðabirgða áður en hún verður ógild, þrátt fyrir ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar að veita ekki leyfið sem um getur í 3. mgr.

7. Líta skal svo á að kröfurnar sem um getur í annari undirgrein í 4. og 5. mgr. séu uppfylltar ef viðeigandi upplýsingum hefur verið hlaðið inn í upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn.

8. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um heimildina sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 56. gr.

9. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um samræmt sniðmát fyrir ESB-gerðarviðurkenningavottorðið og samræmisýfirlýsinguna sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar, þ.m.t. nauðsynlegar upplýsingar í þeim. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar eigi síðar en 31. desember 2016, í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 56. gr.

36. gr.

Síðari breytingar framseldra gerða og framkvæmdargerða

1. Ef framkvæmdastjórnin heimilar veitingu undanþágu í samræmi við 35. gr. skal hún tafarlaust gera nauðsynlegar ráðstafanir til að laga viðkomandi framseldar gerðir eða framkvæmdargerðir að tækniþróun.

Ef undanþágan sem leyfð er skv. 35. gr. tengist máli sem er reglufest með reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu skal framkvæmdastjórnin leggja til breytingu á þeirri reglugerð í samræmi við viðkomandi málsmeðferð samkvæmt endurskoðaða samningnum frá 1958.

2. Um leið og viðeigandi framseldum gerðum eða framkvæmdargerðum sem um getur í 1. mgr. hefur verið breytt skal framkvæmdastjórnin aflétta öllum takmörkunum sem settar voru á með þeirri ákvörðun að heimila undanþáguna.

Ef ekki hafa verið gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til að aðlaga framseldar gerðir eða framkvæmdargerðir getur framkvæmdastjórnin, að beiðni aðildarríkisins sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna til bráðabirgða, heimilað því aðildarríki að rýmka gerðarviðurkenninguna með ákvörðun í formi framkvæmdargerðar sem samþykkt er í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 56. gr.

IX. KAFLI

SKÝRSLUGJÖF UM FRAMLEIÐSLU OG SANNPÓFUND

37. gr.

Skyldur framleiðenda með tilliti til skýrslugjafar um framleiðslu og sannprófund

1. Framleiðandinn skal leggja fyrir viðurkenningaryfirvaldið, sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna, skrá yfir fjölda þeirra hreyfla af hverri gerð hreyfils og af hverjum undirflokki hreyfils sem framleiddir hafa verið í samræmi við þessa reglugerð og í samræmi við ESB-gerðarviðurkenninguna frá því að síðasta framleiðsluskýrsla var lögð fram, eða frá því að kröfurnar í þessari reglugerð öðluðust gildi.

Skráin skal lögð fram:

- a) innan 45 daga eftir lok hvers almanaksárs,
 - b) strax eftir hverja dagsetningu fyrir setningu hreyfla á markað, sem um getur í III. viðauka og
 - c) fyrir hverja þá dagsetningu sem viðurkenningaryfirvaldið mælir fyrir um.
2. Í skránni sem um getur í 1. mgr. skal tilgreina hvernig kenninúmerin svara til samsvarandi gerða hreyfla og, eftir atvikum, svara til samsvarandi hreyflahópa og til ESB-gerðarviðurkenningarnúmera ef slíkar samsvaranir eru ekki auðkenndar í skráningarkerfi hreyfilsins.
3. Í skránni sem um getur í 1. mgr. skal gefa til kynna með skýrum hætti í hvert sinn sem framleiðandi hættir framleiðslu á viðurkenndri gerð hreyfils eða á viðurkenndum hreyflahópi.
4. Framleiðandinn skal halda eftir afriti af skránni sem um getur í 1. mgr. í minnst 20 ár frá því að gildistíma viðeigandi ESB-gerðarviðurkenningar lýkur.
5. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um sniðmát skrárinnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar eigi síðar en 31. desember 2016, í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 56. gr.

38. gr.

Sannprófanir

1. Viðurkenningaryfirvald í aðildarríki sem veitti ESB-gerðarviðurkenningu skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja, eftir því sem við á í samstarfi við viðurkenningaryfirvöld hinna aðildarríkjanna, að kenninúmerunum sem varða ESB-gerðarviðurkenninguna sé réttilega úthlutað til framleiðenda og réttilega notuð af þeim áður en gerðarviðurkenndi hreyfillinn er settur á markað eða boðinn fram á markaði.
2. Framkvæma má viðbótarsannprófund á kenninúmerunum í tengslum við eftirlit með samræmi framleiðslu sem mælt er fyrir um í 26. gr.
3. Að því er varðar sannprófund kenninúmera skal framleiðandinn eða fulltrúi framleiðandans, að fenginni beiðni, afhenda ábyrga viðurkenningaryfirvaldinu tafarlaust þær upplýsingar sem krafist er um kaupendur framleiðandans, ásamt kenninúmerum þeirra hreyfla sem tilkynnt er að séu framleiddir í samræmi við 37. gr. Þegar hreyflar eru gerðir aðgengilegir framleiðanda upprunalegs búnaðar skal framleiðandinn ekki krafinn um neinar viðbótarupplýsingar.
4. Ef, á grundvelli beiðni frá viðurkenningaryfirvaldinu, framleiðandinn er ófær um að sýna fram á að farið sé að kröfunum um lögboðna áletrun getur viðurkenningaryfirvaldið afturkallað veitta ESB-gerðarviðurkenningu að því er varðar samsvarandi gerð hreyfils eða hreyflahóp. Viðurkenningaryfirvöldin skulu, innan eins mánaðar, tilkynna hvert öðru um sérhverja afturköllun á ESB-gerðarviðurkenningu og um ástæður hverrar afturköllunar, í samræmi við 5. mgr. 22. gr.

X. KAFLI

VERNDARÁKVÆÐI

39. gr.

Hreyflar sem eru ekki í samræmi við viðurkenndu gerðina

1. Ef hreyflar með lögboðinni áletrun og, eftir atvikum, meðfylgjandi samræmisýfirlýsingu eru ekki í samræmi við viðurkennda gerð hreyfilsins eða viðurkennda hreyflahópinn skal viðurkenningaryfirvaldið sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að hreyflarnir sem eru í framleiðslu séu færðir til samræmis við viðurkennda gerð hreyfilsins eða viðurkennda hreyflahópinn. Slíkar ráðstafanir geta falið í sér afturköllun ESB-gerðarviðurkenningarinnar ef aðgerðir framleiðandans til úrbóta eru ófullnægjandi.

Viðeigandi viðurkenningaryfirvald skal tilkynna viðurkenningaryfirvöldum í öðrum aðildarríkjum um ráðstafanir sem gerðar hafa verið.

2. Frávik frá efnisatriðunum sem sett eru fram í ESB-gerðarviðurkenningarrvottorðinu eða í upplýsingasafninu skulu, að því er varðar 1. mgr. og ef slík frávik eru ekki leyfð í samræmi við VI. kafla, teljast vera ósamræmi við viðurkennda gerð hreyfilsins eða viðurkennda hreyflahópinn.

3. Komist viðurkenningaryfirvald að þeirri niðurstöðu að hreyflar sem með fylgir samræmisýfirlýsing, ef við á, eða sem á er gerðarviðurkenningarkerki útgefið af öðru aðildarríki, séu ekki í samræmi við viðurkennda gerð hreyfilsins eða viðurkennda hreyflahópinn er því heimilt að fara fram á að viðurkenningaryfirvaldið sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna sannprófi að hreyflarnir sem eru í framleiðslu séu enn í samræmi við viðurkennda gerð hreyfilsins eða viðurkennda hreyflahópinn. Viðurkenningaryfirvaldið sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna skal við móttöku slíkrar beiðni grípa til þeirra aðgerða sem um getur í 1. mgr. svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi innan þriggja mánaða frá þeim degi sem farið er fram á það.

4. Viðurkenningaryfirvöldin skulu, innan eins mánaðar, tilkynna hvert öðru um sérhverja afturköllun á ESB-gerðarviðurkenningu og um ástæður hverrar afturköllunar, í samræmi við 5. mgr. 22. gr.

5. Véfengi viðurkenningaryfirvald, sem hefur veitt ESB-gerðarviðurkenningu, skort á samræmi sem því hefur verið tilkynnt um skulu hlutaðeigandi aðildarríki leitast við að jafna þann ágreining.

Viðurkenningaryfirvaldið skal upplýsa framkvæmdastjórnina um málið og skal framkvæmdastjórnin, ef þörf krefur, boða til viðeigandi samráðsfunda til að ná samkomulagi.

40. gr.

Innköllun hreyfla

1. Þegar framleiðanda sem hefur verið veitt ESB-gerðarviðurkenning ber skylda, skv. 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, að innkalla hreyfla sem settir eru á markað, hvort sem þeir eru uppsettir í færanlegum vélbúnaði til nota utan vega eða ekki, á þeim grundvelli að hreyflarnir skapi alvarlega áhættu með tilliti til verndar umhverfisins eða lýðheilsu skal sá framleiðandi:

- a) tafarlaust tilkynna viðurkenningaryfirvaldinu, sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna, um það og
- b) senda viðurkenningaryfirvaldinu tillögu að viðeigandi úrræðum til að takast á við alvarlegu áhættuna.

2. Viðurkenningaryfirvaldið skal tafarlaust tilkynna viðurkenningaryfirvöldum í hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um fyrirhuguð úrræði.

Viðurkenningaryfirvöld skulu tryggja að úrræðunum sé hrint í framkvæmd með skilvirkum hætti, hvert í sínu aðildarríki.

3. Ef viðurkenningaryfirvaldið telur að úrræðin séu ófullnægjandi eða hafi ekki verið framkvæmd nógu hratt skal það tafarlaust tilkynna viðurkenningaryfirvaldinu, sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna, um það.

Ef framleiðandinn leggur síðan ekki til og framkvæmir ráðstafanir til úrbóta með skilvirkum hætti skal viðurkenningaryfirvaldið sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna grípa til þeirra verndarráðstafana sem gerð er krafa um, þ.m.t. að afturkalla ESB-gerðarviðurkenninguna.

Ef ESB-gerðarviðurkenning ökutækis er afturkölluð skal viðurkenningaryfirvaldið tilkynna framleiðanda, viðurkenningaryfirvöldum í hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um það með ábyrgðarbréfi eða sambærilegum rafrænum aðferðum innan eins mánaðar.

41. gr.

Tilkynning um ákvarðanir og úrræði sem standa til boða

1. Í ákvörðunum af eftirfarandi tegund eða í eftirfarandi tilgangi skal tilgreina ástæðurnar sem þær byggjast á:
 - a) sem eru teknar samkvæmt þessari reglugerð,
 - b) um synjun eða afturköllun á ESB-gerðarviðurkenningu,
 - c) sem krefjast innköllunar hreyfils af markaðnum,
 - d) um að banna, takmarka eða koma í veg fyrir setningu hreyfils á markað eða
 - e) um að banna, takmarka eða koma í veg fyrir setningu á markað á færanlegum vélbúnaði til nota utan vega sem hreyfill, sem fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar, hefur þegar verið uppsettur í.
2. Viðurkenningaryfirvöldin skulu tilkynna hlutaðeigandi aðila um:
 - a) allar ákvarðanir sem um getur í 1. mgr.,
 - b) úrræðin sem þeim eru tiltæk samkvæmt lögum sem eru í gildi í hlutaðeigandi aðildarríki og um tímamörkin sem gilda um þau úrræði.

XI. KAFLI

ALÞJÓÐAREGLUR OG MIÐLUN TÆKNIUPPLÝSINGA

42. gr.

Samþykki jafngildra gerðarviðurkenninga hreyfla

1. Sambandið getur, innan ramma marghliða eða tvíhliða samninga milli Sambandsins og þriðju landa, viðurkennt jafngildið milli skilyrða og ákvæða ESB-gerðarviðurkenninga hreyfla sem komið er á fót með þessari reglugerð og málsmeðferðarreglnanna sem komið er á fót með alþjóðareglum eða reglugerðum þriðju landa.
2. Veittar gerðarviðurkenningar og lögboðnar áletranir sem eru í samræmi við reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu, eða breytingar á þeim, sem Sambandið hefur samþykkt eða gerst aðili að, eins og fjallað er um í framseldu gerðinni sem um getur í a-lið 4. mgr., skulu viðurkenndar sem jafngildar þeim veittu ESB-gerðarviðurkenningum og lögboðnu áletrunum sem krafist er í samræmi við þessa reglugerð.
3. ESB-gerðarviðurkenningar sem veittar eru á grundvelli gerða Sambandsins eins og tilgreint er í framseldu gerðinni sem um getur í b-lið 4. mgr. skulu viðurkenndar sem jafngildar þeim ESB-gerðarviðurkenningum sem veittar eru í samræmi við þessa reglugerð.
4. Framkvæmdastjórnin hefur vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 55. gr. í þeim tilgangi að auka við þessa reglugerð með því að setja fram:
 - a) skrá yfir reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu, eða breytingar á þeim, þ.m.t. allar kröfur sem þar eru settar fram sem tengjast beitingu þeirra sem Sambandið hefur samþykkt eða gerst aðili að og sem skulu gilda um ESB-gerðarviðurkenningu á gerðum hreyfla og á hreyflahópum sem ætlaðir eru til uppsetningar í færanlegum vélbúnaði til nota utan vega,
 - b) skrá yfir gerðir Sambandsins sem ESB-gerðarviðurkenningar eru veittar samkvæmt, þ.m.t. allar kröfur sem eru settar fram í þeim sem tengjast beitingu þeirra.

Samþykkja skal þessar framseldu gerðir fyrir 31. desember 2016.

43. gr.

Upplýsingar og fyrirmæli ætluð framleiðendum upprunalegs búnaðar og endanlegum notendum

1. Framleiðandi skal ekki láta framleiðendum upprunalegs búnaðar eða endanlegum notendum í té neinar tækniupplýsingar sem tengjast efnisatriðunum sem kveðið er á um í þessari reglugerð sem víkja frá þeim efnisatriðum sem viðurkenningar-yfirvaldið samþykkti.
2. Framleiðandinn skal láta framleiðendum upprunalegs búnaðar í té allar viðeigandi upplýsingar og fyrirmæli sem eru nauðsynleg fyrir rétta uppsetningu hreyfils í færanlegum vélbúnaði til nota utan vega, þ.m.t. lýsingu á öllum sérstökum skilyrðum eða takmörkunum sem tengjast uppsetningu eða notkun hreyfilsins.
3. Framleiðandinn skal láta framleiðendum upprunalegs búnaðar í té allar viðeigandi upplýsingar og nauðsynleg fyrirmæli sem ætluð eru endanlegum notendum, þ.m.t. lýsingu á öllum sérstökum skilyrðum eða takmörkunum sem tengjast notkun hreyfils.
4. Framleiðendur skulu láta framleiðendum upprunalegs búnaðar í té gildi losunar koltvísýrings (CO₂) sem ákvarðað var í ESB-gerðarviðurkenningarferlinu og skulu leiðbeina framleiðendum upprunalegs búnaðar um að koma þeim upplýsingum, ásamt upplýsingum til skýringar á prófunarskilyrðunum, til endanlegra notenda færanlegs vélbúnaðar til nota utan vega sem hreyfillinn er ætlaður til uppsetningar í.
5. Framkvæmdastjórnin hefur vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 55. gr., í þeim tilgangi að auka við þessa reglugerð með því að setja fram nákvæm atriði þeirra upplýsinga og fyrirmæla sem um getur í 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar. Samþykkja skal þessar framseldu gerðir fyrir 31. desember 2016.

44. gr.

Gagna- og upplýsingaskipti með upplýsingakerfinu fyrir innri markaðinn

1. Þau gagna- og upplýsingaskipti milli landsyfivalda, eða milli landsyfivalda og framkvæmdastjórnarinnar, sem fara fram innan ramma þessarar reglugerðar og varða ESB-gerðarviðurkenningar, skulu vera á rafrænu formi og fara fram í gegnum upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn.
2. Öllum viðeigandi upplýsingum sem varða ESB-gerðarviðurkenningar sem veittar eru í samræmi við þessa reglugerð skal safnað miðlægt og þær gerðar aðgengilegar landsyfivöldum og framkvæmdastjórninni í gegnum upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn.
3. Framkvæmdastjórnin skal einnig tryggja að upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn:
 - a) geri gagna- og upplýsingaskipti möguleg milli framleiðenda eða tækniþjónustna annars vegar og landsyfivalda eða framkvæmdastjórnarinnar hins vegar,
 - b) veiti almennan aðgang að tilteknum gögnum og upplýsingum sem varða niðurstöður gerðarviðurkenninga og niðurstöður úr vöktun á hreyflum sem eru í notkun,
 - c) eftir því sem við á og sem er tæknilega og fjárhagslega gerlegt og í samráði við hlutaðeigandi aðildarríki, veiti aðstöðu fyrir sjálfvirkan flutning gagna milli fyrirliggjandi landsbundinna gagnagrunna og upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn.
4. Notkun upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn, sem um getur í 3. mgr., skal vera valkvæð.
5. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um nákvæmar tæknilegar kröfur og málsmeðferðarreglur sem nauðsynlegar eru fyrir samtengingu upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn við fyrirliggjandi landsbundna gagnagrunna eins og um getur í c-lið 3. mgr. þessarar greinar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar eigi síðar en 31. desember 2016, í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 56. gr.

XII. KAFLI

TILNEFNING OG TILKYNNING TÆKNIÞJÓNUSTU

45. gr.

Kröfur varðandi tækniþjónustu

1. Viðurkenningaryfirvald skal tilnefna tækniþjónustu í samræmi við 47. gr. og skal hún uppfylla þær kröfur sem mælt er fyrir um í 2.-9. mgr. þessarar greinar.
2. Tækniþjónustu skal komið á fót samkvæmt landslögum aðildarríkis og skal hún hafa réttarstöðu lögaðila.
3. Tækniþjónustan skal vera þriðji aðili og vera óháð hönnunar-, framleiðslu-, birgða- eða viðhaldsferli hreyflanna sem hún leggur mat á.

Aðili, sem tilheyrir viðskiptasamtökum eða fagfélagi sem kemur fram fyrir hönd fyrirtækja sem fást við hönnun, framleiðslu, öflun, samsetningu, uppsetningu, notkun eða viðhald þeirra hreyfla sem honum er falið að meta, prófa eða hafa eftirlit með, getur talist uppfylla kröfur fyrstu undirgreinar, með því skilyrði að sýnt sé fram á að hann sé óháður og laus við hagsmunaárekstra.

4. Tækniþjónustan, þ.m.t. æðstu stjórnendur hennar og starfsfólk sem ber ábyrgð á að framkvæma þá flokka starfsemi sem tækniþjónustan er tilnefnd til að sinna í samræmi við 1. mgr. 47. gr., skal ekki koma að hönnun, framleiðslu, afhendingu, uppsetningu eða viðhaldi þeirra hreyfla sem tækniþjónustan sér um að meta og skal ekki vera fulltrúi aðila sem fást við slíka starfsemi. Þessi takmörkun skal þó ekki útiloka þá notkun á hreyflunum, sem eru metnir, sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar, sem er nauðsynleg fyrir starfsemi tækniþjónustunnar eða persónulega notkun á slíkum hreyflum.

Tækniþjónustan skal tryggja að starfsemi dótturfyrirtækja eða undirverktaka hennar hafi ekki áhrif á trúnað, hlutlægni eða óhlutdrægni þess með tilliti til flokks starfseminnar sem hún er tilnefnd til að sinna.

5. Tækniþjónustan skal annast þá flokka starfsemi, sem hún er tilnefnd til að sinna, af faglegri ráðvændni á hæsta stigi og með nauðsynlegri tæknikunnáttu á viðkomandi sviði og starfsfólk hennar skal vera laust við allan þrýsting eða hvatningu, einkum fjárhagslega, sem kynni að hafa áhrif á mat þeirra eða niðurstöður matsstarfsemi þeirra, einkum þrýsting og hvatningu frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem eiga hagsmuna að gæta varðandi niðurstöður þessarar starfsemi.

6. Tækniþjónustan skal sýna viðurkenningaryfirvaldinu, sem tilnefnir hana, fram á að hún sé fær um að framkvæma alla þá flokka starfsemi sem hún sækist eftir tilnefningu fyrir í samræmi við 1. mgr. 47. gr. með því að tryggja að hún hafi:

- a) starfsfólk með viðeigandi fagkunnáttu og sértæka tækniþekkingu og starfsþjálfun, sem og nægilega og viðeigandi reynslu til að framkvæma verkefni,
- b) lýsingar á þeim málsmeðferðarreglum sem eiga við um þá flokka starfsemi sem hún sækist eftir tilnefningu fyrir, þannig að gagnsæi og samanburðarnákvæmni málsmeðferðarreglnanna sé tryggð,
- c) málsmeðferðarreglur fyrir framkvæmd þeirra flokka starfsemi sem hún sækist eftir tilnefningu fyrir sem taka tilhlýðilegt tillit til þess hversu flókin tæknin er í hreyflinum sem um er að ræða og hvort hreyfillinn sé framleiddur samkvæmt aðferð fjölda- eða raðframleiðslu og
- d) þau úrræði sem nauðsynleg eru til að framkvæma með viðeigandi hætti þau verkefni sem tengjast þeim flokkum starfsemi sem hún sækist eftir tilnefningu fyrir og að hún hafi aðgang að öllum nauðsynlegum búnaði eða aðstöðu.

7. Tækniþjónustan, þ.m.t. æðstu stjórnendur hennar og starfsfólk sem sinnir matsstarfseminni, skal vera óhlutdræg og skal ekki taka þátt í neinni starfsemi sem gæti haft áhrif á sjálfstætt mat hennar eða heilindi í tengslum við þá flokka starfsemi sem tækniþjónustan er tilnefnd til.

8. Tækniþjónustan skal hafa ábyrgðartryggingu sem nær til stafsemi hennar, nema aðildarríkið taki á sig ábyrgð samkvæmt landslögum eða aðildarríkið sjálft beri beina ábyrgð á matinu.

9. Starfsfólk tækniþjónustu skal vera bundið þagnarskyldu um allar upplýsingar sem það aflar sér í starfi samkvæmt þessari reglugerð eða hverju því ákvæði landslaga sem sett er í tilefni af henni.

Starfsfólk tækniþjónustu skal ekki vera bundið þeirri skyldu sem um getur í fyrstu undirgrein að því er varðar upplýsingaskipti við viðurkenningaryfirvaldið sem tilnefndi hana eða þegar lög Sambandsins eða landslög krefjast slíkra skipta.

Einkaleyfaréttur skal varinn.

46. gr.

Dótturfyrirtæki og undirverktakar tækniþjónustu

1. Tækniþjónustan getur, einungis í samkomulagi við viðurkenningaryfirvaldið sem tilnefndi hana, falið undirverktaka sérstök verkefni í tengslum við þá flokka starfsemi sem tækniþjónustan hefur verið tilnefnd til að sinna í samræmi við 1. mgr. 47. gr., eða falið dótturfélagi þá starfsemi.

Í þeim tilvikum skal tækniþjónustan tryggja að undirverktakinn eða dótturfélagið uppfylli þær kröfur sem settar eru fram í 45. gr. og skal tilkynna viðurkenningaryfirvaldinu sem tilnefndi hana um það.

2. Tækniþjónustan skal bera fulla ábyrgð á þeim verkefnum sem undirverktakar eða dótturfyrirtæki hennar framkvæma, án tillits til staðfestustaðar þeirra.

3. Tækniþjónustan skal hafa tiltæk, fyrir viðurkenningaryfirvaldið sem tilnefndi hana, öll skjöl sem skipta máli varðandi mat á réttindum og hæfi undirverktakans eða dótturfyrirtækisins og þeim verkefnum sem þau sinna.

47. gr.

Tilnefning tækniþjónustu

1. Viðurkenningaryfirvöld skulu tilnefna tækniþjónustur fyrir einn eða fleiri af eftirfarandi flokkum starfsemi í samræmi við valdsvið þeirra:

- a) flokkur A: framkvæmir þær prófanir sem um getur í þessari reglugerð á starfsstöð viðkomandi tækniþjónustu,
- b) flokkur B: hefur eftirlit með þeim prófunum sem um getur í þessari reglugerð þegar slíkar prófanir eru framkvæmdar á starfsstöð framleiðanda eða þriðja aðila,
- c) flokkur C: framkvæmir reglulegt mat á og eftirlit með verklagsreglum framleiðanda til að tryggja samræmi framleiðslu,
- d) flokkur D: hefur umsjón með eða framkvæmir prófanir eða skoðanir til að tryggja samræmi framleiðslu.

2. Viðurkenningaryfirvald má gegna hlutverki tækniþjónustu fyrir einn eða fleiri flokka starfsemi sem um getur í 1. mgr.

3. Tilkynning skv. 50. gr. kann að verða gefin út fyrir tækniþjónustur þriðja lands, aðrar en þær sem eru tilnefndar í samræmi við þessa grein, ef viðurkenning á tækniþjónustunni er veitt með tvíhliða samningi á milli Sambandsins og hlutaðeigandi þriðja lands.

Tækniþjónusta sem komið er á fót í samræmi við 2. mgr. 45. gr. getur þó stofnað dótturfyrirtæki í þriðju löndum að því tilskildu að sú tækniþjónusta stjórnir dótturfyrirtækjunum með beinum hætti.

48. gr.

Málsmeðferðarreglur fyrir staðla um afkastagetu og mat á tækniþjónustu

Framkvæmdastjórnin hefur vald til að samþykka framseldar gerðir í samræmi við 55. gr. í þeim tilgangi að auka við þessa reglugerð með því að mæla fyrir um:

- a) þá staðla sem tækniþjónustur þurfa að uppfylla og
- b) málsmeðferð við mat á tækniþjónustum, þ.m.t. tilheyrandi skýrslu í samræmi við 49. gr.

49. gr.

Mat á fagkunnáttu tækniþjónustu

1. Viðurkenningaryfirvald sem sér um að tilnefna skal gera drög að matsskýrslu sem sýnir fram á að búið sé að meta hvort tækniþjónusta sem sækir um tilnefningu uppfylli ákvæði þessarar reglugerðar og framseldra gerða sem samþykktar eru samkvæmt henni. Í matsskýrslunni getur verið faggildingarvottorð frá faggildingarstofu í aðildarríki til staðfestingar á að tækniþjónustan uppfylli kröfur þessarar reglugerðar.

Matið, sem matsskýrslan er byggð á, skal fara fram í samræmi við ákvæði sem mælt er fyrir um í framseldri gerð sem um getur í 48. gr.

2. Viðurkenningaryfirvaldið sem sér um tilnefningu skal endurskoða matsskýrsluna á a.m.k. þriggja ára fresti.
3. Viðurkenningaryfirvaldið sem sér um tilnefningu skal tilkynna framkvæmdastjórninni um matsskýrsluna að beiðni þeirrar síðarnefndu. Í tilvikum þegar matið er ekki byggt á faggildingarvottorði sem faggildingarstofa í aðildarríki gefur út skal viðurkenningaryfirvaldið sem sér um tilnefninguna afhenda framkvæmdastjórninni skrifleg sönnunargögn sem staðfesta eftirfarandi:
 - a) hæfni tækniþjónustunnar,
 - b) þær ráðstafanir sem eru til staðar til að tryggja að viðurkenningaryfirvaldið sem sér um tilnefninguna vakti tækniþjónustuna reglulega og
 - c) að tækniþjónustan uppfylli kröfurnar í þessari reglugerð og þeim framseldu gerðum sem samþykktar eru samkvæmt henni.
4. Viðurkenningaryfirvald sem ætlar að starfa sem tækniþjónusta í samræmi við 2. mgr. 47. gr. skal sýna fram á að það uppfylli kröfur með mati sem framkvæmt er af úttektaraðila sem tengist ekki þeirri starfsemi sem verið er að meta. Slíkir úttektaraðilar mega tilheyra sömu stofnun að því tilskildu að þeir lúti stjórn sem er óháð starfsfólkinu sem annast starfsemina sem metin er.

50. gr.

Málsmeðferð við tilkynningu

1. Aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni um eftirfarandi að því er varðar hverja tækniþjónustu sem þau hafa tilnefnt:
 - a) heiti tækniþjónustunnar,

- b) heimilisfangið, þ.m.t. tölvupóstfang,
 - c) ábyrgðaraðilana,
 - d) flokka starfseminnar og
 - e) breytingar sem varða tilnefninguna sem um getur í 47. gr.
2. Tækniþjónusta má aðeins sinna starfseminni sem um getur í 1. mgr. 47. gr. fyrir hönd viðurkenningaryfirvaldsins sem sér um tilnefningu ef framkvæmdastjórninni hefur verið tilkynnt um þá tækniþjónustu fyrirfram í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar.
3. Sama tækniþjónustan getur verið tilnefnd af fleiri en einu viðurkenningaryfirvaldi sem sér um tilnefningu og tilkynnt af aðildarríkjum þessara viðurkenningaryfirvalda óháð þeim flokki eða flokkum starfsemi sem hún mun sinna í samræmi við 1. mgr. 47. gr.
4. Ef tilnefna þarf, við beitingu framseldrar gerðar, stofnun eða þar til bærán aðila sem fæst við starfsemi sem ekki er talin upp í 1. mgr. 47. gr. skulu hlutaðeigandi aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni um það í samræmi við þessa grein.
5. Framkvæmdastjórnin skal birta, á vefsetri sínu, skrá yfir og upplýsingar um tækniþjónustur sem tilkynnt hefur verið um í samræmi við þessa grein.

51. gr.

Breytingar á tilnefningum

1. Ef viðurkenningaryfirvald sem tilnefnir hefur komist að raun um eða hefur verið tilkynnt að tækniþjónusta sem það tilnefndi annað hvort uppfylli ekki lengur kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, eða ræki ekki skyldur sínar skal það yfirvald takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla tilnefninguna, eins og við á, háð því hversu alvarlegur misbrestur er á því að þessar kröfur eða skyldur séu uppfylltar.

Aðildarríki sem hefur sent framkvæmdastjórninni tilkynningu um þá tækniþjónustu í samræmi við 1. mgr. 50. gr. skal án tafar upplýsa framkvæmdastjórnina um slíka takmörkun, niðurfellingu eða afturköllun.

Framkvæmdastjórnin skal breyta birtum upplýsingum sem um getur í 5. mgr. 50. gr. til samræmis við það.

2. Ef tilnefningin sem um getur í 1. mgr. er takmörkuð, felld tímabundið úr gildi eða afturkölluð, eða ef tækniþjónustan hefur lagt niður starfsemi skal viðurkenningaryfirvaldið sem tilnefndi hana gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að annaðhvort vinni önnur tækniþjónusta úr skjölum hennar eða að skjölin séu höfð tiltæk fyrir viðurkenningaryfirvaldið sem tilnefndi hana, eða fyrir markaðseftirlitsyfirlönd, sé þess óskað.

52. gr.

Hæfi tækniþjónustu véfengt

1. Framkvæmdastjórnin skal rannsaka öll tilvik þar sem hún hefur efasemdir um hæfi tækniþjónustu eða um að tækniþjónusta uppfylli áfram þær kröfur og skyldur sem á henni hvíla, og öll tilvik þar sem athygli hennar er vakin á slíkum efasemdum.

2. Sé þess óskað skal aðildarríki viðurkenningaryfirvalds sem sér um tilnefningu veita framkvæmdastjórninni allar upplýsingar sem varða ástæður fyrir tilnefningunni eða fyrir að tilnefningu viðkomandi tækniþjónustu er viðhaldið.

3. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að farið sé með allar viðkvæmar upplýsingar, sem fást úr rannsóknum hennar, sem trúnaðarmál.

4. Ef framkvæmdastjórnin kemst að raun um að tiltekin tækniþjónusta uppfylli ekki eða sé hætt að uppfylla kröfurnar vegna tilnefningarinnar skal hún upplýsa aðildarríki viðurkenningaryfirvaldsins sem veitti tilnefninguna um það, með það í huga að koma á nauðsynlegum ráðstöfunum til úrbóta, í samvinnu við aðildarríkið, og skal hún krefjast þess að aðildarríkið grípi til þeirra ráðstafana, þ.m.t. að afturkalla tilnefninguna ef nauðsyn krefur.

53. gr.

Rekstrarlegar skuldbindingar tækniþjónustu

1. Tækniþjónusta skal stunda þá flokka starfsemi sem hún hefur verið tilnefnd til fyrir hönd viðurkenningaryfirvaldsins sem tilnefndi hana og í samræmi við mat og prófunaraðferðir sem kveðið er á um í þessari reglugerð og í framseldum gerðum og framkvæmdargerðum hennar.

Tækniþjónusta skal hafa umsjón með eða framkvæma prófanir sem krafist er fyrir ESB-gerðarviðurkenningu eða skoðanir sem settar eru fram í þessari reglugerð eða í einni af framseldum gerðum eða framkvæmdargerðum hennar, nema þar sem annað verklag er heimilað.

Tækniþjónustur skulu ekki framkvæma prófanir, mat eða skoðanir sem þær hafa ekki verið tilnefndar til að framkvæma.

2. Tækniþjónusta skal ætíð:

- a) leyfa viðurkenningaryfirvaldinu sem tilnefndi hana að fylgjast með henni við framkvæmd mats ef yfirvaldið telur það vera viðeigandi og
- b) veita viðurkenningaryfirvaldinu sem tilnefndi hana þær upplýsingar sem það kann að óska eftir um flokka starfsemi sem hún sinnir og sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar, með fyrirvara um 9. mgr. 45. gr. og 54. gr.

3. Ef tækniþjónusta kemst að því að framleiðandi hafi ekki uppfyllt kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skal hún tilkynna viðurkenningaryfirvaldinu sem tilnefndi hana um það, og það skal síðan krefja framleiðandann um að gera viðeigandi ráðstafanir til úrbóta.

Viðurkenningaryfirvaldið sem sér um tilnefningu skal ekki gefa út ESB-gerðarviðurkenningarvottorð fyrr en framleiðandinn hefur gert viðeigandi ráðstafanir til úrbóta sem viðurkenningaryfirvaldið telur vera fullnægjandi.

4. Ef tækniþjónusta, sem starfar fyrir hönd viðurkenningaryfirvaldsins sem sér um að tilnefna, kemst að þeirri niðurstöðu, við eftirlit með samræmi framleiðslu í kjölfar útgáfu ESB-gerðarviðurkenningarvottorðs, að gerð hreyfils eða hreyflahópur sé ekki lengur í samræmi við þessa reglugerð, skal hún tilkynna það til viðurkenningaryfirvaldsins sem sér um að tilnefna.

Viðurkenningaryfirvaldið skal grípa til viðeigandi ráðstafana eins og kveðið er á um í 26. gr.

54. gr.

Upplýsingaskyldur tækniþjónustu

1. Tækniþjónusta skal tilkynna viðurkenningaryfirvaldinu sem tilnefndi hana um:

- a) allt ósamræmi sem kann að krefjast synjunar, takmörkunar, tímabundinnar sviptingar eða afturköllunar á ESB-gerðarviðurkenningu,
- b) allar aðstæður sem hafa áhrif á gildissvið tilnefningar hennar eða skilyrði fyrir henni,
- c) allar beiðnir frá markaðseftirlitsyfirvöldum um upplýsingar varðandi starfsemina.

2. Fari viðurkenningaryfirvaldið sem tilnefndi tækniþjónustuna fram á það skal hún veita upplýsingar um starfsemi innan gildissviðs tilnefningar hennar og um aðra starfsemi sem hún sinnir, þ.m.t. starfsemi sem nær yfir landamæri og undirverktaka-starfsemi.

XIII. KAFLI

FRAMSELDAR GERÐIR OG FRAMKVÆMDARGERÐIR

55. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.
2. Framkvæmdastjórninni skal falið það vald til að samþykkja framseldar gerðir sem um getur í 19. gr. (2. mgr.), 24. gr. (11. mgr.), 25. gr. (4. mgr.), 26. gr. (6. mgr.), 34. gr. (9. mgr.), 42. gr. (4. mgr.), 43. gr. (5. mgr.) og 48. gr., í fimm ár frá 6. október 2016.
3. Evrópuþingið eða ráðið getur hvenær sem er afturkallað framsal valds sem um getur í 19. gr. (2. mgr.), 24. gr. (11. mgr.), 25. gr. (4. mgr.), 26. gr. (6. mgr.), 34. gr. (9. mgr.), 42. gr. (4. mgr.), 43. gr. (5. mgr.) og 48. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.
4. Framkvæmdastjórnin skal, áður en framseld gerð er samþykkt, hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.
5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.
6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 19. gr. (2. mgr.), 24. gr. (11. mgr.), 25. gr. (4. mgr.), 26. gr. (6. mgr.), 34. gr. (9. mgr.), 42. gr. (4. mgr.), 43. gr. (5. mgr.) og 48. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlun sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

56. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar tækninefndar um vélknúin ökutæki sem komið var á fót skv. 1. mgr. 40. gr. tilskipunar 2007/46/EB. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
3. Skili nefndin ekki álit skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.

XIV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

57. gr.

Viðurlög

1. Aðildarríki skulu kveða á um viðurlög við brotum rekstraraðila og framleiðenda upprunalegs búnaðar gegn þessari reglugerð og framseldum gerðum eða framkvæmdargerðum sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif.

Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði eigi síðar en 7. október 2018 og skulu tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar um síðari breytingar á þeim.

Aðildarríki skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að viðurlögunum sé beitt.

2. Brot sem viðurlög liggja við skulu m.a. felast í eftirfarandi:

- a) lagðar eru fram rangar upplýsingar, einkum meðan ESB-gerðarviðurkenningarferli, ferli sem leiða til innköllunar eða ferli sem varða undanþágur standa yfir,
- b) fölsun niðurstaðna úr prófun í tengslum við ESB-gerðarviðurkenningu eða úr vöktun á hreyflum sem eru í notkun,
- c) ekki eru látin af hendi gögn eða tækniforskriftir sem gætu leitt til innköllunar á hreyflum eða til synjunar eða afturköllunar á ESB-gerðarviðurkenningu,
- d) notkun temprunaraðferða,
- e) synjun um veitingu aðgangs að upplýsingum,
- f) fyrirluð setning hreyfla, sem falla undir ESB-gerðarviðurkenningu, á markað án ESB-gerðarviðurkenningar eða fölsun skjala eða lögboðinna áletrana með það fyrir augum,
- g) brotið er gegn ákvæðum um undanþágur með því að setja á markað umbreytingarhreyfla og færanlegan vélbúnað til nota utan vega sem slíkir hreyflar hafa verið settir í,
- h) brotið er gegn takmörkunum sem eru settar fram í 3. og 4. mgr. 35. gr.,
- i) hreyfill er settur á markað sem hefur verið breytt þannig að hann er ekki lengur í samræmi við forskriftirnar í ESB-gerðarviðurkenningu hans,
- j) hreyfill er settur í færanlegan vélbúnað til nota utan vega fyrir aðra notkun en eingöngu þá sem kveðið er á um í 4. gr.,
- k) hreyfill með sérstakan tilgang er settur á markað skv. 5. eða 6. mgr. 34. gr. fyrir annan færanlegan vélbúnað til nota utan vega en þann sem kveðið er á um í þeim málsgreinum,
- l) hreyfill er settur á markað skv. 34. gr. (7. eða 8. mgr.) og 58. gr. (9., 10., eða 11. mgr.) fyrir vélbúnað annan en þann sem kveðið er á um í þeim málsgreinum,
- m) færanlegur vélbúnaður til nota utan vega er settur á markað með uppsetta hreyfla sem falla undir ESB-gerðarviðurkenningu samkvæmt þessari reglugerð, en án slíkrar viðurkenningar,
- n) færanlegur vélbúnaður til nota utan vega sem brýtur gegn takmörkun varðandi færanlegan vélbúnað til nota utan vega sem sett er fram í 8. mgr. 34. gr. er settur á markað.

58. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Með fyrirvara um II. og III. kafla skal þessi reglugerð ekki ógilda neina ESB-gerðarviðurkenningu eða undanþágu fyrir þær dagsetningar varðandi setningu hreyfla á markað sem settar eru fram í III. viðauka.

2. Viðurkenningaryfirvöld geta, í samræmi við viðeigandi löggjöf sem er í gildi 5. október 2016, haldið áfram að veita ESB-gerðarviðurkenningar fram að lögboðnu dagsetningunum fyrir ESB-gerðarviðurkenningu hreyfla sem settar eru fram í III. viðauka og haldið áfram að veita undanþágur í samræmi við þá löggjöf fram að lögboðnu dagsetningunum fyrir setningu hreyfla á markað sem settar eru fram í III. viðauka.

Aðildarríki geta, í samræmi við viðeigandi löggjöf sem er í gildi 5. október 2016, haldið áfram að leyfa setningu hreyfla á markað fram að lögboðnu dagsetningunum fyrir setningu hreyfla á markað sem settar eru fram í III. viðauka.

3. Hreyflar sem hlotið hafa ESB-gerðarviðurkenningu samkvæmt viðeigandi löggjöf sem er í gildi 5. október 2016, eða sem uppfylla kröfurnar sem settar eru fram af miðnefndinni um siglingar á Rínarfljóti (CCNR) og samþykktar sem II. áfangi CCNR, innan ramma endurskoðaða samningsins um siglingar á Rínarfljóti, geta þrátt fyrir þessa reglugerð áfram verið settir á markað fram að þeim dagsetningum fyrir setningu hreyfla á markað sem settar eru fram í III. viðauka.

Í slíkum tilvikum skulu landsbundin yfirvöld ekki banna, takmarka eða hindra setningu hreyfla, sem samræmast viðurkenndu gerðina, á markað.

4. Halda má áfram að setja á markað hreyfla sem féllu ekki undir gildissvið tilskipunar 97/68/EB 5. október 2016, á grundvelli gildandi landsreglna, ef einhverjar eru, fram að dagsetningunum fyrir setningu hreyfla á markað sem settar eru fram í III. viðauka.

5. Með fyrirvara um 3. mgr. 5. gr., 2. mgr. 18. gr. og, eftir atvikum, tilskipun 2008/57/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1302/2014 ⁽¹⁾ má halda áfram að setja á markað umbreytingarhreyfla og, eftir atvikum, þann færanlega vélbúnað til nota utan vega sem umbreytingarhreyflarnir eru uppsettir í, á umbreytingartímabilinu að því tilskildu að framleiðsludagsetning vélbúnaðarins sem umbreytingarhreyflarnir eru uppsettir í sé eigi síðar en 18 mánuðum frá upphafi umbreytingartímabilsins.

Fyrir hreyfla í flokki NRE skulu aðildarríki heimila framlengingu á umbreytingartímabilinu og á 18 mánaða tímabilinu, sem um getur í fyrstu undirgrein, um 12 mánuði til viðbótar fyrir framleiðendur upprunalegs búnaðar með færri en 100 einingar í árlegri heildarframleiðslu á færanlegum vélbúnaði til nota utan vega sem er útbúinn brunahreyflum. Að því er varðar útreikninginn á árlegri heildarframleiðslu skulu allir framleiðendur upprunalegs búnaðar undir stjórn sama einstaklings eða lögaðila teljast vera stakur framleiðandi upprunalegs búnaðar.

Fyrir hreyfla í flokki NRE sem eru notaðir í færanlegum krönum skal umbreytingartímabilið og 18 mánaða tímabilið, sem um getur í fyrstu undirgrein, vera framlengt um 12 mánuði.

Fyrir hreyfla í flokki NRS með minna vélarafli en 19 kW sem eru notaðir í snjóblásurum skal umbreytingartímabilið og 18 mánaða tímabilið, sem um getur í fyrstu undirgrein, framlengt um 24 mánuði.

6. Með fyrirvara um 5. mgr. þessarar greinar skulu umbreytingarhreyflar uppfylla a.m.k. eina af eftirfarandi kröfum:

- a) vera í samræmi við gerð hreyfla eða við hreyflahópa sem ESB-gerðarviðurkenningin gildir ekki lengur um samkvæmt a-lið 2. mgr. 30. gr. og sem, á framleiðsludagsetningum hreyflanna, falla undir gildandi ESB-gerðarviðurkenningu sem er í samræmi við nýjustu gildandi losunarmörk sem skilgreind eru í viðeigandi löggjöf sem er í gildi 5. október 2016.
- b) tilheyra aflsviði sem féll ekki undir gerðarviðurkenningu á vettvangi Sambandsins að því er varðar losun mengandi efna 5. október 2016 eða
- c) vera notaðir eða ætlaðir til notkunar sem féll ekki undir gerðarviðurkenningu á vettvangi Sambandsins sem tengist losunarmörkum mengandi efna 5. október 2016.

7. Tímabilið fyrir setningu umbreytingarhreyfla á markað skal takmarkast við:

- a) 24 mánuði frá gildandi dagsetningunni fyrir setningu hreyfla á markað sem sett er fram í III. viðauka, í því tilviki sem sett er fram í fyrstu undirgrein 5. mgr.,
- b) 36 mánuði frá gildandi dagsetningunni fyrir setningu hreyfla á markað sem sett er fram í III. viðauka, í því tilviki sem sett er fram í annarri og þriðju undirgrein 5. mgr.,
- c) 48 mánuði frá gildandi dagsetningunni fyrir setningu hreyfla á markað sem sett er fram í III. viðauka, í því tilviki sem sett er fram í fjórðu undirgrein 5. mgr.

8. Framleiðendur skulu tryggja að umbreytingarhreyflar sem settir eru á markað á umbreytingartímabilinu séu í samræmi við kröfur um merkingu sem um getur í d-lið 2. mgr. 32. gr.

⁽¹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1302/2014 frá 18. nóvember 2014 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar járnbrautarvagna og eimreiðar fyrir farþega í undirkerfinu járnbrautarvagnar í járnbrautakerfi í Evrópusambandinu (Stjúd. ESB L 356, 12.12.2014, bls. 228).

9. Þrátt fyrir 5. gr. (3. mgr.), 18. gr. (2. mgr.) og 22. gr. geta aðildarríki, á tímabili sem endar eigi síðar en 17. september 2026, heimilað setningu á markað á hreyflum í flokki RLL með hámarksnettóafli yfir 2000 kW sem uppfylla ekki þau losunarmörk sem sett eru fram í II. viðauka og ætlaðir eru til uppsetningar í eimreiðum sem einungis keyra á tæknilega einangruðu 1520 mm járnbrautarneti. Á því tímabili skulu þeir hreyflar sem settir eru á markað að lágmarki uppfylla þau losunarmörk sem hreyflar urðu að uppfylla til að vera settir á markað hinn 31. desember 2011. Viðurkenningaryfirvöld aðildarríkjanna skulu veita ESB-gerðarviðurkenningu og skulu heimila setningu slíkra hreyfla á markað.

10. Þrátt fyrir 3. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 18. gr. skulu aðildarríki heimila setningu varahreyfla á markað á tímabili sem er eigi lengra en 15 ár, sem hefst á gildandi dagsetningum fyrir setningu á markað á hreyflum í V. áfanga sem settar er fram í III. viðauka, að því tilskildu að hreyflarnir tilheyri flokki sambærilegum NRS með minnst 19 kW viðmiðunarafl, eða tilheyri flokki sambærilegum NRG þar sem varahreyfillinn og upprunalegi hreyfillinn tilheyra hreyfilflokki eða aflsviði sem féll ekki undir gerðarviðurkenningu á vettvangi Sambandsins 31. desember 2016.

11. Þrátt fyrir 3. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 18. gr. skulu aðildarríki heimila setningu varahreyfla á markað á tímabili sem er eigi lengra en 20 ár, sem hefst á gildandi dagsetningum fyrir setningu hreyfla í V. áfanga á markað sem settar eru fram í III. viðauka, að því tilskildu að hreyflarnir:

- a) tilheyri flokki NRE með a.m.k. 19 kW og ekki meira en 560 kW viðmiðunarafl og samræmist losunaráfanga sem rann út eigi lengur en 20 árum fyrir setningu þeirra hreyfla á markað og sem er a.m.k. jafn strangur og losunarmörkin sem hreyfillinn sem skipta skal út þurfti að uppfylla þegar hann var upprunalega settur á markað,
- b) tilheyri flokki sambærilegum NRE og hafi viðmiðunarafl yfir 560 kW, þar sem varahreyfillinn og upprunalegi hreyfillinn tilheyra hreyfilflokki eða aflsviði sem féll ekki undir gerðarviðurkenningu á vettvangi Sambandsins 31. desember 2016.

12. Aðildarríki geta ákveðið að beita ekki þessari reglugerð gagnvart hreyflum sem uppsettir eru í uppskeruvélum fyrir það mull, á tímabili sem endar eigi síðar en 17. september 2026.

13. Framleiðendur skulu tryggja að varahreyflar uppfylli kröfur um áletrun sem um getur í e-lið 2. mgr. 32. gr.

59. gr.

Skýrsla

1. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um beitingu ESB-gerðarviðurkenningaraðferða sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð fyrir 31. desember 2021.

2. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem veittar eru skv. 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar reglugerðar eigi síðar en 31. desember 2021.

60. gr.

Endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2018, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið varðandi matið á möguleikanum á að mæla fyrir um samræmdar ráðstafanir fyrir ísetningu endurbótarhluta fyrir stjórnun á losun í hreyflum færanlegs vélbúnaðar til nota utan vega sem hefur þegar verið settur á markað Sambandsins. Sú skýrsla skal einnig fjalla um tæknilegar ráðstafanir og fjárhagsleg hvatakerfi sem leið til að hjálpa aðildarríkjum við að hlíta löggjöf Sambandsins um loftgæði með því að meta hugsanlegar aðgerðir gegn loftmengun á þéttbýlum svæðum, að teknu tilhlýðilegu tilliti til reglna Sambandsins um ríkisástoð.

2. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2020, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um:

- a) matið á frekari möguleikum á að skerða losun mengandi efna á grundvelli fyrirbyggjandi tækni og kostnaðar- og ábatagreiningar.

Þá einkum, fyrir hreyfla í flokkum IWP og IWA, matið á tæknilegum og efnahagslegum framkvæmanleika á:

- i. frekari skerðingu á viðmiðunarmörkum fyrir fjölda agna sem eru losaðar og fyrir losun köfnunarefnisoxíða,
 - ii. frekari skerðingu á A-þætti fyrir hreyfla sem eru að öllu leyti eða hluta til knúnir loftkenndu eldsneyti, innan ramma loftslagshlutlausrar aðgerðar samborið við hreyfla knúna dísilólú og
 - iii. að bæta við viðmiðunarmörkum fyrir fjölda agna fyrir þá hreyfilflokka sem slík mörk hafa ekki verið sett fyrir í II. viðauka þessarar reglugerðar,
- b) sanngreiningu mengandi lofttegunda sem mögulega gætu skipt máli, sem falla ekki undir gildissvið þessarar reglugerðar.
3. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2025, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið varðandi notkunina á undanþáguákvæðum sem kveðið er á um í 4. og 5. mgr. 34. gr. og vöktuninni á niðurstöðum losunarprófana sem settar eru fram í 19. gr. og ályktanir sem dregnar eru af þeim.

Einnig skal í skýrslunni meta prófanirnar sem krafist er fyrir ESB-gerðarviðurkenningu eins og sett er fram í 24. og 25. gr., með sérstaka áherslu á að hvaða marki þær prófanir samræmast raunverulegum notkunarskilyrðum hreyfils og í skýrslunni skal einnig meta hagkvæmni þess að hefja prófanir á losun mengandi efnisagna sem hluta af prófun ökutækja, sem eru í notkun, sem sett er fram í 19. gr.

4. Skýrslurnar, sem um getur í 2. og 3. mgr., skulu:

- a) byggjast á samráði við viðeigandi hagsmunaaðila,
- b) taka tillit til fyrirliggjandi tengdra staðla Sambandsins og alþjóðlegra staðla og
- c) þeim skulu fylgja, ef við á, tillögur að nýrri löggjöf.

61. gr.

Breytingar á tilskipun 97/68/EB

Tilskipun 97/68/EB er breytt sem hér segir:

1) eftirfarandi undirgreinar bætast við 4. mgr. a í 9. gr.:

„Þrátt fyrir fyrstu undirgrein geta aðildarríki heimilað, að fenginni beiðni frá framleiðanda upprunalegs búnaðar, setningu á markað á hreyflum sem uppfylla viðmiðunarmörk fyrir losun í III. áfanga A að því tilskildu að hreyflarnir séu ætlaðir til uppsetningar í færanlegum vélbúnaði til nota utan vega sem hugsaður er til nota í hugsanlega sprengifimu lofti, eins og tilgreint er í 5. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/34/ESB (*).

Framleiðendur skulu afhenda viðurkenningaryfirvaldinu sönnunargögn þess efnis að hreyflarnir séu eingöngu uppsettir í færanlegum vélbúnaði til nota utan vega sem vottað er að uppfylli þær kröfur. Festa skal merkimiða á slíka hreyfla með textanum „Hreyfill til takmarkaðra nota í vélbúnaði framleiddur af“ og þar á eftir fylgir heiti framleiðanda upprunalegs búnaðar og einkvæm tilvísun í tilheyrandi undanþágu, til hliðar við lögboðna áletrun hreyfilsins sem sett er fram í 3. lið I. viðauka.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein geta aðildarríki veitt ESB-gerðarviðurkenningu og heimilað setningu hreyfla í flokki RLL á markað með hámarksnettóafli yfir 2000 kW sem samræmast ekki þeim losunarmörkum sem sett eru fram í II. viðauka, sem ætlaðir eru til uppsetningar í eimreiðum sem einungis keyra á tæknilega einangruðu 1520 mm járnbrautarneti. Þessir hreyflar skulu að lágmarki vera í samræmi við þau losunarmörk sem hreyflar urðu að uppfylla til að vera settir á markað 31. desember 2011.”

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/34/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi búnað og verndarkerfi sem eru ætluð til notkunar í hugsanlega sprengifimu lofti (Stjttíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 309).

2) í 10. gr. bætist við eftirfarandi málsgrein:

„8. Aðildarríkin geta ákveðið að þessi tilskipun gildi ekki um hreyfla sem eru uppsettir í uppskeruvélum fyrir þaðmull.“

62. gr.

Breyting á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012

Eftirfarandi liður bætist við í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 1024/2012:

„9. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1628 frá 14. september 2016 um kröfur varðandi losunarmörk mengandi lofttegunda og efnisagna og gerðarviðurkenningu brunahreyfla fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega, um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1024/2012 og (ESB) nr. 167/2013 og um breytingu og niðurfellingu tilskipunar 97/68/EB(*)“: 44. gr.

(*) Stjtið. ESB L 252, 16.9.2016, bls. 53.“

63. gr.

Breyting á reglugerð (ESB) nr. 167/2013

Ákvæðum 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 er breytt sem hér segir:

1) í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Ákvæðin um hreyfilflokka, mörk fyrir losun með útblæstri, prófunarlotur, endingartíma innan losunarmarka, kröfur er varða losun með útblæstri, vöktun losunar frá hreyflum sem eru í notkun og framkvæmd mælinga og prófana skulu gilda ásamt umbreytingarákvæðum og ákvæðum til að heimila flýtimeðferð á ESB-gerðarviðurkenningu og setningu hreyfla í V. áfanga á markað sem mælt er fyrir um fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1628(*) og þær framseldu gerðir og framkvæmdargerðir sem eru samþykktar samkvæmt henni.

Að því er varðar dráttarvélar í flokkum T2, T4.1 og C2 og setningu þeirra á markað, skráningu þeirra eða að þær séu teknar í notkun, skulu hreyflar á aflsviðinu 56-130 kW sem uppfylla kröfurnar í III. áfanga B teljast vera umbreytingarhreyflar eins og skilgreint er í 32. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1628.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1628 frá 14. september 2016 um kröfur varðandi losunarmörk mengandi lofttegunda og efnisagna og gerðarviðurkenningu brunahreyfla fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega, um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1024/2012 og (ESB) nr. 167/2013 og um breytingu og niðurfellingu tilskipunar 97/68/EB (Stjtið. ESB L 252, 16.9.2016, bls. 53),“

2) eftirfarandi undirgrein bætist við í 6. mgr.:

„Þrátt fyrir grunnregluna sem sett er fram í annarri undirgrein skal framkvæmdastjórninni veitt vald til að breyta, eigi síðar en 31. desember 2016, framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/96(*) þannig að:

- a) tímabil frestunar sem sett er fram í 4. mgr. 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/96 verði fjögur ár að því er varðar ESB-gerðarviðurkenningu fyrir dráttarvélar í flokkum T2, T4.1 og C2 og
- b) samkvæmt sveigjanleikaáætluninni sem um getur í 14. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/96 er sveigjanleikinn sem leyfður er samkvæmt lið 1.1.1 í V. viðauka þeirrar framseldu reglugerðar aukinn í 150% fyrir dráttarvélar í flokkum T2, T4.1 og C2.

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/96 frá 1. október 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 að því er varðar kröfur um vistvænleika og afköst knúningseiningar ökutækja fyrir landbúnað og skógrækt (Stjtið. ESB L 16, 23.1.2015, bls. 1).“

64. gr.

Niðurfelling

1. Með fyrirvara um 1. til 4. mgr. 58. gr. þessarar reglugerðar er tilskipun 97/68/EB felld úr gildi frá og með 1. janúar 2017.
2. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa reglugerð.

65. gr.

Gildistaka og framkvæmd

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
2. Reglugerð þessi kemur til framkvæmda 1. janúar 2017, að undanskilinni 61. gr. sem kemur til framkvæmda 6. október 2016.

Frá 6. október 2016 skulu viðurkenningaryfirvöld ekki synja um veitingu ESB-gerðarviðurkenningar fyrir nýja gerð hreyfils eða nýjan hreyflahóp né banna setningu á markað þegar sú gerð hreyfils eða sá hreyflahópur uppfyllir ákvæði II., III., IV. og VIII. kafla og framseldu gerðanna og framkvæmdargerðanna sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 14. september 2016.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

M. SCHULZ

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

I. KORČOK

forseti.

I. VIÐAUKI

Skilgreining á undirflokkum hreyfla sem um getur í 4. gr.

Tafla I-1: Undirflokkar hreyfillokks NRE sem er skilgreindur í 1. lið 1. mgr. 4. gr.

Flokkur	Gerð kveikju	Hraði í notkun	Aflsvið (kW)	Undirflokkur	Viðmiðunarafl
NRE	CI	breytilegur	$0 < P < 8$	NRE-v-1	Hámarksnettóafli
	CI		$8 \leq P < 19$	NRE-v-2	
	CI		$19 \leq P < 37$	NRE-v-3	
	CI		$37 \leq P < 56$	NRE-v-4	
	allar		$56 \leq P < 130$	NRE-v-5	
			$130 \leq P \leq 560$	NRE-v-6	
			$P > 560$	NRE-v-7	
	CI	jafn	$0 < P < 8$	NRE-c-1	Nettónafnafl
	CI		$8 \leq P < 19$	NRE-c-2	
	CI		$19 \leq P < 37$	NRE-c-3	
	CI		$37 \leq P < 56$	NRE-c-4	
	allar		$56 \leq P < 130$	NRE-c-5	
			$130 \leq P \leq 560$	NRE-c-6	
			$P > 560$	NRE-c-7	

Tafla I-2: Undirflokkar hreyfillokks NRG sem er skilgreindur í 2. lið 1. mgr. 4. gr.

Flokkur	Gerð kveikju	Hraði í notkun	Aflsvið (kW)	Undirflokkur	Viðmiðunarafl
NRG	allar	breytilegur	$P > 560$	NRG-v-1	Hámarksnettóafli
		jafn	$P > 560$	NRG-c-1	Nettónafnafl

Tafla I-3: Undirflokkar hreyfillokks NRSh sem er skilgreindur í 3. lið 1. mgr. 4. gr.

Flokkur	Gerð kveikju	Hraði í notkun	Aflsvið (kW)	Sprengirými (cm ³)	Undirflokkur	Viðmiðunarafl
NRSh	SI	breytilegur eða jafn	$0 < P < 19$	$SV < 50$	NRSh-v-1a	Hámarksnettóafli
				$SV \geq 50$	NRSh-v-1b	

Tafla I-4: Undirflokkar hreyfilflokks NRS sem er skilgreindur í 4. lið 1. mgr. 4. gr.

Flokkur	Gerð kveikju	Hraði í notkun	Aflsvið (kW)	Sprengirými (SV) (cm ³)	Undirflokkur	Viðmiðunarafl		
NRS	SI	breytilegur ≥ 3600 snún./mín., eða jafn	$0 < P < 19$	$80 \leq SV < 225$	NRS-vr-1a	Hámarksnettóafll		
				$SV \geq 225$	NRS-vr-1b			
				$80 \leq SV < 225$	NRS-vi-1a			
				$SV \geq 225$	NRS-vi-1b			
		breytilegur < 3600 snún./mín.	$19 \leq P < 30$	$SV \leq 1000$	NRS-v-2a		Hámarksnettóafll	
				$SV > 1000$	NRS-v-2b			
				$30 \leq P < 56$	allt		NRS-v-3	Hámarksnettóafll

Fyrir hreyfla í vélbúnaði, öðrum en vélbúnaði sem haldið er á, sem eru < 19 kW með $SV < 80$ cm³, skulu notaðir hreyflar í flokki NRS.

Tafla I-5: Undirflokkar hreyfilflokks IWP sem er skilgreindur í 5. lið 1. mgr. 4. gr.

Flokkur	Gerð kveikju	Hraði í notkun	Aflsvið (kW)	Undirflokkur	Viðmiðunarafl
IWP	allar	breytilegur	$19 \leq P < 75$	IWP-v-1	Hámarksnettóafll
			$75 \leq P < 130$	IWP-v-2	
			$130 \leq P < 300$	IWP-v-3	
			$P \geq 300$	IWP-v-4	
		jafn	$19 \leq P < 75$	IWP-c-1	Nettónafnafl
			$75 \leq P < 130$	IWP-c-2	
			$130 \leq P < 300$	IWP-c-3	
			$P \geq 300$	IWP-c-4	

Tafla I-6: Undirflokkar hreyfilflokks IWA sem er skilgreindur í 6. lið 1. mgr. 4. gr.

Flokkur	Gerð kveikju	Hraði í notkun	Aflsvið (kW)	Undirflokkur	Viðmiðunarafl
IWA	allar	breytilegur	$19 \leq P < 75$	IWA-v-1	Hámarksnettóafll
			$75 \leq P < 130$	IWA-v-2	
			$130 \leq P < 300$	IWA-v-3	
			$P \geq 300$	IWA-v-4	

Flokkur	Gerð kveikju	Hraði í notkun	Aflsvið (kW)	Undirflokkur	Viðmiðunarafl
		jafn	$19 \leq P < 75$	IWA-c-1	Nettónafnafl
			$75 \leq P < 130$	IWA-c-2	
			$130 \leq P < 300$	IWA-c-3	
			$P \geq 300$	IWA-c-4	

Tafla I-7: Undirflokkar hreyfilflokks RLL sem er skilgreindur í 7. lið 1. mgr. 4. gr.

Flokkur	Gerð kveikju	Hraði í notkun	Aflsvið (kW)	Undirflokkur	Viðmiðunarafl
RLL	allar	breytilegur	$P > 0$	RLL-v-1	Hámarksnettóafli
		jafn	$P > 0$	RLL-c-1	Nettónafnafl

Tafla I-8: Undirflokkar hreyfilflokks RLR sem er skilgreindur í 8. lið 1. mgr. 4. gr.

Flokkur	Gerð kveikju	Hraði í notkun	Aflsvið (kW)	Undirflokkur	Viðmiðunarafl
RLR	allar	breytilegur	$P > 0$	RLR-v-1	Hámarksnettóafli
		jafn	$P > 0$	RLR-c-1	Nettónafnafl

Tafla I-9: Undirflokkar hreyfilflokks SMB sem er skilgreindur í 9. lið 1. mgr. 4. gr.

Flokkur	Gerð kveikju	Hraði í notkun	Aflsvið (kW)	Undirflokkur	Viðmiðunarafl
SMB	SI	breytilegur eða jafn	$P > 0$	SMB-v-1	Hámarksnettóafli

Tafla I-10: Undirflokkar hreyfilflokks ATS sem er skilgreindur í 10. lið 1. mgr. 4. gr.

Flokkur	Gerð kveikju	Hraði í notkun	Aflsvið (kW)	Undirflokkur	Viðmiðunarafl
ATS	SI	breytilegur eða jafn	$P > 0$	ATS-v-1	Hámarksnettóafli

II. VIÐAUKI

Mörk fyrir losun með útblæstri sem um getur í 2. mgr. 18. gr.

Tafla II-1: Losunarmörk í V. áfanga fyrir hreyfilflokk NRE sem er skilgreindur í 1. lið 1. mgr. 4. gr.

Losunaráfangi	Undirflokkur hreyfils	Aflsvið	Gerð kveikju	CO	HC	NO _x	Massi efnisagna	Fjöldi agna	A
		kW		g/kWh	g/kWh	g/kWh	g/kWh	#/kWh	
V. áfangi	NRE-v-1 NRE-c-1	0 < P < 8	CI	8,00	(HC + NO _x ≤ 7,50)		0,40 ⁽¹⁾	—	1,10
V. áfangi	NRE-v-2 NRE-c-2	8 ≤ P < 19	CI	6,60	(HC + NO _x ≤ 7,50)		0,40	—	1,10
V. áfangi	NRE-v-3 NRE-c-3	19 ≤ P < 37	CI	5,00	(HC + NO _x ≤ 4,70)		0,015	1 × 10 ¹²	1,10
V. áfangi	NRE-v-4 NRE-c-4	37 ≤ P < 56	CI	5,00	(HC + NO _x ≤ 4,70)		0,015	1 × 10 ¹²	1,10
V. áfangi	NRE-v-5 NRE-c-5	56 ≤ P < 130	allar	5,00	0,19	0,40	0,015	1 × 10 ¹²	1,10
V. áfangi	NRE-v-6 NRE-c-6	130 ≤ P ≤ 560	allar	3,50	0,19	0,40	0,015	1 × 10 ¹²	1,10
V. áfangi	NRE-v-7 NRE-c-7	P > 560	allar	3,50	0,19	3,50	0,045	—	6,00

(¹) 0,60 fyrir loftkælda hreyfla með beinni innsprautun sem hægt er að ræsa með handafli

Tafla II-2: Losunarmörk í V. áfanga fyrir hreyfilflokk NRG sem er skilgreindur í 2. lið 1. mgr. 4. gr.

Losunaráfangi	Undirflokkur hreyfils	Aflsvið	Gerð kveikju	CO	HC	NO _x	Massi efnisagna	Fjöldi agna	A
		kW		g/kWh	g/kWh	g/kWh	g/kWh	#/kWh	
V. áfangi	NRG-v-1 NRG-c-1	P > 560	allar	3,50	0,19	0,67	0,03 ⁵	—	6,00

Tafla II-3: Losunarmörk í V. áfanga fyrir hreyfilflokk NRSh sem er skilgreindur í 3. lið 1. mgr. 4. gr.

Losunaráfangi	Undirflokkur hreyfils	Aflsvið	Gerð kveikju	CO	HC + NO _x
		kW		g/kWh	g/kWh
V. áfangi	NRSh-v-1a	0 < P < 19	SI	805	50
V. áfangi	NRSh-v-1b			603	72

Tafla II-4: Losunarmörk í V. áfanga fyrir hreyfilflokk NRS sem er skilgreindur í 4. lið 1. mgr. 4. gr.

Losunaráfangi	Undirflokkur hreyfils	Aflsvið	Gerð kveikju	CO	HC + NO _x
		kW		g/kWh	g/kWh
V. áfangi	NRS-vr-1a NRS-vi-1a	0 < P < 19	S ¹	610	10
V. áfangi	NRS-vr-1b NRS-vi-1b			610	8
V. áfangi	NRS-v-2a	19 ≤ P ≤ 30		610	8
V. áfangi	NRS-v-2b NRS-v-3	19 ≤ P < 56		4,40 (*)	2,70 (*)

(*) Valfrjálst, sem annar kostur, allar samsetningar gilda sem uppfylla jöfnuna $(HC + NO_x) \times CO_{0,784} \leq 8,57$ ásamt eftirfarandi skilyrðum: $CO \leq 20,6$ g/kWh og $(HC + NO_x) \leq 2,7$ g/kWh

Tafla II-5: Losunarmörk í V. áfanga fyrir hreyfilflokk IWP sem er skilgreindur í 5. lið 1. mgr. 4. gr.

Losunaráfangi	Undirflokkur hreyfils	Aflsvið	Gerð kveikju	CO	HC	NO _x	Massi efnisagna	Fjöldi agna	A
		kW		g/kWh	g/kWh	g/kWh	g/kWh	#/kWh	
V. áfangi	IWP-v-1 IWP-c-1	19 ≤ P < 75	allar	5,00	(HC + NO _x ≤ 4,70)		0,3 ⁰	—	6,00
V. áfangi	IWP-v-2 IWP-c-2	75 ≤ P < 130	allar	5,00	(HC + NO _x ≤ 5,40)		0,14	—	6,00
V. áfangi	IWP-v-3 IWP-c-3	130 ≤ P < 300	allar	3,50	1,00	2,10	0,10	—	6,00
V. áfangi	IWP-v-4 IWP-c-4	P ≥ 300	allar	3,50	0,19	1,80	0,015	1 × 10 ¹²	6,00

Tafla II-6: Losunarmörk í V. áfanga fyrir hreyfilflokk IWA sem er skilgreindur í 6. lið 1. mgr. 4. gr.

Losunaráfangi	Undirflokkur hreyfils	Aflsvið	Gerð kveikju	CO	HC	NO _x	Massi efnisagna	Fjöldi agna	A
		kW		g/kWh	g/kWh	g/kWh	g/kWh	#/kWh	
V. áfangi	IWA-v-1 IWA-c-1	19 ≤ P < 75	allar	5,00	(HC + NO _x ≤ 4,70)		0,3 ⁰	—	6,00
V. áfangi	IWA-v-2 IWA-c-2	75 ≤ P < 130	allar	5,00	(HC + NO _x ≤ 5,40)		0,14	—	6,00

Losunaráfangi	Undirflokkur hreyfils	Aflsvið	Gerð kveikju	CO	HC	NO _x	Massi efnisagna	Fjöldi agna	A
		kW		g/kWh	g/kWh	g/kWh	g/kWh	#/kWh	
V. áfangi	IWA-v-3 IWA-c-3	$130 \leq P < 300$	allar	3,50	1,00	2,10	0,10	—	6,00
V. áfangi	IWA-v-4 IWA-c-4	$P \geq 300$	allar	3,50	0,19	1,80	0,015	1×10^{12}	6,00

Tafla II-7: Losunarmörk í V. áfanga fyrir hreyfilflokk RLL sem er skilgreindur í 7. lið 1. mgr. 4. gr.

Losunaráfangi	Undirflokkur hreyfils	Aflsvið	Gerð kveikju	CO	HC	NO _x	Massi efnisagna	Fjöldi agna	A
		kW		g/kWh	g/kWh	g/kWh	g/kWh	#/kWh	
V. áfangi	RLL-c-1 RLL-v-1	$P > 0$	allar	3,50	$(HC + NO_x \leq 4,00)$		0,02 ⁵	—	6,00

Tafla II-8: Losunarmörk í V. áfanga fyrir hreyfilflokk RLR sem er skilgreindur í 8. lið 1. mgr. 4. gr.

Losunaráfangi	Undirflokkur hreyfils	Aflsvið	Gerð kveikju	CO	HC	NO _x	Massi efnisagna	Fjöldi agna	A
		kW		g/kWh	g/kWh	g/kWh	g/kWh	#/kWh	
V. áfangi	RLR-c-1 RLR-v-1	$P > 0$	allar	3,50	0,19	2,00	0,01 ⁵	1×10^{12}	6,00

Tafla II-9: Losunarmörk í V. áfanga fyrir hreyfilflokk SMB sem er skilgreindur í 9. lið 1. mgr. 4. gr.

Losunaráfangi	Undirflokkur hreyfils	Aflsvið	Gerð kveikju	CO	NO _x	HC
		kW		g/kWh	g/kWh	g/kWh
V. áfangi	SMB-v-1	$P > 0$	SI	27 ⁵	—	75

Tafla II-10: Losunarmörk í V. áfanga fyrir hreyfilflokk ATS sem er skilgreindur í 10. lið 1. mgr. 4. gr.

Losunaráfangi	Undirflokkur hreyfils	Aflsvið	Gerð kveikju	CO	HC + NO _x
		kW		g/kWh	g/kWh
V. áfangi	ATS-v-1	$P > 0$	SI	400	8


Sértæk ákvæði um mörk heildarvetniskolefna (HC) fyrir hreyfla sem eru knúnir loftkenndu eldsneyti að öllu leyti eða að hluta til

1. Fyrir undirflokk þar sem A-þáttur er skilgreindur koma, í stað heildarvetniskolefnamarkanna fyrir hreyfla sem eru að öllu leyti eða að hluta til knúnir loftkenndu eldsneyti, sem eru tilgreindir í töflum II-1 til II-10, mörk sem reiknuð eru út með eftirfarandi formúlu:

$$HC = 0,19 + (1,5 \times A \times GER)$$

þar sem GER er meðaltal gasorkuhlutfalls meðan á viðeigandi prófunarlotu stendur. Ef bæði prófunarlota með stöðugu ástandi og svipul prófunarlota eiga við skal GER ákvarðast út frá svipulu prófunarlotunni með heitræsing. Ef fleiri en ein prófunarlota með stöðugu ástandi á við skal meðaltal GER ákvarðast fyrir hverja lotu fyrir sig.

Ef útreiknuðu heildarvetniskolefnamörkin fara yfir gildið $0,19 + A$ skulu mörkin fyrir heildarvetniskolefni stillt á $0,19 + A$.



Mynd 1. Skýringarmynd sem sýnir losunarmörk fyrir heildarvetniskolefni sem fall af meðaltali GER.

2. Fyrir undirflokk með sameiginleg mörk fyrir heildarvetniskolefni og köfnunarefnisoxíð skal lækka sameiginlegu viðmiðunarmörkin fyrir heildarvetniskolefni og köfnunarefnisoxíð um $0,19 \text{ g/kWh}$ og þau látin gilda einungis um köfnunarefnisoxíð.
3. Formúlan er ekki notuð fyrir hreyfla sem eru ekki knúnir loftkenndu eldsneyti.

III. VIÐAUKI

Tímaáætlun fyrir beitingu þessarar reglugerðar að því er varðar ESB-gerðarviðurkenningar og setningu á markað

Tafla III-1: Dagsetningar þegar reglugerðin kemur til framkvæmda fyrir hreyfilflokk NRE

Flokkur	Gerð kveikju	Aflsvið (kW)	Undirflokkur	Lögboðin dagsetning þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda að því er varðar	
				ESB-gerðarviðurkenningu hreyfla	Setningu hreyfla á markað
NRE	CI	$0 < P < 8$	NRE-v-1 NRE-c-1	1. janúar 2018	1. janúar 2019
	CI	$8 \leq P < 19$	NRE-v-2 NRE-c-2		
	CI	$19 \leq P < 37$	NRE-v-3 NRE-c-3	1. janúar 2018	1. janúar 2019
		$37 \leq P < 56$	NRE-v-4 NRE-c-4		
	allar	$56 \leq P < 130$	NRE-v-5 NRE-c-5	1. janúar 2019	1. janúar 2020
		$130 \leq P \leq 560$	NRE-v-6 NRE-c-6	1. janúar 2018	1. janúar 2019
		$P > 560$	NRE-v-7 NRE-c-7	1. janúar 2018	1. janúar 2019

Tafla III-2: Dagsetningar þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda fyrir hreyfilflokk NRG

Flokkur	Gerð kveikju	Aflsvið (kW)	Undirflokkur	Lögboðin dagsetning þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda að því er varðar	
				ESB-gerðarviðurkenningu hreyfla	Setningu hreyfla á markað
NRG	allar	$P > 560$	NRG-v-1 NRG-c-1	1. janúar 2018	1. janúar 2019

Tafla III-3: Dagsetningar þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda fyrir hreyfilflokk NRSh

Flokkur	Gerð kveikju	Aflsvið (kW)	Undirflokkur	Lögboðin dagsetning þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda að því er varðar	
				ESB-gerðarviðurkenningu hreyfla	Setningu hreyfla á markað
NRSh	SI	$0 < P < 19$	NRSh-v-1a NRSh-v-1b	1. janúar 2018	1. janúar 2019

Tafla III-4: Dagsetningar þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda fyrir hreyfilflokk NRS

Flokkur	Gerð kveikju	Aflsvið (kW)	Undirflokkur	Lögboðin dagsetning þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda að því er varðar	
				ESB-gerðarviðurkenningu hreyfla	Setningu hreyfla á markað
NRS	SI	$0 < P < 56$	NRS-vr-1a NRS-vi-1a NRS-vr-1b NRS-vi-1b NRS-v-2a NRS-v-2b NRS-v-3	1. janúar 2018	1. janúar 2019

Tafla III-5: Dagsetningar þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda fyrir hreyfilflokk IWP

Flokkur	Gerð kveikju	Aflsvið (kW)	Undirflokkur	Lögboðin dagsetning þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda að því er varðar	
				ESB-gerðarviðurkenningu hreyfla	Setningu hreyfla á markað
IWP	allar	$19 \leq P < 300$	IWP-v-1 IWP-c-1 IWP-v-2 IWP-c-2 IWP-v-3 IWP-c-3	1. janúar 2018	1. janúar 2019
		$P \geq 300$	IWP-v-4 IWP-c-4	1. janúar 2019	1. janúar 2020

Tafla III-6: Dagsetningar þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda fyrir hreyfilflokk IWA

Flokkur	Gerð kveikju	Aflsvið (kW)	Undirflokkur	Lögboðin dagsetning þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda að því er varðar	
				ESB-gerðarviðurkenningu hreyfla	Setningu hreyfla á markað
IWA	allar	$19 \leq P < 300$	IWA-v-1 IWA-c-1 IWA-v-2 IWA-c-2 IWA-v-3 IWA-c-3	1. janúar 2018	1. janúar 2019
		$P \geq 300$	IWA-v-4 IWA-c-4	1. janúar 2019	1. janúar 2020

Tafla III-7: Dagsetningar þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda fyrir hreyfilflokk RLL

Flokkur	Gerð kveikju	Aflsvið (kW)	Undirflokkur	Lögboðin dagsetning þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda að því er varðar	
				ESB-gerðarviðurkenningu hreyfla	Setningu hreyfla á markað
RLL	allar	$P > 0$	RLL-v-1 RLL-c-1	1. janúar 2020	1. janúar 2021

Tafla III-8: Dagsetningar þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda fyrir hreyfilflokk RLR

Flokkur	Gerð kveikju	Aflsvið (kW)	Undirflokkur	Lögboðin dagsetning þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda að því er varðar	
				ESB-gerðarviðurkenningu hreyfla	Setningu hreyfla á markað
RLR	allar	$P > 0$	RLR-v-1 RLR-c-1	1. janúar 2020	1. janúar 2021

Tafla III-9: Dagsetningar þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda fyrir hreyfilflokk SMB

Flokkur	Gerð kveikju	Aflsvið (kW)	Undirflokkur	Lögboðin dagsetning þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda að því er varðar	
				ESB-gerðarviðurkenningu hreyfla	Setningu hreyfla á markað
SMB	SI	$P > 0$	SMB-v-1	1. janúar 2018	1. janúar 2019

Tafla III-10: Dagsetningar þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda fyrir hreyfilflokk ATS

Flokkur	Gerð kveikju	Aflsvið (kW)	Undirflokkur	Lögboðin dagsetning þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda að því er varðar	
				ESB-gerðarviðurkenningu hreyfla	Setningu hreyfla á markað
ATS	SI	$P > 0$	ATS-v-1	1. janúar 2018	1. janúar 2019

IV. VIÐAUKI

Prófunarlota með stöðugu ástandi utan vega (NRSC)

Tafla IV-1: NRSC-prófunarlotur fyrir hreyfla í flokki NRE

Flokkur	Hraði í notkun	Tilgangur	Undirflokkur	NRSC
NRE	breytilegur	Hreyfill með breytilegum hraða með minna viðmiðunarafl en 19 kW	NRE-v-1 NRE-v-2	G2 eða C1
		Hreyfill með breytilegum hraða með viðmiðunarafl meira en eða jafnt og 19 kW en ekki meira en 560 kW	NRE-v-3 NRE-v-4 NRE-v-5 NRE-v-6	C1
		Hreyfill með breytilegum hraða með viðmiðunarafl yfir 560 kW	NRE-v-7	C1
	jafn	Jafnhraðahreyfill	NRE-c-1 NRE-c-2 NRE-c-3 NRE-c-4 NRE-c-5 NRE-c-6 NRE-c-7	D2

Tafla IV-2: NRSC-prófunarlotur fyrir hreyfla í flokki NRG

Flokkur	Hraði í notkun	Tilgangur	Undirflokkur	NRSC
NRG	breytilegur	Hreyfill með breytilegum hraða fyrir rafalásamstæðu	NRG-v-1	C1
	jafn	Jafnhraðahreyfill fyrir rafalásamstæðu	NRG-c-1	D2

Tafla IV-3: NRSC-prófunarlotur fyrir hreyfla í flokki NRSh

Flokkur	Hraði í notkun	Tilgangur	Undirflokkur	NRSC
NRSh	breytilegur eða jafn	Hreyfill með viðmiðunarafl ekki meira en 19 kW til nota í handverkfærum	NRSh-v-1a NRSh-v-1b	G3

Tafla IV-4: NRSC-prófunarlotur fyrir hreyfla í flokki NRS

Flokkur	Hraði í notkun	Tilgangur	Undirflokkur	NRSC
NRS	Breytilegur < 3600 snún./mín.	Hreyfill með breytilegum hraða með viðmiðunarafl ekki meira en 19 kW, ætlaður til nota við < 3600 snún./mín.	NRS-vi-1a NRS-vi-1b	G1

Flokkur	Hraði í notkun	Tilgangur	Undirflokkur	NRSC
	Breytilegur ≥ 3600 snún./ mín., eða jafn	Hreyfill með breytilegum hraða með viðmiðunarafl ekki meira en 19 kW, ætlaður til nota í ≥ 3600 rpm; jafnhraðahreyfill með viðmiðunarafl ekki meira en 19 kW	NRS-vr-1a NRS-vr-1b	G2
	breytilegur eða jafn	Hreyfill með bæði viðmiðunarafl milli 19 kW og 30 kW og heildarsprengirými undir 1 lítra	NRS-v-2a	G2
		Hreyfill með viðmiðunarafl yfir 19 kW, annar en hreyfill með bæði viðmiðunarafl milli 19kW og 30 kW og heildarsprengirými undir 1 lítra	NRS-v-2b NRS-v-3	C2

Tafla IV-5: NRSC-prófunarlotur fyrir hreyfla í flokki IWP

Flokkur	Hraði í notkun	Tilgangur	Undirflokkur	NRSC
IWP	breytilegur	Hreyfill með breytilegum hraða ætlaður til knúnings með föstum skurði	IWP-v-1 IWP-v-2 IWP-v-3 IWP-v-4	E3
	jafn	Jafnhraðahreyfill ætlaður til knúnings með skiptiskrúfu eða raftengdri skrúfu	IWP-c-1 IWP-c-2 IWP-c-3 IWP-c-4	E2

Tafla IV-6: NRSC-prófunarlotur fyrir hreyfla í flokki IWA

Flokkur	Hraði í notkun	Tilgangur	Undirflokkur	NRSC
IWA	breytilegur	Hreyfill með breytilegum hraða ætlaður til aukantunar í skipum í siglingum á skipgengum vatnaleiðum	IWA-v-1 IWA-v-2 IWA-v-3 IWA-v-4	C1
	jafn	Jafnhraðahreyfill ætlaður til aukantunar í skipum í siglingum á skipgengum vatnaleiðum	IWA-c-1 IWA-c-2 IWA-c-3 IWA-c-4	D2

Tafla IV-7: NRSC-prófunarlotur fyrir hreyfla í flokki RLL

Flokkur	Hraði í notkun	Tilgangur	Undirflokkur	NRSC
RLL	breytilegur	Hreyfill með breytilegum hraða til að knýja eimreiðar	RLL-v-1	F
	jafn	Jafnhraðahreyfill til að knýja eimreiðar	RLL-c-1	D2

Tafla IV-8: NRSC-prófunarlotur fyrir hreyfla í flokki RLR

Flokkur	Hraði í notkun	Tilgangur	Undirflokkur	NRSC
RLR	breytilegur	Hreyfill með breytilegum hraða til að knýja sporreiðar	RLR-v-1	C1
	jafn	Jafnhraðahreyfill til að knýja sporreiðar	RLR-c-1	D2

Tafla IV-9: NRSC-prófunarlotur fyrir hreyfla í flokki SBM

Flokkur	Hraði í notkun	Tilgangur	Undirflokkur	NRSC
SMB	breytilegur eða jafn	Hreyflar sem eru notaðir til að knýja vélsleða	SMB-v-1	H

Tafla IV-10: NRSC-prófunarlotur fyrir hreyfla í flokki ATS

Flokkur	Hraði í notkun	Tilgangur	Undirflokkur	NRSC
ATS	breytilegur eða jafn	Hreyflar til að knýja torfæruökutæki og ökutæki með samhliða sætum	ATS-v-1	G1

Svipul prófunarlota utan vega

Tafla IV-11: Svipul prófunarlota utan vega fyrir hreyfla í flokki NRE

Flokkur	Hraði í notkun	Tilgangur	Undirflokkur	
NRE	breytilegur	Hreyfill með breytilegum hraða með viðmiðunarafl meira en eða jafnt og 19 kW en ekki meira en 560 kW	NRE-v-3 NRE-v-4 NRE-v-5 NRE-v-6	NRTC

Tafla IV-12: Svipul prófunarlota utan vega fyrir hreyfla í flokki NRS⁽¹⁾

Flokkur	Hraði í notkun	Tilgangur	Undirflokkur	
NRS	breytilegur eða jafn	Hreyfill með viðmiðunarafl yfir 19 kW, annar en hreyfill með bæði viðmiðunarafl milli 19 kW og 30 kW og heildarsprengirými undir 1 lítra	NRS-v-2b NRS-v-3	LSI-NRTC

⁽¹⁾ Gildir aðeins um hreyfla með hámarksprófunarhraða ≤ 3400 snún./mín.

V. VIÐAUKI

Endingartímar innan losunarmarka (EDP) sem um getur í 1. mgr. 25. gr.

Tafla V-1: EDP fyrir hreyfilflokk NRE

Flokkur	Gerð kveikju	Hraði í notkun	Aflsvið (kW)	Undirflokkur	EDP (klukkustundir)
NRE	CI	breytilegur	$0 < P < 8$	NRE-v-1	3000
	CI		$8 \leq P < 19$	NRE-v-2	
	CI		$19 \leq P < 37$	NRE-v-3	5000
	CI		$37 \leq P < 56$	NRE-v-4	8000
	allar		$56 \leq P < 130$	NRE-v-5	
			$130 \leq P \leq 560$	NRE-v-6	
			$P > 560$	NRE-v-7	
	CI	jafn	$0 < P < 8$	NRE-c-1	3000
	CI		$8 \leq P < 19$	NRE-c-2	
	CI		$19 \leq P < 37$	NRE-c-3	
	CI		$37 \leq P < 56$	NRE-c-4	8000
	allar		$56 \leq P < 130$	NRE-c-5	
			$130 \leq P \leq 560$	NRE-c-6	
			$P > 560$	NRE-c-7	

Tafla V-2: EDP fyrir hreyfilflokk NRG

Flokkur	Gerð kveikju	Hraði í notkun	Aflsvið (kW)	Undirflokkur	EDP (klukkustundir)
NRG	allar	jafn	$P > 560$	NRG-v-1	8000
		breytilegur		NRG-c-1	

Tafla V-3: EDP fyrir hreyfilflokk NRSh

Flokkur	Gerð kveikju	Hraði í notkun	Aflsvið (kW)	Sprengirými (SV) (cm ³)	Undirflokkur	EDP (klukkustundir)
NRSh	SI	breytilegur eða jafn	$0 < P < 19$	$SV < 50$	NRSh-v-1a	50/125/300 ⁽¹⁾
				$SV \geq 50$	NRSh-v-1b	

⁽¹⁾ EDP-klukkustundir samræmast EDP-flokkunum 1. fl./2. fl./3. fl. eins og skilgreint er í framseldum gerðum sem eru samþykktar samkvæmt þessari reglugerð.

Tafla V-4: EDP fyrir hreyfilflokk NRS

Flokkur	Gerð kveikju	Hraði í notkun	Aflsvið (kW)	Sprengirými (SV) (cm ³)	Undirflokkur	EDP (klukkustundir)	
NRS	SI	Breytilegur ≥ 3600 snún./mín., eða jafn	0 < P < 19	80 ≤ SV < 225	NRS-vr-1a	125/250/500 ⁽¹⁾	
		breytilegur < 3600 sn ún./mín.			NRS-vi-1a		
		Breytilegur ≥ 3600 snún./mín., eða jafn			SV ≥ 225	NRS-vr-1b	250/500/ 1000 ⁽¹⁾
		Breytilegur < 3600 snún./mín.				NRS-vi-1b	
		breytilegur eða jafn	19 ≤ P < 30	SV ≤ 1000	NRS-v-2a	1000	
				SV > 1000	NRS-v-2b	5000	
			30 ≤ P < 56	allt	NRS-v-3	5000	

(¹) EDP-klukkustundir samræmast EDP-flokkunum 1. fl./2. fl./3. fl. eins og skilgreint er í framseldum gerðum sem eru samþykktar samkvæmt þessari reglugerð.

Tafla V-5: EDP fyrir hreyfilflokk IWP

Flokkur	Gerð kveikju	Hraði í notkun	Aflsvið (kW)	Undirflokkur	EDP (klukkustundir)
IWP	allar	breytilegur	19 ≤ P < 75	IWP-v-1	10000
			75 ≤ P < 130	IWP -v-2	
			130 ≤ P < 300	IWP -v-3	
			P ≥ 300	IWP -v-4	
		jafn	19 ≤ P < 75	IWP -c-1	10000
			75 ≤ P < 130	IWP -c-2	
			130 ≤ P < 300	IWP -c-3	
			P ≥ 300	IWP -c-4	

Tafla V-6: EDP fyrir hreyfilflokk IWA

Flokkur	Gerð kveikju	Hraði í notkun	Aflsvið (kW)	Undirflokkur	EDP (klukkustundir)
IWA	allar	breytilegur	19 ≤ P < 75	IWA-v-1	10000
			75 ≤ P < 130	IWA -v-2	
			130 ≤ P < 300	IWA -v-3	
			P ≥ 300	IWA -v-4	

Flokkur	Gerð kveikju	Hraði í notkun	Aflsvið (kW)	Undirflokkur	EDP (klukkustundir)
		jafn	$19 \leq P < 75$	IWA -c-1	10000
			$75 \leq P < 130$	IWA -c-2	
			$130 \leq P < 300$	IWA -c-3	
			$P \geq 300$	IWA -c-4	

Tafla V-7: EDP fyrir hreyfilflokk RLL

Flokkur	Gerð kveikju	Hraði í notkun	Aflsvið (kW)	Undirflokkur	EDP (klukkustundir)
RLL	allar	breytilegur	$P > 0$	RLL-v-1	10000
		jafn	$P > 0$	RLL-c-1	

Tafla V-8: EDP fyrir hreyfilflokk RLR

Flokkur	Gerð kveikju	Hraði í notkun	Aflsvið (kW)	Undirflokkur	EDP (klukkustundir)
RLR	allar	breytilegur	$P > 0$	RLR-v-1	10000
		jafn	$P > 0$	RLR-c-1	

Tafla V-9: EDP fyrir hreyfilflokk SMB

Flokkur	Gerð kveikju	Hraði í notkun	Aflsvið (kW)	Undirflokkur	EDP (klukkustundir)
SMB	SI	breytilegur eða jafn	$P > 0$	SMB-v-1	400 ⁽¹⁾

⁽¹⁾ Einnig er 8000 km endingartími innan losunarmarka leyfður

Tafla V-10: EDP fyrir hreyfilflokk ATS

Flokkur	Gerð kveikju	Hraði í notkun	Aflsvið (kW)	Undirflokkur	EDP (klukkustundir)
ATS	SI	breytilegur eða jafn	$P > 0$	ATS-v-1	500/1000 ⁽¹⁾

⁽¹⁾ EDP-klukkustundir samsvara eftirfarandi heildarsprengirými hreyfils: $< 100 \text{ cm}^3 / \geq 100 \text{ cm}^3$.

VI. VIÐAUKI

Viðmiðunarmörk fyrir losun hreyfils með sérstakan tilgang (SPE) sem um getur í 5. mgr. 34. gr.

Tafla VI-1: SPE-viðmiðunarmörk fyrir losun fyrir hreyfilflokk NRE

Losunaráfangi	Undirflokkur hreyfils	Aflsvið	Gerð kveikju	CO	HC	NO _x	Massi efnisagna	A
		kW		g/kWh	g/kWh	g/kWh	g/kWh	
SPE	NRE-v-1 NRE-c-1	$0 < P < 8$	CI	8	7,5		0,4	6,0
SPE	NRE-v-2 NRE-c-2	$8 \leq P < 19$	CI	6,6	7,5		0,4	6,0
SPE	NRE-v-3 NRE-c-3	$19 \leq P < 37$	CI	5,5	7,5		0,6	6,0
SPE	NRE-v-4 NRE-c-4	$37 \leq P < 56$	CI	5,0	4,7		0,4	6,0
SPE	NRE-v-5 NRE-c-5	$56 \leq P < 130$	allar	5,0	4,0		0,3	6,0
SPE	NRE-v-6 NRE-c-6	$130 \leq P \leq 560$	allar	3,5	4,0		0,2	6,0
SPE	NRE-v-7 NRE-c-7	$P > 560$	allar	3,5	6,4		0,2	6,0

Tafla VI-2: SPE-viðmiðunarmörk fyrir losun fyrir hreyfilflokk NRG

Losunaráfangi	Undirflokkur hreyfils	Aflsvið	Gerð kveikju	CO	HC	NO _x	Massi efnisagna	A
		kW		g/kWh	g/kWh	g/kWh	g/kWh	
SPE	NRG-c-1 NRG-v-1	$P > 560$	allar	3,5	6,4		0,2	6,0

Tafla VI-3: SPE-viðmiðunarmörk fyrir losun fyrir hreyfilflokk RLL

Losunaráfangi	Undirflokkur hreyfils	Aflsvið	Gerð kveikju	CO	HC	NO _x	Massi efnisagna	A
		kW		g/kWh	g/kWh	g/kWh	g/kWh	
SPE	RLL-v-1 RLL-c-1	$P \leq 560$	allar	3,5	(HC + NO _x ≤ 4,0)		0,2	6,0
SPE	RLL-v-1 RLL-c-1	$P > 560$ kW	allar	3,5	0,5	6,0	0,2	6,0
SPE	RLL-v-1 RLL-c-1	$P > 2000$ kW og SVc ¹ > 5 lítrar	allar	3,5	0,4	7,4	0,2	6,0

(1) Sprengirými hvers strokks.